KRISTJÁN INGÓLFSSON

*Vill bjúgu beint úr sveitinni*

matur helgin ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




HEILSA OG LÍFSSTÍLL

*Augun eru spegill líkamans*

Sérblað um heilsu og lífsstíl

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. maí 2008 — 126. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Með Idol-stjörnu á hvíta tjaldinu**

Anita Briem leikur á móti Idol-stjörnu í The Storyteller.

FÓLK 46

**Hætt vegna meiðsla**



Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir hefur keppt á sínu síðasta móti.

ÍÞRÓTTIR 42

FÖSTUDAGUR

**Hverjar eru best og verst klæddu konur landsins?**

Allt um klæðnað kvenpeningsins í Föstudegi.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDA- OG VÆTUSAMT** Í dag verða víðast norðaustan 8-15 m/s, hvassast norðvestan til og með Suðurströndinni. Rigning eða slydda. Skúrir sunnan til síðdegis. Hiti 1-12 stig, svalast nyrðra.

VEÐUR 4

# Óvissa um smíði og rekstur nýrrar ferju

**Tilboði í smíði og rekstur nýrrar Bakkafjöruferju var hafnað þar sem það var langt yfir kostnaðaráætlun. Ekki er loku fyrir það skotið að ríkið annist verkið.**

**SAMGÖNGUMÁL** Sameiginlegt tilboð Vestmannaeyjabæjar og Vinnslustöðvarinnar í rekstur og smíði Bakkafjöruferju var sex milljörðum yfir tíu milljarða króna kostnaðaráætlun. Tilboðinu var hafnað af Siglingastofnun, sem hefur farið fram á það við Eyjamenn að tilboðið verði endurskoðað. Ekki er loku fyrir það skotið að Eyjamenn þurfi að hverfa frá verkefninu.

Sigurður Áss Grétarsson, sviðsstjóri hafnasviðs Siglingastofnunar, segir málið á viðkvæmu stigi og lítinn tíma til stefnu.

„Eyjamönnum hefur verið gefinn frestur fram í miðjan maí til að skila inn endurskoðuðu tilboði. Þetta er óþægileg staða en ekki óviðráðanleg. Ef ekki næst saman með okkur og Eyjamönnum myndum við bjóða út smíðina á skipinu sérstaklega svo það væri örugglega tilbúið árið 2010, eins og áætlað er. Rekstur ferjunnar yrði þá boðinn út sérstaklega.“ Siglingastofnun hefur nú þegar hafið útboðsvinnu á byggingu ferjunnar sérstaklega, óháð viðræðum við Eyjamenn.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, gerir ráð fyrir að nýtt tilboð verði lagt fram. „Það er þó nokkuð sem ber í milli en það lítur ágætlega út fyrir það að við náum saman á nýjum forsendum. Ferjan uppfyllir allar kröfur sem komu fram í útboðsgögnum en við höfðum takmarkaðan tíma til hönnunarinnar svo það var fyrirséð að ef af samningum verður á skipið eftir að taka einhverjum breytingum.“

Elliði segir að frá því upphaflega kostnaðaráætlun var gerð upp á rúmlega tíu milljarða hafi forsendur breyst, til dæmis hafi fjármagnskostnaður aukist. Því sé tilboðið ekki unnið eftir alveg sömu forsendum. „Lykilatriði fyrir okkur er að það hillir undir að samgöngur við Vestmannaeyjar verði stórauknar. Fyrir mig skiptir öllu máli að þetta verði vel gert en ekki hver sjái um framkvæmdina. Það skiptir mestu að traustur aðili annist verkið.“ - shá



**ÚRSLITIN RÁÐAST** Jón Arnór Stefánsson verður í aðalhlutverki í úrslitakeppninni á Ítalíu. NORDICPHOTOS/AFP

Jón Arnór Stefánsson:

## Kann vel við sig í látunum

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma hefja keppni í úrslitakeppninni á Ítalíu um helgina. Jón Arnór á von á því að komast í lokaúrslitin um ítalska meistaratitilinn í fyrsta sinn á ferlinum. Jón Arnór segir skemmtilegt að spila fyrir brjálaða stuðningsmenn og að hann kunni vel við sig í látunum. Jón Arnór segir þetta hafa verið besta tímabil sitt á Ítalíu og hann ætli sér að ljúka því með titli.

- óój / sjá síðu 42



**PÁLL ÓSKAR** Hefur ekki sungið á Þjóðhátíð síðan árið 1996.

Páll Óskar og Árni Johnsen:

## Aftur saman á Þjóðhátíð

**FÓLK Páll Óskar Hjálmtýsson mun heiðra þjóðhátíðargesti í Eyjum með nærveru sinni í fyrsta skipti frá árinu 1996, en þá kom til átaka milli hans og þingmannsins Árna Johnsen sem vöktu mikla athygli á sínum tíma.**

**Báðir segjast þeir hins vegar vera búnir að sættast og ætla sér fyrst og fremst að skemmta landi og þjóð á Þjóðhátíðinni í Herjólfsdalnum.**

- ag / sjá síðu 46



**UNGU MENNIRNIR AÐ STÖRFUM** Lars mundar skófluna en Óttar stendur í holunni þar sem þeir fundu munina sem sjá má í dallinum fyrir framan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sjö og níu ára drengir grafa uppi muni í miðbænum:

# Fundu flösku í stað fjarsjóðs

**MANNLÍF** Þeir Óttar Snær Ingvason og Lars Oliver Sveinsson fundu minjar þegar þeir grófu myndarlega holu í garði hins fyrrnefnda við Stýrimannastíg í Reykjavík fyrir nokkrum dögum.

„Við fundum nagla, kolamola og flösku,“ sagði Óttar stoltur þegar blaðamaður kom á vettvang. „Við ætlum að láta fornleifafræðing hafa þetta. Pabbi eins í bekknum mínum er fornleifafræðingur, kannski látum við hann hafa þetta,“ sagði Óttar. Þeir segjast hafa verið að grafa eftir fjarsjóði, sem þó hefur ekki enn komið í leitirnar.

Það var svo eftir mikla vinnu sem þeir fundu munina. „Við byrjuðum að grafa á grasblettinum en þá sagði pabbi að við mættum ekki grafa þar,“ útskýrir Óttar. „Þá byrjuðum við á öðrum stað og þá sagði pabbi „nei, ekki þarna“. Þá fórum við á annan stað að grafa og það var þar sem við fundum þetta.“ Þeir segjast lítið vita um munina en telja að flaskan hljóti að vera viskíflaska.

Óttar er sjö ára en Lars níu ára. Móðir Lars, Erla Árnadóttir, segir hann mikinn grúskara og vísindalega þenkjandi. - jse










## SPURNING DAGSINS



*Einar, værir þú ekki til í að skipta um hlutverk við Dorrit?*

„Það fer enginn í skóna hennar Dorritar.“

Dorrit Moussaieff þótti bera sig eins og fagmaður þegar hún kippti myndavélinni úr höndum Einars Árnasonar, kvikmyndatökumanns fréttastofu Stöðvar 2, og tók myndir af Ólafi.

Eigum prests stolið úr skrúðhúsi í Árbæjarkirkju:

# Stolið af presti í miðri giftingu

**ÞJÓFNAÐUR** Veski og farsíma var stolið af séra Þór Haukssyni úr skrúðhúsi Árbæjarkirkju meðan hann var að gifta síðdegis í fyrradag. „Í veskinu voru fimmtán þúsund krónur, en það er afar sjaldgæft að ég beri peninga á mér, og svo ökuskírteini og debetkort,“ segir Þór.

Skrúðhúsið, þar sem prestur hefur aðstöðu, er við anddyri kirkjunnar og segir Þór að því sé afar auðvelt að komast þangað inn og út óséður.

„Þar inni var einnig fartölva og vefminnisbók sem þjófurinn hreyfði ekki við til allrar hamingju því í henni hef ég skráða dagskrána mína svo ég væri nokkuð illa settur hefði ég misst hana,“ segir Þór.



**SÉRA ÞÓR HAUKSSON** Guðsmaðurinn renndi ekki grun í að verið væri að ræna hann í miðri giftingu í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir að fyrirgefningin sé aldrei langt undan hjá guðsmönnum svo því væri vel tekið ef þjófurinn sæi að sér. „Mér þætti afar vænt um að fá þó ekki væri nema veskið með ökuskírteininu aftur,“ segir hann.

Hann segir enn fremur að einhvern tímann hafi það komið fyrir í kirkjum að stolið hafi verið úr vösum fólks sem hafi skilið flíkur sínar eftir í fatahenginu en hann minnist þess ekki að stolið hafi verið úr skrúðhúsi í miðri messu. „Þetta er bara sorglegt, það er ekkert annað við þessu að segja.“ Hann segist hafa verið vanur því að læsa skrúðhúsinu þegar kirkjuvörður var ekki við eins og í þessu tilfelli. „Því miður gleymdi ég því í þetta sinn.“ **- jse**

Slökkvilið gegn Hringrás:

## Hringrás sýknuð af kröfum

**HÆSTIRÉTTUR** Hæstiréttur staðfesti í gær sýknudóm í máli Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gegn endurvinnslufyrirtækinu Hringrás.

Stórbruni varð hjá Hringrás í nóvember 2004. Slökkvilið fékk aðstoð við slökkvistörf frá verktakafyrirtækinu E.T., en vélar E.T. skemmdust í brunanum. Slökkviliðið greiddi kostnað E.T. en höfðaði mál á hendur Hringrás til að fá kostnaðinn, 25,6 milljónir króna, endurgreiddan. Í dómnum segir að lagagrundvöll hafi brostið fyrir kröfu slökkviliðsins eins og hún var sett fram og varð því að sýkna Hringrás af kröfu þess. **- kg**





**FJÖLMENNI** Þrjú til fjögur þúsund manns gengu gegn slysum í sólinni í gær FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjölmenn ganga í gær:

## Þúsundir gengu gegn slysum

**UMFERÐARMÁL** „Þetta gekk virkilega vel og allir sem tóku þátt áttu einstaka stund,“ segir Soffía Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur, ein þeirra sem áttu veg og vanda af fjöldagöngu gegn umferðarslysum í gær. Þrjú til fjögur þúsund manns tóku þátt í göngunni í blíðskaparveðri.

Tilgangur göngunnar var að votta fórnarlömbum slysa og aðstandendum þeirra samúð og stuðning, vekja almenning til umhugsunar um afleiðingar slysa og minna á að alvarleg slys koma illa við alla þá sem starfs síns vegna koma við sögu. „Það skiptir miklu máli að vekja athygli á því að slysin snerta okkur öll á svo margan, og oft lítt sýnilegan hátt,“ segir Soffía. **- kg**

**DÓMSMÁL**

### Frestun til hausts

Fyrirtöku í máli Alcan á Íslandi gegn olíufélögunum Skeljungi, Olís og Keri, áður Olíufélaginu, vegna samráðs þeirra var frestað í gær til 1. september. Aðalkrafa Alcan hljóðar upp á 190 milljónir króna.

# Notuð nál stakkst í telpu á Borgarspítala

**Foreldrar fjögurra telpu ætla að kæra Landspítalann eftir að notuð nál stakkst í fót hennar á bráðamóttöku spítalans í Fossvogi. Einstakt tilvik segir læknir á slysadeild. Telpan fær hálfs árs sprautumeðferð til að hindra hugsanlegt smit.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þau sögðu að enginn sjúklingur með smit hefði verið í þessari aðgerðarstofu en hvernig vita þau það?“ spyr móðir fjögurra stúlku sem stakk sig á notaðri nál á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi.

Litla stúlkan, Lilja Dís Hólmarsdóttir, hafði meitt sig á fæti á leikskólanum nokkrum dögum fyrr þegar móðir hennar fór með hana á bráðamóttökuna að kvöldi 4. apríl síðastliðins. „Það var farið að bólgna undir nögl hjá henni svo ég fór með hana á spítalann. Þegar við höfðum beðið litla stund inni í einni aðgerðarstofunni fór hún allt í einu að gráta. Þá hafði notuð saumnál, sem legið hafði á gólfinu, stungist inn í hælinn á henni,“ lýsir Helena.

Að sögn Helenu sagði starfsfólk sjúkrahússins, sem kom aðvífandi, að um mjög alvarlegt mál væri að ræða þótt það teldi fullvíst að engin hætta væri á ferðum þar sem því vitanlega hefði enginn með smitsjúkdóma fengið meðferð á þessari stofu þá um daginn. Hins vegar þyrfti Lilja Dís á hálfs árs lyfjameðferð að halda til öryggis.

„Lilju Dís var gefin sprauta vegna lifrarbólgu C og einhverra fleira sjúkdóma og okkur sagt að koma með hana í aðra sprautu eftir mánuð,“ segir Helena, sem einmitt í gær fór ásamt Hólmari Frey Oddgeirssyni, barnsföður sínum, með dóttur þeirra í næstu sprautu.

„Nú fórum við upp á barnadeildina á Landspítalann í Hringbraut. Læknirinn þar sagði það gríðarlega ámælisvert að barnið skyldi hafa getað stungið sig á notaðri nál inni á spítalanum. Hann sagði mikilvægt að kæra slík tilvik og hvatti okkur til þess.



**FJÖLSKYLDAN SEM BÍÐUR** Foreldrarnir krossa nú fingur fram í október á meðan fjölskyldan bíður þess að fá úr því skorið hvort Lilja Dís er laus við smit af alvarlegum sjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þannig að í dag [í gær] var haft samband við lögfræðing fyrir okkar hönd og hann bíður nú bara eftir að fá skýrsluna um málið frá sjúkrahúsinu,“ segir Helena, sem vonar að dóttir hennar sleppi með skrekkinn.

„Okkur er sagt að það komi í ljós eftir fimm eða sex mánuði hvort hún hafi fengið eitthvert smit. Hún fer í næst í lokasprautu í október og þá er þetta vonandi búið.“

Þórir Njálsson, læknir á bráðamóttökunni í Fossvogi, sagði í gærkvöld ekki hafa heyrt af máli Lilju Dísar.

„Að mínum dómi eru tilvik eins og þessi afar fátíð og þetta er reyndar fyrsta málið sem ég hef heyrt um síðan ég byrjaði hér 1998,“ segir Þórir, sem telur ljóst að ákveðin hafi verið bólusetningarmeðferð á Lilju Dís. „Ef svo illa vildi til að viðkomandi smitist af stungunni þá eru líkur til að þessi meðferð hindri að sjúkdómurinn nái sér á strik,“ útskýrir hann.

gar@frettabladid.is

Bensínverð hækkar enn:

## Lítrinn kominn yfir 160 krónur

**NEYTENDUR Verð á bensínlítranum hækkaði um fjórar krónur á miðvikudag. Algengt útsöluverð á bensíni með þjónustu er 160,60 krónur og 174,50 fyrir dísillítrann. Verðið er fimm krónum lægra í sjálfsafgreiðslu.**

**Ingvi J. Ingvason hjá neytendasviði Skeljungs segir verðhækkun ytra skýra hækkunina. „Verðið hefur risið meira og minna stanslaust upp á síðkastið en í gær var það í það minnsta stöðugt. En við tökum bara einn dag í einu,“ segir Ingvi.**

**Undanfarin ár hefur bensínverð hækkað á sumrin vegna aukinnar eftirspurnar í Bandaríkjunum en aukin verðvitund þar gæti dregið úr því nú.** **- kóp**

Greiðsluþrot fyrirsjáanleg:

## Margir skulda umfram eignir

**EFNAHAGSMÁL** „Það er lítill vafi í okkar huga að staða tiltekinna hópa geti orðið mjög erfið á næstunni og að það er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim hópi,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri á fundi um rit bankans um fjármálastöðugleika í gær.

Fram kemur í ritinu að um 25 þúsund manns hafi á árinu 2006 skuldað meira en þeir eiga. Skuldirnar kunni jafnframt að vera mun meiri, því hér sé miðað við framtaldar skuldir.

Davíð Oddsson sagði að líklegra væri en hitt að þessi staða hefði versnað síðan þá. „Og ef við horfum fram á veg eru auðvitað líkur til þess að þessi staða eigi eftir að versna,“ sagði Davíð og vísaði til spár Seðlabankans um að fasteignaverði lækki mikið á næstu misserum auk þess sem kaupmáttur geti haldist.

**- ikh /** Sjá síðu 18


Margfaldar verðlaunabækur





- Menningarverðlaun DV í bókmenntum 2008.
- Bókmenntaverðlaun kvenna, Fjöruverðlaunin.

Salka/GBÓ





- Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar.
- Tilnefnd til Menningarverðlauna DV í bókmenntum.

Salka www.salka.is

Nú fáanlegar í kilju


Borgarstjóri segir trúnaðarstörf Jakobs Magnússonar til skoðunar:

# Jakob bíður fyrirmæla Ólafs

**STJÓRNMÁL** „Ég geri það sem ég er beðinn um og reyni að vinna mín störf eftir bestu getu,“ segir Jakob Frímann Magnússon, nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgarmála spurður hvort hann muni láta af öðrum trúnaðarstörfum fyrir borgina.

Ólafur F. Magnússon segir Jakob fá sömu laun og miðborgarstjóri R-listans, Kristín Einarsdóttir, á árinu 2005.

„Ef laun miðborgarstjóra R-listans eru framreiknuð miðað við launavísitölu þá verða þau jafn há og laun nýráðins framkvæmdastjóra miðborgarmála, það er krónur 710.600,“ segir í yfirlýsingu frá borgarstjóra.

„Mér finnst þetta seint fram komin eftiráskýring hjá Ólafi,“ segir Dagur B. Eggertsson, forveri Ólafs á borgarstjórastóli. Við blasi að Jakob hafi einfaldlega verið settur í hæsta launaflokk með hæstu mögulegu föstu yfirvinnugreiðslu.

Ofan á launin fær Jakob 151 þúsund krónur fyrir formennsku í Hverfaráði Miðborgar og Hlíða og varaformennsku í menningar- og ferðamálaráði. Í yfirlýsingu borgarstjóra segir að metið verði hvort þessi trúnaðarstörf séu ósamrýmanleg nýju starfi Jakobs. „Leiki minnsti vafi þar á mun hann að sjálfsögðu segja sig frá viðkomandi nefndarstörfum,“ segir borgarstjóri í yfirlýsingu sinni.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON** Nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgarinnar.

Sjálfur kveðst Jakob bíða fyrirmæla stjórnmálamanna í borgarstjórn um það hvort hann haldi áfram í ráðunum tveimur.

Fram kom í fréttum Sjónvarps í gærkvöldi að skrifstofustjóri borgarstjóra hefði ráðlagt borgarstjóra að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra miðborgarmála.

**- gar /** sjá síðu 8


Pungurinn er grundvöllur að góðu sambandi
Nú er fartölvan loksins orðin alvöru far-tölva.
Fáðu netið beint í punginn og vertu
í sambandi hvar og hvenær sem þú vilt.
Ísland er heitur reitur!
3G internet + 3G pungur
3G pungur + 3G internet
1.990 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
Allt að 3 Mb/s hraði og 1 GB innifalið á mánuði.
NOVA
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
3G pungur 19.900 kr. staðgreitt eða 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og reikningur greiddur með kreditkorti.
Ef keyptur er 3G pungur fylgir 3G internet með í 12 mánuði. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán.

## GENGIÐ 08.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,96 | 77,32 |
| Sterlingspund | 150,67 | 151,41 |
| Evra | 118,11 | 118,77 |
| Dönsk króna | 15,827 | 15,919 |
| Norsk króna | 14,983 | 15,071 |
| Sænsk króna | 12,697 | 12,771 |
| Japanskt jen | 0,7386 | 0,743 |
| SDR | 124,21 | 124,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

153,3181

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjallað um málefni Evrópusambandsins á fundi þingmanna Sjálfstæðisflokksins:

# Ræddu ýmsar hliðar ESB

**STJÓRNMÁL** Evrópumál voru til umræðu á fundi þingflokks Sjálfstæðisflokksins á miðvikudag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru ýmsar hliðar Evrópusambandsmála reifaðar. Til dæmis var rætt um sjávarútvegsstefnu sambandsins og hvort, og þá hvernig, hún samræmdist íslenskum hagsmunum. Efnahagsástand aðildarríkja Evrópusambandsins var einnig skoðað og hagsveiflur þar bornar saman við sveiflur íslenska hagkerfisins.

Þá var fjallað um stöðu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og fullyrðingar um að hann hafi veikst. Áhrif



**VALHÖLL** Höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins, sem væntanlega tekur gildi um næstu áramót, voru sérstaklega til umfjöllunar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er það almenn skoðun innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins að staða EES sé áfram sterk og að samningurinn þjóni hagsmunum Íslands vel.

Við umfjöllun þingflokksfundarins var skýrsla Evrópunefndar, undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, höfð til hliðsjónar.

Fundurinn á miðvikudag hófst síðdegis – á hefðbundnum fundartíma þingflokka Alþingis – og stóð fram á kvöld. Ekki var ætlunin að taka ákvarðanir um ný skref í Evrópumálum, aðeins að ræða þau. - bþs

Forsetaframboðsslagurinn:

# Clinton berst ótrauð áfram

**BANDARÍKIN, AP** Hillary Rodham Clinton varðist í gær áskorunum málsmetandi flokkssystkina í Demókrataflokknum um að draga sig í hlé úr slagnum við Barack Obama um forsetaframboð fyrir flokkinn. Slíkum áskorunum fjölgaði eftir að útkoma Clintons úr prófkjörum í tveimur ríkjum á þriðjudag reyndist lakari en spáð hafði verið.

Clinton lét engan bilbug á sér finna er hún tjáði sig við fréttamenn í gær. Hún hét stuðningsfólki sínu í Vestur-Virginíu, þar sem næsta prófkjör fer fram, að hún héldi baráttunni áfram „uns frambjóðandi er kjörinn“. - aa



**MÁLIN RÆDD** Árni Friðleifsson lögreglumaður ræðir við Sturlu Jónsson, talsmann bílstjóra, fyrir utan Alþingi.

Bílstjórar aftur á stjá:

# Þeyttu horn sín á þingheim

**MÓTMÆLI** Atvinnubílstjórar létu aftur á sér kræla og söfnuðust saman við Alþingi í hádeginu í gær. Þar þeyttu þeir horn sín og trufluðu þingstörf.

Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, segir að hugur sé í mönnum til frekari aðgerða. „Við munum taka hraustlega á þessu á meðan þingheimur er að störfum,“ segir Sturla. Hann kvartar yfir sinnuleysi stjórnvalda og stjórnmálaflokka. Aðeins einn þingmaður hafi séð sér fært að ræða við mótmælendur í gær. - kóp

Viðræður um Tíbet:

# Mikið bar í milli á fundi

**INDLAND, AP** Erindrekar útlagastjórnar Tíbeta greindu í gær frá því að lítill árangur hefði náðst á fundi sem þeir áttu með fulltrúum Kínastjórnar fyrr í vikunni. Þetta voru fyrstu beinu viðræður þessara aðila síðan 2006.

Báðir aðilar lögðu á fundinum fram tillögur að viðræðuáætlun um málefni Tíbets, að sögn Lodi Gyari, eins erindreka Dalai Lama. En mikið bar í milli. „Við vorum ósammála um fleira en við vorum sammála um,“ sagði Gyari. „Mótaðilar okkar höfðu á ný í frammi rakalausar ásakanir um að Dalai Lama græfi undan Ólympíuleikunum í Peking.“ - aa



**LITLA-HRAUN** Pláss losna í fangelsum landsins þegar farið verður að senda fanga, sem eru af erlendu bergi brotnir, til afplánunar í heimalandi sínu.

# Litháískir fangar sendir heim

**Fjórir Litháar sem afplána hér margra ára fangelsisvist fyrir fíkniefnabrot og nauðgun eru komnir í svokallað brottvísunarferli. Það miðar að því að mennirnir afpláni refsingu sína í heimalandinu.**

**DÓMSMÁL** Fjórir litháískir fangar, sem hlotið hafa dóma hér á landi, falla undir samning dómsmálaráðherra Íslands og Litháens um brottvísun héðan af landi og afplánun refsingar í heimalandinu. Þeir eru ýmist komnir í brottvísunarferli eða fara í það á næstu dögum.

Tveir mannanna sem um ræðir hafa hlotið dóma fyrir stórfelld fíkniefnabrot, þegar þeir reyndu að smygla inn miklu magni fíkniefna með Norrænu. Þeir voru dæmdir í sjö ára fangelsi hvor um sig. Hinir tveir voru dæmdir í Hæstarétti í gær fyrir gróft kynferðisbrot gegn konu. Hæstiréttur staðfesti í gær dóm sem mennirnir höfðu hlotið í héraði um fimm ára fangelsisvist hvors um sig.

Dómsmálaráðherra Litháen, Petras Baguska, er nú í heimsókn hér á landi. Hann átti í gærmorgun fund með Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra, Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra



**DÓMSMÁLARÁÐHERRAR** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra átti í gærmorgun fund með dómsmálaráðherra Litháens, Petras Baguska.

og Páli E. Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, þar sem rædd var samvinna ráðuneyta landanna á sviði fangelsismála og löggæslumála. Rætt var meðal annars um að Litháar tækju við litháískum föngum sem afplána dóma, að því tilskildu að samningar Evrópusambandsins væru uppfylltir.

Síðdegis heimsótti litháíski dómsmálaráðherrann Litla-Hraun þar sem forstjóri Fangelsismálastofnunar átti fund með honum og kynnti honum fangelsismálakerfið hér á landi.

„Brottvísunarferlið er nú tilbúið og nú verður byrjað að prufukeyra það ef svo má segja,“ sagði forstjóri Fangelsismálastofnunar við Fréttablaðið. „Síðan verður það sjálfvirkt, þannig að það fer strax af stað um leið og dómur er fallinn, séu skilyrði samningsins fyrir hendi.“

Páll segir að ávinningur þess fyrirkomulags að fangar afpláni í heimalandinu sé margvíslegur.

„Í fyrsta lagi losna pláss í fangelsunum hér,“ útskýrir hann. „Í öðru lagi kemur þetta í veg fyrir tengslamyndun milli íslenskra og erlendra brotamanna. Í þriðja lagi eru skilaboðin nú mjög skýr; komi menn til landsins og brjóti af sér, þá verða þeir einfaldlega sendir heim.“ jss@frettabladid.is

### FJÖLDI Í FANGELSUM
**- af erlendum uppruna**

| | |
|---|---|
| Bretland | 1 |
| Eþíópía | 1 |
| Gana | 1 |
| Holland | 3 |
| Lithæn | 7 |
| Portúgal | 1 |
| Pólland | 1 |
| Víetnam | 1 |
| Þýskaland | 1 |
| **Í GÆSLUVARÐHALDI** | |
| Pólland | 4 |

Tölur: Fangelsismálastofnun 8. maí 2008

| TEGUND BROTA | |
|---|---|
| Fíkniefni | 9 |
| Kynferðisbrot | 6 |
| Manndráp | 1 |
| Umferðarlagabrot | 1 |


GÆÐI HÁSKÓLA-KENNSLU ERU MEST Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK*

*Skv. viðhorfskönnun á meðal háskólanema sem Ríkisendurskoðun birti árið 2007.

Umsóknarfrestur er til 30. maí

Kynntu þér námið á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0608


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HVÍTASUNNUHELGIN**

Segja má almennt að það verði blautt þessa hvítasunnu. Á hinn bóginn má búast við að stytti upp sunnan til á morgun, einkum þegar líður á daginn. Síðan fer aftur að rigna þar á sunnudag og þá verður væta um mestallt land. Á mánudag styttir svo upp víðast hvar í mildu veðri.



**Á MORGUN**
5-13 m/s á Vestfjörðum, annars hægur.

**HVÍTASUNNUDAGUR**
3-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 22° |
| Ósló | 23° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 20° |
| London | 20° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Berlín | 22° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 23° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 25° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 12° |
| Orlando | 33° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# La vita bella!

## Ítalskir dagar

### Ítalskt úr kjötborði

40% afsláttur



**Ítalskar kjötbollur**
í tómat-rjómaostasósu



**Nautafile**
ferskt úr kjötborði



**Copaim ferskt pasta**
- eðal pasta fyrir sælkera



**Sikileyskur**
kálfapottréttur



**Napolí lambainnralæri**
m/myntu, hvítlauk og sítrónu

10% afsláttur við kassa



**Ítalíu álegg**
- gæða álegg frá Toscana

Kjöt & fisktorgið – Alltaf ferskt










**Rana ferskt pasta**
- ekta ítalskt

**Fiorucci**
– Crudo og Parmaskinka

**Saclà pestó í miklu úrvali**
– frábært á brauðið og í réttina

20% afsláttur við kassa







30% afsláttur við kassa



**La Selva tómatvörur**
– ítalskar sælkeravörur frá Toscana

**Ítalía risotto**
– tómata og basil, osta og trufflusveppa risotto

**Ítölsk brauð**
- hvítlauks-, tómat- og Veronabrauð

Tilboðin gilda til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að stunda stangveiði í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,4% |
| Nei | 73,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við mánaðarlaun Jakobs Frímanns Magnússonar sem verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Forstjóri Barnaverndarstofu biður fólk sem tilkynnti að hafa samband:

# Vill kanna störf barnaverndarnefnda

**LÖGREGLUMÁL** Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að reynist rétt að ítrekað hafi verið kvartað til barnaverndarnefnda yfir manni, sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa misnotað eigin börn og annarra, vilji hann láta rannsaka starfshætti nefndanna. Átta kærur hafa verið lagðar fram. Fréttablaðið ræddi í gær við fólk sem hafði kvartað til lögreglu, skólayfirvalda og barnaverndarnefndar árið 2003 vegna mannsins án árangurs.

„Barnaverndarstofa hefur eftirlit með starfsháttum barnaverndarnefndanna. Ég ítreka að ef það er svo að fólk hefur haft samband vegna þessa tiltekna manns án þess að nokkuð hafi verið að gert, ég tala nú ekki um ef það eru fleiri en ein ábending, þá bið ég það fólk að gefa sig fram við Barnaverndarstofu, sem þá myndi kanna vinnubrögð þeirrar nefndar sem fór með málið,“ segir Bragi. Hann bendir þó á að hafi svo verið geti verið eðlilegar skýringar á því að málin fóru ekki lengra. Sönnunarbyrðin í barnaverndarmálum sé afar erfið og stundum sé því miður lítið hægt að gera þótt tilkynningar berist. „Í þessu máli hef ég ekki hugmynd um hvernig staðið var að málum og hef ekki enn ástæðu til að véfengja störf nefndanna. En auðvitað geta alltaf orðið mistök og þá þarf að kanna þau til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.“ **- kdk**



**BRAGI GUÐBRANDSSON** Forstjóri Barnaverndarstofu vill að fólk sem segist hafa tilkynnt til barnaverndarnefnda um grunsemdir sínar um mann sem nú situr í gæsluvarðhaldi hafi samband við Barnaverndarstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Árborg og Hveragerði:

# Vilja einkaleyfi á strætisvagna

**SAMGÖNGUR** Árborg og Hveragerði hyggjast sækja um einkaleyfi á rekstri almenningssamgangna milli Reykjavíkur, Hveragerðis og Árborgar.

Að því er segir í fundargerð bæjarráðs Árborgar hefur bæjarstjóranum þar jafnframt verið falið að óska eftir einkaleyfi á á rekstri almenningssamgangna á milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Eyþór Arnalds, oddviti minnhluta Sjálfstæðisflokks í bæjarráði, lét bóka að hann teldi mikilvægt að kostnaður sveitarfélaganna yrði ekki umfram þær fimmtán til þrjátíu milljónir sem áætlun segði til um. **- gar**


TILBOÐSDAGAR

fimmtudag til sunnudags

SUMARJAKKAR

20 - 30 % afsláttur

POLARN O. PYRET

Kringlunni • sími 568 1822

www.polarnopyret.is




**RAFMAGN** Tyrkland býr yfir miklum orkuauðlindum og fjölmörg fyrirtæki um allan heim kanna möguleika á að sinna verkefnum í landinu sem tengjast raforkuframleiðslu.

# Bjóða í sjö jarðhitavirkjanir í Tyrklandi

**RARIK Orkuþróun hyggst taka þátt í útboði um virkjanaleyfi á sjö jarðhitasvæðum í Tyrklandi. Landsvirkjun Power útilokar ekki að taka þátt í útboðinu í gegnum nýtt félag sem stendur til að stofna ásamt tyrknesku jarðhitafyrirtæki.**

**ORKUMÁL** RARIK Orkuþróun, sem er dótturfélag RARIK ohf., hyggst taka þátt í útboði Orkustofnunar Tyrklands um virkjunarleyfi á sjö jarðhitasvæðum í Tyrklandi. Landsvirkjun Power, sem er hlutafélag í eigu Landsvirkjunar, útilokar ekki að taka þátt í útboðinu en fyrirtækið vinnur nú að því að stofna félag ásamt tyrkneska jarðhitafyrirtækinu ORME, sem ætlað er að byggja jarðvarmavirkjanir í Tyrklandi. Samkeppni tveggja fyrirtækja í eigu ríkisins um jarðhitavirkjanir í Tyrklandi gæti því orðið staðreynd.

Steinar Friðgeirsson, framkvæmdastjóri RARIK Orkuþróunar, segir væntanleg umsvif fyrirtækisins í Tyrklandi vera tvíþætt.

„Annars vegar erum við að fara af stað með rannsóknarverkefni og hins vegar kemur til greina að bjóða í virkjunarleyfi sjö lítilla jarðvarmavirkjana á vegum Orkustofnunar Tyrklands.“

Virkjanirnar sjö eru frá fimm til 25 megavött að stærð.

„Við eigum eftir að ákveða hvort við stöndum einir að því að bjóða í þetta verkefni en við vitum að önnur íslensk fyrirtæki hafa hug á taka þátt í útboðinu. Hvort um samstarf verður að ræða á eftir að ákveða,“ segir Steinar. Spurður hvaða fyrirtæki hafi hug á að bjóða í virkjanaleyfin segir Steinar að RARIK hafi rætt við ENEX, sem er í meirihlutaeigu Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest (REI), um samstarf og fjárfestingarfyrirtækið HydroKraft Invest, sem er í sameiginlegri eigu Landsvirkjunar og Landsbankans.

Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri ENEX, staðfestir að viðræður hafi farið fram enda sé það í samræmi við stefnu fyrirtækisins.

„Við erum að horfa til Tyrklands og munum örugglega skoða þetta verkefni. Það er hins vegar ekki ákveðið hvort við bjóðum í.“

Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri HydroKraft Invest, segir fyrirtækið ekki í beinu samstarfi með RARIK eða Landsvirkjun Power í Tyrklandi. „Eðli fyrirtækisins sem fjárfestingarfélags krefst þess hins vegar að við tölum við alla. Ef verkefnið er gott getum við unnið með hverjum sem er.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri Landsvirkjunar Power, segir að samstarf við jarðhitafyrirtækið ORME sé langtímaverkefni um leit að verkefnum í þeirri von að nýta jarðhitasvæði þar í landi. „Við erum hins vegar ekki að stofna nýtt félag um neitt sérstakt verkefni. Ég reikna þó með að við skoðum útboð Orkustofnunar Tyrklands ef okkur lýst á útboðsskilmála.“ **svavar@frettabladid.is**




Össur Skarphéðinsson ræðir orkumál við kollega sína frá Tyrklandi:

# Samvinna á mörgum sviðum

Mehmet Hilmi Güler, orku- og auðlindaráðherra Tyrklands, og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra áttu á miðvikudag viðræður um samstarf Íslands og Tyrklands á sviði orkumála. Güler er hér í vinnuheimsókn í boði iðnaðarráðherra og heimsækir fjölda íslenskra fyrirtækja.

Á fundinum með iðnaðarráðherra lýsti tyrkneski ráðherrann áhuga á fjölþættu samstarfi við Íslendinga í orkumálum. Þar gæti verið um að ræða vísinda-, tækni- og fyrirtækjasamstarf við jarðhita- og vatnsaflsnýtingu, samvinnu um vetnisrannsóknir og þróun á sviði bortækni og framleiðslu á jarðborum. Güler bauð Össuri Skarphéðinssyni í heimsókn til Tyrklands í því skyni að kynnast stöðu orkumála þar í landi og möguleikum á samstarfi þjóðanna á þessu sviði.

Í föruneyti hans eru Orthan Mertoglu, forseti Jarðhitasambands Tyrklands, og Mustafa Hatipoglu, forseti Miðstöðvar vetnisrannsókna Sameinuðu þjóðanna í Tyrklandi. Tyrkneski ráðherrann ræddi einnig við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, í hádegisverði á Bessastöðum í gær.

Talið er að unnt sé að nýta um 2.000 MW af jarðhita til rafmagnsframleiðslu í Tyrklandi en aðeins hafa verið nýtt um þrjátíu MW til þessa. Auk þess er Tyrkland auðugt af lághitasvæðum sem hagkvæmt er orðið að nýta til húshitunar vegna hækkandi eldsneytisverðs. **- shá**



**RÁÐHERRA** Össur ræddi við orku- og auðlindaráðherra Tyrklands um fjölbreytta samvinnu í orkumálum.







ÉG GET LÆKKAÐ
SÍMREIKNINGINN ÞINN!
Tal
Flestir Íslendingar nota síma og tölvu án þess þó að tapa sér í aukabúnaði og útúrdúrum; þeir vilja bara geta hringt í fólk og farið á Netið án þess að borga fyrir það stórfé. Við bjóðum þá velkomna til Tals, þar sem einföld og gegnsæ gjaldskrá tryggir þeim lægri símreikning.
FÁÐU ALLAN PAKKANN FRÁ 3.990 KR. Á MÁNUÐI
HEIMASÍMI
NET
GSM
Ef þú kaupir allan pakkann á www.tal.is og greiðir með kreditkorti færðu fyrsta mánuðinn frían.
Frítt í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.*
*Samkvæmt skilmálum.
GOTT FÓLK
Arna, starfsmaður Tals.
www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað greiðir Reykjavíkurborg fyrir Lækjargötu 2?*
2. *Hvað heitir forsætisráðherra Rússlands?*
3. *Hvað heitir þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta?*

**SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46**

Íslendingurinn sem dæmdur var í Færeyjum:

# Kominn í danskt fangelsi

**DÓMSMÁL** Birgir Páll Marteinsson var á þriðjudag fluttur í danskt fangelsi þar sem hann mun bíða ákvörðunar um framsal til Íslands. Ekki er vitað hve langan tíma málið tekur, en það er ekki komið á borð íslenska dómsmálaráðuneytisins.

Íris Inga Svavarsdóttir, móðir Birgis, segir þetta mikið áfall. „Hann ákvað að áfrýja ekki af ótta við að enda í dönsku fangelsi og í þeirri von að hann kæmist fljótt til Íslands. Nú er hann kominn í lokað fangelsi í Danmörku og við erum alveg miður okkar," segir Íris.

Linda Hasselberg, saksóknari í Færeyjum, segir að venjan sé að sitji fangar inni í lengri tíma séu þeir fluttir til Danmerkur. „Hér eru bara fimmtán pláss og við þurftum að rýma eitt fyrir Færeying sem situr í dönsku fangelsi en var færður hingað," segir Linda. Hún segir að Birgi hafi verið valið fangelsi í námunda við fjölskyldumeðlimi ytra.

Íris Inga segir að Birgi hafi verið verulega brugðið við flutninginn. „Þetta er hræðilegt fyrir hann og honum finnst lífinu vera lokið og ekkert fram undan. Á meðan hann ekki kemst á fastan punkt hvað afplánun varðar er þetta eintóm óvissa," segir Linda og hrósar Eiði Guðnasyni ræðismanni Íslands í Færeyjum sérstaklega fyrir aðstoð. **- kóp**



**Í DANMÖRKU** Áhyggjur Birgis urðu að veruleika þegar hann var fluttur í danskt fangelsi. TEIKNING/GUTTESEN

Forstjóri Landsvirkjunar:

# Ekkert umboð til eignarnáms

**UMHVERFISMÁL Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir fráleitt að hann hafi haldið því fram að Landsvirkjun hafi umboð ríkisstjórnarinnar til eignarnáms á landi fyrir fyrirhugaða Urriðafossvirkjun í Flóahreppi.**

**„Ég harma að Atli Gíslason hafi það ranglega eftir mér að ég haldi því fram að Landsvirkjun hafi umboð til eignarnáms frá ríkisstjórninni. Það er hvergi sagt í frétt Fréttablaðsins frá því á þriðjudag. Ég vísa þessum skilningi þingmannsins gjörsamlega á bug og harma að menn skuli ekki kynna sér ummæli mín betur." - ghs**






# Starfsmenn æfir vegna launa Jakobs

**Félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar eru ósáttir við mánaðarlaun Jakobs Frímanns Magnússonar sem framkvæmdastjóra miðborgarmála. Borgarstjóri var harðlega gagnrýndur fyrir ráðninguna á fundi borgarráðs.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við höfum fengið mikinn tölvupóst og hringingar þar sem félagsmenn eru rasandi yfir þessum launatölum, enda eru þær ekki í samræmi við aðra starfsmenn borgarinnar," segir Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, um viðbrögð starfsmanna borgarinnar við mánaðarlaunum Jakobs Frímanns Magnússonar sem framkvæmdastjóra miðborgarmála. Hann er með 710 þúsund krónur í mánaðarlaun fyrir störf sín sem framkvæmdastjóri. Þar af eru 236 þúsund fyrir 48 klukkustunda fasta yfirvinnu á mánuði, eða sem nemur sex vinnudögum. Við bætast svo 150 þúsund króna laun fyrir formennsku í hverfisráði miðborgarinnar og varaformennsku í mennta- og ferðamálaráði.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

Á vefsvæði Reykjavíkurborgar er Jakob titlaður verkefnisstjóri sem heyrir undir skrifstofu borgarstjóra en samkvæmt samningi Jakobs er hann ráðinn sem framkvæmdastjóri miðborgarmála.

Garðar segir reiði félagsmanna ekki koma á óvart. „Þessi laun eru töluvert hærri en þau sem við höfum verið að semja um fyrir okkar fólk og reiði félagsmanna er meðal annars tilkomin vegna þess. Hæsta talan í töflunni hjá okkur er um 474 þúsund og það er hægt að telja upp fólk á fingrum annarar handar sem er með laun eitthvað nálægt því," segir Garðar. „Eftir tólf ára starf eru menn að fá 338 þúsund í laun á mánuði og það eru þau laun sem kannski eðlilegast væri að bera saman við laun Jakobs."

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks spurðust fyrir um ýmis mál tengd ráðningu Jakobs á borgarráðsfundi í gær. Sérstaklega spurðu þeir um hvort Jakob myndi starfa út kjörtímabilið eins og borgarstjóri greindi frá í viðtali við Kastljósið. Í því samhengi er svo spurt hvers vegna staðan hafi ekki verið auglýst ef til stendur að hafa Jakob að störfum út kjörtímabilið. Þá spurðu þeir einnig hvers vegna laun verkefnisstjóra, forstöðumanna, framkvæmdastjóra annarra hverfa, skólastjóra og deildarstjóra, sem margir væru með fjölda undirmanna, væru mun lægri en laun „einyrkjans" Jakobs.

Þá spurðu þeir einnig hvort það væri ekki óheppilegt að Jakob þyrfti að hafa „eftirlit með sjálfum sér" í ljósi þess að hann er formaður hverfisráðs miðborgarinnar sem meðal annars hefur það verkefni að hafa eftirlit með því að verkefnum miðborgarinnar sé sinnt. magnush@frettabladid.is



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Starfsmenn Reykjavíkurborgar höfðu samband við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í gær og kvörtuðu yfir því hversu há laun Jakob Frímann Magnússon væri með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







| 1. umferð | Landsbankadeild karla | | |
|---|---|---|---|
| lau. 10. maí | Fylkir | 14:00 | Fram |
| lau. 10. maí | HK | 14:00 | FH |
| lau. 10. maí | ÍA | 14:00 | Breiðablik |
| lau. 10. maí | Þróttur R. | 14:00 | Fjölnir |
| lau. 10. maí | KR | 14:00 | Grindavík |
| lau. 10. maí | Keflavík | 16:15 | Valur |
| **1. umferð** | **Landsbankadeild kvenna** | | |
| mán. 12. maí | Valur | 17:00 | Þór/KA |
| þri. 13. maí | HK/Víkingur | 19:15 | Stjarnan |
| þri. 13. maí | Fjölnir | 19:15 | Fylkir |
| þri. 13. maí | Afturelding | 19:15 | Breiðablik |
| þri. 13. maí | Keflavík | 19:15 | KR |



**NÝFÆDDUR NASHYRNINGUR** Þetta nashyrningskríli kom í heiminn á miðvikudag í dýragarðinum í Krefeld í Þýskalandi. Myndin er tekin daginn eftir fæðinguna. NORDICPHOTOS/AFP

Myndbirting Interpol á bandarískum barnaníðingi bar árangur:

# Barnaníðingur handtekinn

**BANDARÍKIN, AP** Barnaníðingurinn, sem alþjóðalögreglan Interpol lýsti eftir í vikunni, var í fyrrakvöld handtekinn í New Jersey í Bandaríkjunum. Ronald Noble, yfirmaður Interpol, segir árangurinn af myndbirtingu í fjölmiðlum vera „ótrúlega góðan“.

Níðingurinn er 58 ára gamall leikari, Wayne Nelson Corliss að nafni, en gengur einnig undir listamannsnafninu Casey Wayne. Hann var handtekinn skömmu eftir miðnætti í Union City í New Jersey.

Alþjóðalögreglan Interpol hafði undir höndum fjöldann allan af myndum af þessum manni þar sem hann sást níðast kynferðislega á ungum drengjum. Myndirnar fundust í tölvu í Noregi, en ekki var vitað hver maðurinn var.

Interpol brá á það ráð að birta mynd af honum opinberlega á þriðjudag í þeirri von að einhver bæri kennsl á manninn, og fljótlega bárust sterkar vísbendingar sem leiddu til handtöku aðeins tveimur dögum síðar.

Noble segir Interpol nú íhuga að beita þessari aðferð á fleiri eftirlýsta glæpamenn, ekki aðeins barnaníðinga heldur einnig hættulega menn.

„Ég er sannfærður um að fleira fólk, sem hefur tekið myndir af sjálfum sér við að misnota börn fari að hugleiða það að gefa sig fram,“ sagði Noble. - gb



**WAYNE NELSON CORLISS** Bandaríska lögreglan hafði hendur í hári hans stuttu eftir miðnætti á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússland og Bandaríkin:

## Nýr samningur um kjarnorku

**RÚSSLAND, AP Rússar og Bandaríkjamenn hafa undirritað samning um samstarf að borgaralegri nýtingu kjarnorku.**

**Samkvæmt samningnum fá ríkin gagnkvæman aðgang að sérfræðiþekkingu á sviði kjarnorkuvinnslu.**

**Samvinna Rússa og Bandaríkjanna í kjarnorkumálum hefur verið lítil á síðustu árum, ekki síst vegna ágreinings um það hve mikil hætta stafar af kjarnorkuvinnslu í Íran.**

**Bandaríkin hafa gert sambærilegan samning við Kína og fleiri ríki.** - gb


Orkuveita Reykjavíkur

Ganga um Hengilssvæðið

Sunnudaginn 11. maí verður farin gönguferð um Engidal og inn í Marardal í vestanverðum Henglinum. Gangan er létt og tekur u.þ.b. 4 klst. Mæting við Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 13:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is



Auglýsingasími

512 5050



– Mest lesið






**RÆTT UM HEILBRIGÐISKERFIÐ** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, spurði Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum á Alþingi í gær.

# Sýnist einkavæðing ekki vera á dagskrá

**Eftir umræður um stefnu stjórnarinnar í heilbrigðismálum telur Kristinn H. Gunnarsson að einkavæðing sé ekki í spilunum. VG telur hið gagnstæða. Framsókn segist ekki hafa treyst sjálfstæðismönnum fyrir heilbrigðismálunum.**

**ALÞINGI** „Stjórnarliðar tala mjög afdráttarlaust gegn einkavæðingu þannig að ætla má að hún sé ekki í spilunum,“ sagði Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, í samtali við Fréttablaðið eftir utandagskrárumræður um stefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum á Alþingi í gær.

Kristinn óskaði svara heilbrigðisráðherra við nokkrum spurningum um heilbrigðiskerfið, enda taldi hann nokkuð vanta upp á að stefna stjórnarinnar lægi fyrir með skýrum og afdráttarlausum hætti.

„Jú, málin skýrðust en ekki alveg. Eftir stendur ósvarað hvaða breytingar á að gera á Landspítalanum og það er kannski vegna þess að ríkisstjórnin er ekki búin að ákveða hvað hún ætlar að gera,“ sagði Kristinn.

Í svari sínu vitnaði Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra einkum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en samkvæmt henni er stefnan sú að veita heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða. Segir einnig að kostnaðargreina eigi heilbrigðisþjónustuna og skapa svigrúm til fjölbreytilegra rekstrarforms. Tryggt verði þó að allir hafi jafnan aðgang, óháð efnahag.

Álfheiður Ingadóttir VG túlkar stjórnarsáttmálann á þann veg að hann boði einkavæðingu. Sagði hún heilbrigðiskerfið í hættu og að almenningur óttaðist um afdrif þess í höndum Sjálfstæðisflokksins.

Ásta R. Jóhannesdóttir Samfylkingunni sagði af og frá að ætlunin væri að einkavæða; það sæist best á því að fyrirmyndir að fyrirhuguðum breytingum væru sóttar til Norðurlandanna. „Ef ætlunin hefði verið að einkavæða, hefði þá ekki verið leitað eitthvað annað?“ spurði hún og hét því fram að ekkert væri að óttast.

Valgerður Sverrisdóttir Framsóknarflokki sagði óöryggi ríkja gagnvart málaflokknum. „Hvað er verið að bralla?“ spurði hún og lýsti sérstökum áhyggjum af heilsugæslunni. Greindi Valgerður svo frá því að framsóknarmenn hefðu ekki treyst Sjálfstæðisflokknum fyrir heilbrigðismálunum í þau tólf ár sem flokkarnir voru saman í ríkisstjórn.

bjorn@frettabladid.is


Nýtt landnámskort
á leiðinni til þín í dag

Það er Síminn

ISUZU D-MAX

ISUZU

# PALLBÍLL Á FRÁBÆRU VERÐI




## ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: **2.990.000 kr.**

3,0 l díselvél 163 hestöfl, 3ja tonna dráttargeta, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki

ENNEMM / SIA / NM32367

GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON



**ÆFIR SIG Í MINNISMERKI** Þessi þýski hljóðfæraleikari æfði sig af kappi nú í vikunni í miðju minnismerki um helförina sem stendur í miðborg Berlínar. Í dag blæs hann í franska hornið sitt með stórri hljómsveit þegar haldið verður upp á að þrjú ár eru liðin frá því minnismerkið var afhjúpað. NORDICPHOTOS/AFP

Haldið upp á sextugsafmæli Ísraels með pompi og prakt:

# Stolt og óvissa á stórafmæli

**ÍSRAEL, AP** Haldið var upp á sextugsafmæli Ísraels með pompi og prakt í gær. Íbúar gyðingaríkisins fögnuðu stórafmælinu með flugeldasýningum, sýniflugi orrustuþotna og greinilegu stolti, en við það blandaðist óvissa um framtíðina og efasemdir um horfur á friði við Palestínumenn.

Sex áratugum eftir að gyðingaríkið reis úr upplausn og helför síðari heimsstyrjaldar á það enn við mikil vandamál að stríða. Ríkið býr við stöðuga ógn utan frá en 41 árs herseta Ísraela á svæðum Palestínumanna hefur kallað á ítrekaða fordæmingu alþjóðasamfélagsins. Þrátt fyrir þetta er Ísrael virkt lýðræðissamfélag og hefur staðið undir því meginfyrirheiti að vera gyðingum hvaðanæva úr heiminum skjól. Sjálfstæðisdagurinn er „fögnuður yfir því gerlega“, sagði ísraelski rithöfundurinn Yossi Halevi. „Það þýðir að taka drauminn út úr heimi þess sem óskandi væri og færa hann inn í heim hins raunverulega, og það felur óhjákvæmilega í sér viss vonbirgði.“

Á Vesturbakkanum og Gaza gengust Palestínumenn fyrir útifundum til að minna umheiminn á að stofnun Ísraelsríkis hefði kallað yfir þá mikla ógæfu, sem þeir kalla „nakba“. Hundruð þúsunda Palestínuaraba hröktust frá heimilum sínum í stríðinu sem háð var árið 1948 um stofnun Ísraels. Um 4,5 milljónir Palestínumanna búa nú í flóttamannabúðum. - aa



**BRENNA FÁNA** Heittrúargyðingar brenna fána Ísraels og hrópa „Síonistar eru ekki gyðingar“. NORDICPHOTOS/AFP

Íslensk málnefnd:

# Málþing um málstefnu

**MÁLÞING „Þýðingar, túlkun og íslensk málstefna í hnattvæðingunni“ er heitið á málþingi sem haldið verður í dag, föstudag.**

**Íslensk málnefnd í samvinnu við Bandalag þýðenda og túlka og Þýðingasetur Háskóla Íslands stendur fyrir málþinginu, sem haldið verður í stofu 101 í Odda milli klukkan 14 og 17.**

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ávarpar þingið og fyrirlesarar eru Gauti Kristmannsson, Sabine Leskopf, Kristján Árnason, Rúnar Helgi Vignisson og Halldór Guðmundsson. Fundarstjóri er Haraldur Bernharðsson málfræðingur. - kg**




On Waves, félag Símans:

# Með símaþjónustu á hafi úti

**VIÐSKIPTI** On Waves ehf., dótturfyrirtæki Símans, sér öllum skipaflota skemmtiferðaskipafyrirtækisins MSC Cruises fyrir GSM-farsímaþjónustu. Samkomulag, sem kynnt var í vikunni, nær í fyrstu til tíu skemmtiferðaskipa, að því er fram kemur í tilkynningu On-Waves. Við þetta stækkar markaðssvæði On-Waves úr um 55 þúsund farþegum og áhöfnum í um 88 þúsund. On Waves annast talsamband, SMS-þjónustu og gagnaflutninga um borð í skipunum, auk þess að bjóða fyrirfram greidd símakort, móttöku sjónvarpsefnis og aðra þjónustu. - óká

**ÞÝSKALAND**

### Samtök bönnuð

Wolfgang Schäuble, innanríkisráðherra Þýskalands, hefur ákveðið að banna tvenn samtök sem hann segir safna í sínar raðir afneiturum helfararinnar gegn gyðingum. Sagði hann starfsemi samtakanna brjóta í bága við stjórnarskrána. Að draga helförina í efa er refsivert samkvæmt þýskum lögum.

**NOREGUR**

### Siv Jensen endurkjörin

Hin 38 ára gamla Siv Jensen var einróma endurkjörin formaður Framfaraflokksins í Noregi á landsfundi flokksins. Hún tók við formennsku af Carl I. Hagen fyrir tveimur árum. Flokkurinn er nú næststærsti flokkur Noregs.



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Líftæknifyrirtækið seldi hús sitt og deilir nú við leigusalann S8 ehf. um lóðaréttindi við hlið hússins.

# Segir lóðasölu ekki þurfa í borgarstjórn

**Forsvarsmaður S10 telur kaup félagsins á lóðinni á Sturlugötu 10 staðfesta með samþykki borgarráðs. Ekki þurfi staðfestingu borgarstjórnar. Þetta er misskilningur að sögn borgarlögmanns.**

**STJÓRNSÝSLA** Jóhann Halldórsson, forsvarsmaður félaganna S8 og S10, segir kaup síðarnefnda félagsins á lóðinni suður af húsi Íslenskrar erfðagreiningar þegar vera orðinn hlut með því að samkomulag um viðskiptin var samþykkt í borgarráði.

Jóhann vísar til að í samkomulaginu um viðskiptin sé fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um samþykki framkvæmda- og eignaráðs og borgaráðs.

Borgarráð hefur þegar samþykkt söluna til S10 en umræðu um málið var frestað þegar staðfesta átti kaup félagsins á lóðinni fyrir 260 milljónir króna á fundi borgarstjórnar á þriðjudag.

Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður segir það misskilning að ekki þurfi staðfestingu borgarstjórnar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum megi heimila borgarráði fullnaðarákvörðun í málum sem varða ekki verulega fjárhagslega hagsmuni. En þá megi ekki vera ágreiningur um þau mál innan borgarráðs. „Vegna þess að í þessi tilviki var eitt mótatkvæði skortir lagaskilyrði til þess að fyrir liggi fullnaðarákvörðun borgarráðs,“ útskýrir Kristbjörg.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu telja forsvarsmenn Íslenskrar erfðagreiningar lóðina umræddu tilheyra þeirra fyrirtæki og hafa boðað að sett verði fram lögbannskrafa selji borgin lóðina til annarra. Í bréfi lögmanns S8 og S10 til borgarráðs er tilkalli Íslenskrar erfðagreiningar til lóðarinnar á hinn bóginn harðlega mótmælt. Stækkun lóðarinnar á Sturlugötu 8 sé „órofa bundin“ fasteigninni á Sturlugötu 8 sem sé eign S8.

Kristbjörg segir deilu Íslenskrar erfðagreiningar og eigenda S8 og S10 ekki skipta borgina máli enda eigi hvorugt réttindi á lóðinni. Hins vegar hafi verið talið rökrétt fyrir borgina að selja viðbótarlóðina til S8/S10 sem þegar eigi byggingu Íslenskrar erfðagreiningar og vilji byggja við það hús. Lóðin sé tiltölulega lítil og leyfi ekki mikið byggingarmagn.

„Þannig að lóðin er ekki 260 milljóna króna virði ein og sér. En ef hún er notuð til að stækka lóðina við hliðina er hægt að byggja meira,“ segir borgarlögmaður.

gar@frettabladid.is




Stjórnarskiptin á Ítalíu:

# Berlusconi sver embættiseið

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi sór í gær embættiseið sem forsætisráðherra 62. ríkisstjórnar ítalska lýðveldisins frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Þetta var í þriðja sinn sem Berlusconi tók við forsætisráðherradómi. Hann fór áður fyrir Ítalíustjórn á árunum 1994-1995 og 2001-2006. Sú síðari var ein örfárra ríkisstjórna frá stríðslokum sem sat út heilt kjörtímabil.

Berlusconi kynnti ráðherralista sinn í fyrradag. Atkvæðagreiðsla um staðfestingu nýju ríkisstjórnarinnar á nýkjörnu þingi í næstu viku, en hún er formsatriði þar sem flokkarnir að baki stjórninni hafa öruggan meirihluta í báðum þingdeildum. - aa

VIKA 14

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Junphen Sriyoha:

### Í íslenskunám



Nú þegar vorið er komið fylgir því oft ferðahugur manna og er Junphen þar engin undantekning. „Ég fór um síðustu helgi ásamt erlendum félögum mínum í sumarhús í Borgarfirði,“ segir hún. „Þar höfðum við það nokkuð gott, nutum náttúrunnar og grilluðum. Reyndar var rigning mestallan tímann, sem dró aðeins úr gleðinni.“

Junphen hefur um nokkurn tíma reynt að komast á íslenskunámskeið. „Ég sótti um hjá Mími en þar var allt uppbókað. Svo komst ég á íslenskunámskeið annars staðar, en þar er aðeins kennt einu sinni í viku og þetta er einungis fyrir byrjendur, sem er ekki nógu gott fyrir mig, sem hef búið hér í mörg ár.“

Algirdas Slapikas:

### Kynnir menningu Litháen



Það er nóg að gera hjá Algirdas því hann er að klára námskeið í heimasíðugerð en síðan nálgast mikil hátíð þar sem hann mun láta til sín taka. „31. maí verður haldin svokölluð þjóðahátíð í íþróttahúsinu á Strandgötu í Hafnarfirði og ég verð þar með bás þar sem ég mun ásamt öðrum kynna menningu og matarlist frá Litháen,“ segir hann.

„Að þessu sinni taka fulltrúar frá 122 þjóðum þátt en síðasta ár voru kynntar um 30 þjóðir og talið að um 10 þúsund manns hafi kíkt inn. Nú verður þetta enn stærra þar sem Hafnarfjarðarbær heldur upp á aldarafmæli sitt sömu helgi. En þeir sem vilja kynna sér þetta nánar ættu að stilla á útvarpið Halló Hafnarfjörður og leggja við hlustir því þar eru hátíðinni gerð góð skil.“

Rachid Benguella:

### Bíllinn bilaður



„Bíllinn minn er bilaður en tengdapabbi fór með hann fyrir mig á verkstæði,“ segir Rachid. Bíllinn, sem er af gerðinni Nissan Almera, bilaði á miðvikudaginn og það setti Rachid í nokkur vandræði. „Ég þurfti að taka leigubíl þar sem ég var að vinna fram eftir en svo hef ég reynt að nota strætó. Bíllinn hefur ekki bilað í þau tæpu þrjú ár sem ég hef átt hann. Við hugsum vel um hann og förum með hann í skoðun. Ég vona að hann verði kominn í lag um helgina þar sem við, ég og konan mín, ætlum að fara norður á Akureyri.“

Charlotte Ólöf Ferrier:

### Skipuleggur fjársöfnun



„Frá því ég lauk prófum hef ég verið mjög upptekin við að skipuleggja fjársöfnun og próflokahátíð sem er í kvöld á Barnum,“ segir Charlotte Ólöf. Hún segir söfnunina fyrir munaðarleysingja í Líberíu. Þar muni hljómsveitin BBKeys & Co. spila taktfasta tóna og 1.200 krónur kosta inn. „Við erum að reyna að vekja athygli á IceAid og þá að safna peningum vegna verkefna í Líberíu. Húsið opnar klukkan ellefu. Við bjóðum frían bjór á meðan birgðir endast og frábæra tónlist.“

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir náttúrulegan farveg í Kvíslavatn:

# Tvö tilboð bárust í flóðvar í Þúfuveri

**UMHVERFISMÁL** Tvö tilboð bárust í flóðvar og önnur verk við Kvíslavatn innan friðlandsins í Þjórsárverum. Suðurverk bauð 68 milljónir króna og Heflun tæpar 92 milljónir. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 105,5 milljónir króna og er gert ráð fyrir framkvæmdum í sumar fáist leyfi til þess.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að komi til hamfaraflóðs við gos í Bárðarbungu verði vatnsmagnið meira en farvegur Köldukvíslar taki. Náttúrulegur flóðfarvegur liggi í Kvíslavatn. Þess vegna vilji Landsvirkjun gera flóðvar í Þúfuveri.

„Svona stór flóð hafa farið um þennan farveg,“ segir Þorsteinn. „Þetta er tiltölulega einföld aðgerð sem dregur úr hættunni af hamfaraflóði, bæði fyrir mannvirki og útbreiðslu flóðsins í Þjórsárverum.“

Gísli Már Gíslason, formaður Þjórsárveranefndar, segir að náttúrulegur farvegur flóðsins sé niður Köldukvísl. Hinn farvegurinn verði ekki náttúrulegur nema vegna þess að búið sé að stífla Köldukvísl.

Gísli segir að verði flóð rofni stífla í Hágöngulóni og vatnið fari með fullum krafti vestur í Kvíslavatn. Ef ekki hefði verið stífla í Hágöngulóni hefði sennilega níutíu prósent af vatninu farið í Köldukvísl og tíu prósent í farveginn í Þjórsárver.

„En núna á að veita níutíu prósentum af vatninu í Kvíslavatn,“ segir Gísli og telur réttast að setja flóðvarir í Köldukvíslarstíflu og styrkja stífluna norðan við syðri Hágöngur. „Það er eðlilegt svar við því sem er að gerast.“

- ghs



**FLÓÐVARIR Í KÖLDUKVÍSLARSTÍFLU** Gísli Már Gíslason, formaður Þjórsárveranefndar, telur réttast að setja flóðvarir í Köldukvíslarstíflu. „Það er eðlilegt svar.“




Dæmigerð þyngd í samanburði við MacBook Air

| | |
|---|---|
| Fartölva | 2,50 kg |
| Tískutímarit | 1,64 kg |
| Handtaska | 2,37 kg |
| **MacBook Air** | **1,36 kg** |

Fíton/SÍA



# Það má koma við

– nýju MacBook Air fartölvuna í Kringlunni um helgina

Þegar þú snertir nýju MacBook Air breytist allt sem þú taldir þig vita um fartölvur og verður aldrei eins aftur. MacBook Air á þig um leið og þú sérð hana. Létt, örþunn, öflug.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400
www.apple.is

Laugavegi 182
105 Reykjavík

Kringlunni
103 Reykjavík

Apple IMC




© Inter IKEA Systems B.V. 2008

# Veistu hvers vegna margir frændur okkar í Noregi og Svíþjóð sofa miklu betur en annað fólk?

## Það er vegna þess að þar eru IKEA dýnur algengari en í nokkru öðru landi.




***nýtt* SULTAN FLORVÅG svampdýna 90X200 cm. 8.450,-**
Dýna sem dreifir þyngdinni jafnt og losar um spennu í líkamanum. Dýnan er afgreidd upprúlluð; auðvelt að taka með heim. Þykkt: 10 cm




**SULTAN HEBERG springdýna 90x200. 8.950,-**
Uppbygging gormanna gerir það að verkum að loft flæðir auðveldlega um dýnuna og hún helst fersk lengur. Dýnunni má snúa við. Snúðu henni reglulega til að lengja líftímann og viðhalda þægindunum. Dökkgrátt. Þykkt: 18 cm.



**GOSA VIDE ytri koddi 1.990,-**
Má nota með innri kodda. Efni: 100% bómull. Fylling: Pólýester míkrófíber. 50x60 cm.




***nýtt* SULTAN FÅVANG svampdýna 90x200 cm. 19.950,-**
5 mismunandi þægindasvæði styðja við líkamann þar sem þess þarf og slaka á spennu í öxlum og mjöðmum. Fylling: lambsull, silki og kamelhár. Þykkt: 14 cm




**SULTAN HAMNÖ springdýna 90x200 cm. 29.950,-**
Virkir pokagormar veita líkamanum þann stuðning sem hann þarf auk þess sem þeir slaka á spennu í öxlum og mjöðmum. Dýnan lagar sig að líkamanum þannig að blóðflæðið eykst og þú sefur betur og nærð dýpri slökun. Hvítt. Þykkt: 28 cm.



**GOSA SYREN koddi 1.290,-**
Efni: 100% bómull. Fylling: Pólýester trefjakúlur. 50x60 cm.




***nýtt* SULTAN FIDJETUN svampdýna 90x200 cm. 26.950,-**
Memory foam losar um þrýsting og bætir blóðflæðið um líkamann - þú slakar betur á og sefur betur. 5 cm þykkur svampur veitir líkamanum góðan stuðning. Þykkt: 14 cm




**SULTAN HEIDAL springdýna 200x90 cm. 39.950,-**
Náttúruleg efni eins og vistvæn bómull, ull og maístrefjar veita þér hámarks þægindi og góðan svefn. Sérstaklega þykk vattering eykur síðan enn á þægindin. Virkir pokagormar veita hryggnum þann stuðning sem hann þarf auk þess sem þeir slaka á spennu í öxlum og mjöðmum. Hvítt. Þykkt: 26 cm.



**GOSA KÄRNA innri koddi 1.290,-** Notist með GOSA VIDE eða GOSA NÄVA ytri koddum. Efni: 100% pólýester. Fylling: Pólýúretan memory foam. 33x44 cm.




**SULTAN STUREFORS boxdýna 90x200 cm. 29.950,-**
Pokagormar veita líkamanum góðan stuðning. Neðra lagið er með Bonellgormum sem gerir dýnuna enn þægilegri, hún lagar sig að líkamanum, blóðflæðið eykst til vöðva og þú nærð dýpri slökun og sefur betur. Ljósgrátt. Þykkt: 24 cm.




**SULTAN SVANDAL boxdýna 90x200 cm. 39.950.-**
Stífir, virkir pokagormar veita líkamanum réttan stuðning og slaka á vöðvum og öxlum. Neðra lagið á dýnunni er með Bonellgormum sem eykur enn á þægindin. Uppbygging gormanna gerir það að verkum að loftflæðið er gott um dýnuna og hún helst þurr og fersk. Hvítt. Þykkt: 33 cm.




**100 bls.**
af frábærum hugmyndum
Skoðaðu bæklinginn á www.IKEA.is

SOFÐU EINS OG STEINN

IKEA®

KÓPAVOGSDAGAR

Dagskráin í dag 9. maí

10:00

Grunnskólar Kópavogs

„Mjög er tungan málaóð“

Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn brunar í gegnum Bólu-Hjálmar í grunnskólum Kópavogs á 50 mínútum.

Leikskólar Kópavogs

Óskin

Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.

Valur hvalur

Ævintýri fyrir börn á leikskólaaldri í umsjón starfsfólks Náttúrufræðistofu og Bókasafns. Fjörugt fræðsluerindi í máli og myndum. Panta þarf tíma í síma 570 0450.

11:00

Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn

20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs

Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans. Sýningin stendur til 10. maí.

14:00

Gjábakki

15 ára afmælishátíð

Ávörp, skemmtiatriði og afmæliskaffi í boði Gjábakka.

15:00

Stúkan á Kópavogsvelli

OPNUNARHÁTÍÐ

Ávörp og stúkan blessuð. Almenningi boðið að skoða mannvirkið.

16:00

Náttúrufræðistofa Kópavogs

Fuglinn í fjörunni

Fuglaskoðun á Kópavogsleiru í fylgd sérfræðinga Náttúrufræðistofu. Mæting kl. 16:00 fyrir neðan líknardeild Landspítalans (Þinghól).

17:00

Salurinn

HEIÐURSLISTAMAÐUR

Heiðurslistamaður Kópavogs

Starfsstyrkir listamanna, styrkur til listnema og útnefning á heiðurslistamanni Kópavogs árið 2008. Tónlistaratriði og ávörp.

20:00

Salurinn

Tíbrá: Söngtónleikar

Ferskur blær frá Ítalíu – Gissur Páll Gissurarson og Jónas Ingimundarson. Íslensk og ítölsk sönglög. Miðaverð 2000/1600 kr.

20:00

Félagsmiðstöðvar

Menningarnótt félagsmiðstöðva ÍTK

Menningardagskrá sem stendur alla nóttina, aðeins ætluð unglingum í 8.-10. bekk í grunnskólum Kópavogs gegn leyfisbréfum undirrituðum af forsjármönnum.

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.
Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500.

Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið

## FRÉTTASKÝRING: Neyðarástand í Búrma



**AÐSTOÐAR BEÐIÐ** Þessi fjölskylda eldar mat undir berum himni skammt frá þorpinu Dedaje, sem er tæpa fimmtíu kílómetra suður af Rangún. NORDICPHOTOS/AFP

# Fórnarlömbum fjölgar meðan aðstoð er tafin

**Hjálpargögn frá Sameinuðu þjóðunum eru byrjuð að berast til Búrma, en allri aðstoð frá Bandaríkjunum hefur verið hafnað. Herforingjastjórnin hikar enn við að hleypa útlendingum inn í landið.**

Það var ekki fyrr en í gær, sex dögum eftir að fellibylurinn Nargis reið yfir landið, sem fyrsta flugvélin með hjálpargögn frá Sameinuðu þjóðunum fékk að lenda á flugvellinum í Rangún, stærstu borg landsins.

Herforingjastjórnin tefur enn fyrir því að starfsfólk hjálparstofnana fái vegabréfsáritanir til að fylgja eftir hjálpargögnum og sjá til þess að þau berist þangað sem þörfin er brýnust.

Óttast er að allar þessar tafir verði til þess að fjöldi látinna verði á endanum vel yfir hundrað þúsund.

„Raunveruleg hætta er á því að úr þessu verði enn verri harmleikur ef okkur tekst ekki að koma þeirri aðstoð fljótt til skila sem brýn þörf er fyrir,“ segir John Holmes, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Hann sagði starfsfólk Sameinuðu þjóðanna leggja hart að stjórninni í Búrma um að tefja ekki frekar fyrir aðstoð, en telur þó að átök eða deilur við herforingjastjórnina muni ekki hjálpa þeim, sem þurfa á aðstoð að halda.

Hann sagðist telja að ein og hálf milljón manna hafi þegar orðið fyrir miklum áhrifum af völdum fellibylsins.

Síðdegis í gær höfðu fjórar flugvélar frá Sameinuðu þjóðunum lent í Rangún með birgðir af orkuríku kexi, lyfjum og öðrum hjálpargögnum. Þessar flugvélar hafa beðið átekta síðustu tvo daga meðan umheimurinn beið eftir að stjórnin í Búrma gæfi þeim grænt ljós.

Á meðan bíður fólk á hamfarasvæðunum, margt hvert einangrað og matarlaust, sumir slasaðir og jafnvel dauðvona.

Herforingjastjórnin hefur til þessa hafnað allri aðstoð frá Bandaríkjamönnum, þrátt fyrir að bandarískar herflugvélar bíði átekta hlaðnar hjálpargögnum. Þrjú bandarísk herskip eru einnig á leið til Búrma.

Herforingjastjórnin sagði í gær að tæplega 23 þúsund manns væru látin og rúmlega 42 þúsunda að auki væri saknað, langflest á óseyrasvæðum Irrawaddy-fljótsins.

Shari Villarosa, erindreki Sameinuðu þjóðanna í Búrma, segir að tala látinna geti á endanum orðið eitthvað yfir hundrað þúsund, einkum vegna skorts á hreinu vatni og mat.

Að mati talsmanna Sameinuðu þjóðanna er meira en milljón manns heimilislaus í Búrma. Heilu þorpin á óseyrarsvæðunum eru enn á kafi í vatni, nærri viku eftir að fellibylurinn reið yfir.

Utanríkisráðherrar Bretlands og Frakklands, þeir David Miliband og Bernard Kouchner, hvöttu í gær herforingjastjórnina til þess að „létta öllum hömlum af dreifingu hjálpargagna“.

Kínversk stjórnvöld hafa hins vegar tekið málstað herforingjastjórnarinnar í Búrma og hvetja alþjóðasamfélagið til þess að misnota ekki ástandið í landinu í pólitískum tilgangi.



FRÉTTASKÝRING
**GUÐSTEINN BJARNASON**
gudsteinn@frettabladid.is

Sjálfboðaliðar reyna að bjarga því sem hægt er:

## Ástandið er vont



**ÓMAR VALDIMARSSON** Sendifulltrúi Rauða krossins minnir á söfnun fyrir fórnarlömb fellibylsins.

„Ástandið er vont og versnar á meðan ekkert gerist,“ segir Ómar Valdimarsson, sendifulltrúi Rauða krossins, sem undanfarið hefur starfað í Kenía en þekkir einnig til Búrma. „Þetta heldur bara áfram að versna með hverjum klukkutímanum sem líður.“

Rauði krossinn er með um þrjátíu þúsund innlenda sjálfboðaliða í Búrma, og þeir eru fyrir löngu byrjaðir að gera það sem þeir geta.

„Þeir hafa reyndar sjálfir orðið illa úti margir hverjir, en það er ansi mikið sem þessir sjálfboðaliðar geta gert fyrir fólk. Margir af þeim geta veitt fyrstu hjálp, og svo eru þeir þarna að bjarga fólki út úr rústum, hjálpa fólki að komast á þurrt og jafnframt að athuga hvað hefur skemmst og hve margir hafa dáið. Þetta er mikilvægt svo hægt verði að leggja mat á hver þörfin er.“

Ómar segir ómögulegt að segja til um hve lengi fólk geti beðið eftir aðstoð.

„Það er óljóst hve mikill matur er til á svæðinu og hversu mikið vatn er til. Ég held að það sem fyrst og fremst vanti sé hreint vatn, og svo skjól og matur.“

Íslendingar geta stutt fórnarlömb fellibylsins á vefsíðunni raudikrossinn.is eða með því að hringja í söfnunarsíma Rauða krossins, sem er 907 2020.



**AUNG SAN SUU KYI** Óvíst er hvort hún er slösuð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ÞAKIÐ FAUK AF HÚSI SUU KYI

Óvíst er hvort Aung San Suu Kyi, friðarverðlaunahafi Nóbels og leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, slapp ómeidd þegar fellibylurinn Nargis reið yfir landið um síðustu helgi.

Nágranni hennar segir að þakið hafi fokið af húsi hennar í Rangún, og húsið sé rafmagnslaust með öllu. Ekki er vitað hvort hún hefur nóg af mat og vatni. Nágranninn segist þó sjá að kveikt sé á kertum í húsinu á kvöldin.

„Ég kenni í brjósti um hana. Svo virðist sem enginn hugsi um hana,“ sagði nágranninn, sem vildi ekki láta nafns síns getið af ótta við herforingjastjórn landsins.

Suu Kyi hefur verið í stofufangelsi á heimili sínu samtals í tólf af síðustu átján árum vegna baráttu sinnar fyrir því að lýðræði verði komið á í landinu.

# Fullur af kynþokka og lýkópeni

**Nokkur atriði um baráttu tómatsins gegn krabbameini og meint kynörvandi áhrif**

Ríkur af A-vítamíni og er því mikilvægur fyrir konur á meðgöngu

Heldur ónæmiskerfinu sterku

Er ávöxtur en vegna lítils sætumagns var tómaturinn flokkaður sem grænmeti

Algjörlega laus við kólesteról



Inniheldur efni sem viðheldur góðri sjón

Ítalir kalla tómatinn ástarepli og þykir hann afar kynörvandi

Geymist best við stofuhita því kæling eyðir bragði og næringu tómatsins

Inniheldur mikið magn lýkópens sem er einn öflugasti náttúrulegi samherji okkar gegn krabbameini

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 38068 03/08

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.923 **-0,36%**

**Fjöldi viðskipta:** 371
**Velta:** 3060 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PETROLEUM | +3,35% | EXISTA | -1,81% |
| FØROYA BANKI | +2,04% | EIMSKIPAFÉLAGIÐ | -1,18% |
| ATORKA | +0,84% | LANDSBANKINN | -1,08% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,25 +0,84% ... Bakkavör 33,45 +0,60% ... Eimskipafélagið 21,00 -1,18% ... Exista 10,83 -1,81% ... FL Group 6,37 +0,00% ... Glitnir 17,00 +0,30% ... Icelandair Group 21,80 +0,00% ... Kaupþing 799,00 -0,13% ... Landsbankinn 27,60 -1,08% ... Marel 93,40 +0,00% ... SPRON 4,67 +0,43% ... Straumur-Burðarás 11,87 -0,67% ... Teymi 3,62 +0,00% ... Össur 96,00 -1,03%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápur ...*

### Sveittur bankastjóri

Vegna misskilnings var Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, spurður á uppgjörsfundi hvernig hann skýrði að lán til tengdra aðila hefðu hækkað að skila mætti um tugi milljarða. Það kom í fyrstu á Sigurjón áður en ljóst var að um misskilning var að ræða og farið var að fletta í uppgjörspappírum til að athuga hvort mistök hefðu verið gerð við gerð reikninga. Þegar sannleikurinn kom í ljós; að ruglað hafði verið saman milljónum og milljörðum var bankastjóranum mikið létt. „Ég svitnaði bara og hélt að Bjöggi hefði komist í kassann og hirt allt," sagði Sigurjón og átti við Björgólf Guðmundsson, formann bankastjórnar. Uppskar hann hlátur fundarmanna.



### Umframvarnir banka

Hrein gjaldeyrisstaða Kaupþings nam í lok mars um 457 milljörðum króna en eigið fé var 404 milljarðar. Á síðasta ársfjórðungi bætti bankinn við sig gjaldeyri fyrir um níutíu milljarða króna. Davíð Oddsson seðlabankastjóri var spurður að því á fundi í gær hvort þessi „umframvörn" á eign bankans hefði haft áhrif á krónuna. „Ég vil nú ekki gefa álit á því hvort þessi viðbúnaður bankanna umfram brýnustu þörf hafi haft megináhrif í þessum efnum. Við vissum það lengi að krónan myndi lækka," sagði Davíð, og hann væri hlynntur því að bankarnir verðu sig gegn gengisbreytingum. Þó legði hann áherslu á að bankarnir sýndu hóf í eigin vörnum og þetta væri til skoðunar innan bankans.

# Vextir í Evrópu eru óbreyttir

Seðlabanki Evrópu og Seðlabanki Englands ákváðu báðir í gær að halda stýrivöxtum sínum óbreyttum. Eru vextir Seðlabanka Evrópu nú fjögur prósent og fimm prósent hjá Seðlabanka Englands.

Báðir bankar vísuðu til áhyggna af verðbólgu í rökstuðningi fyrir ákvörðunum sínum, sem komu ekki á óvart og ollu litlum viðbrögðum á mörkuðum.

Stýrivextir Seðlabanka Evrópu hafa nú verið óbreyttir í ellefu mánuði samfleytt. Sérfræðingar telja þó að bankinn gæti lækkað vextina síðar á árinu þar sem teikn séu á lofti um að kólnun sé framundan í efnahagslífi Evrópusambandslanda. **- bih**

# Tapar 48 milljörðum

FL Group tapaði tæpum 48 milljörðum króna frá janúar til mars á þessu ári. Á hálfu ári hefur félagið tapað um 111 milljörðum króna.


JÓN SIGURÐSSON

Stærstan hluta tapsins á fyrsta ársfjórðungi 2008 má rekja til fallandi gengis hlutabréfa sem FL Group á. Bréf félagsins í Glitni lækkuðu um 20,6 milljarða króna og í öðrum skráðum félögum um 13,8 milljarða króna. Tap vegna sölu á hlutum í Commerzbank, Finnair og Aktiv Kapital nam 11,3 milljörðum króna. Samanlagt er þetta tap upp á tæpa 46 milljarða króna.

Tapið færist ekki allt yfir á eigið fé því hreinn gengishagnaður af gjaldeyrisstöðu var um sjö milljarðar króna. Neikvæð áhrif tapsins á eigið féð eru því um 41 milljarður. Jón Sigurðsson forstjóri sagði eiginfjárstöðuna sterka eða um 115 milljarða króna. Endurfjármögnun skulda á þessu ári gengi vel og einungis væri eftir að fjármagna tvo milljarða ef fimm milljarða skuldabréfaútboð í maí væri talið með.

Jón sagði að rekstrarkostnaður hefði verið skorinn niður um 33 prósent á fjórðungnum og stefnt að því að lækka hann um fimmtíu prósent á árinu. Starfsmenn væru nú 26 en voru 41 fyrir fimm mánuðum. **- bg**

# Vaxtamunur lítill

Langt er nú liðið frá því að síðasta krónubréfaútgáfan leit dagsins ljós en lítið hefur verið um að vera á þeim vettvangi undanfarna mánuði. Krónubréf hafa nú ekki verið gefin út síðan 15. febrúar síðastliðinn, að því er fram kemur í Morgunkorni Glitnis. Þar segir þetta ekki koma á óvart, þar sem aðstæður á gjaldeyrisskiptamarkaði hafa ekki verið með besta móti hér á landi og vaxtamunur við útlönd verið afar lítill í stystu samningum.

Lítið er um gjalddaga krónubréfa í sumar. Í gær gjaldféll tveggja milljarða króna útgáfa þýska bankans Rentenbank sem jafnframt er eini gjalddagi maímánaðar. Í júní gjaldfalla krónubréf að nafnvirði 15 milljörðum króna að viðbættum vöxtum og í júlí og ágúst samtals 22 milljarðar króna. **- bih**

# Fjármálakerfið traust

**Seðlabankinn telur að í meginatriðum sé íslenska fjármálakerfið traust. Hins vegar sé þörf á viðbúnaði. Brýnasta verkefni bankanna sé að tryggja aðgang að erlendu lánsfé og minnka lánsfjárþörf.**

„Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust," sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri þegar hann kynnti fjármálastöðugleika bankans í gær.

Bankinn komst að sömu niðurstöðu fyrir ári. Þar sagði hann jafnframt að menn yrðu að vera viðbúnir því að vextir kynnu að hækka og draga úr lausafé. „Bankinn gerði ekki ráð fyrir að veðrabrigðin yrðu svo skörp sem raun ber vitni," sagði Davíð.

Seðlabankinn telur þó til kosta að eignir bankanna og fjármögnun þeirra sé dreifð og telur að þeir hafi verið vel undir það búnir að mæta þrenginum. Bankarnir séu nú ágætlega í stakk búnir til þess að mæta vaxandi vanskilum og útlánatapi.

Raunar segir Seðlabankinn að í fyrra hafi hlutfall stórra áhættuskuldbindinga af eigin fé bankanna aukist og einnig hlutfall eignarhaldsfélaga í útlánum. „Ástæða er til að gefa þeirri þróun gaum," sagði Davíð.


**DAVÍÐ ODDSSON** Seðlabankastjóri telur að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Hann ræðir lítið styrkingu gjaldeyrisvaraforða bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann sagði bankana hafa brugðist við erfiðleikum í lánsfjármögnun með ýmsum hætti en þörf sé á viðbúnaði. „Brýnasta verkefni þeirra í bráð er að tryggja aðgang að erlendu lánsfé og minnka lánsfjárþörf," sagði Davíð.

Davíð sagði að stjórnvöld hefðu eflt úrræði sín. Þá nefndi hann einnig sterka stöðu ríkissjóðs og það að gjaldeyrisforðinn hefði verið tvöfaldaður í hittiðfyrra. Ríkisvaldið hefði lýst yfir vilja til að styrkja hann frekar. Davíð vildi fátt segja um stöðu mála, upphæðir og tímasetningar, annað en að kjör væru betri nú en fyrir skömmu og að rætt væri við aðra seðlabanka. Ekki væru efni til að ræða það frekar.

ingimar@markadurinn.is





**Í GRÆNU SMIÐJUNNI** „Fyrsta uppskeran," sagði Össur Skarphéðinsson glaðbeittur við opnun hjá ORF Líftækni í Grindavík í gær. Með honum er Björn L. Örvar framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Græn stóriðja í Grindavík

ORF líftækni hefur formlega opnað hátæknigróðurhúsið Grænu smiðjuna í Grindavík. Þar er framleitt erfðabreytt bygg sem notað er til að búa til svokölluð sérvirk prótín en þau eru svo seld í lyfjaframleiðslu, lyfjaþróun og rannsóknir.

ORF líftækni er þegar orðið stærsta fyrirtækið á sínu sviði í Evrópu og eru aðstandendur félagsins bjartsýnir á framhaldið. Afurðir félagsins eru mjög sérhæfðar og segir Björn Lárus Örvar, sameindaerfðafræðingur og framkvæmdastjóri félagsins, mikinn áhuga á framleiðslunni. Þegar hefur verið samið um fyrstu sölu. Hann talar um framleiðsluna sem „græna stóriðju" en 2.000 fermetra byggingin sem nú hefur verið tekin í notkun er einungis fyrsti áfangi starfseminnar.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra skar fyrsta byggið við hátíðlega athöfn í gær og tók gróðurhúsið formlega í notkun.

Gróðurhúsið er sagt einstakt í heiminum og framleiðslan að mestu sjálfvirk. Mikla orku þarf til ræktunar byggs í gróðurhúsi og notar verksmiðjan rafmagn og heitt vatn frá orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. **- óká**




DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI




# Nú geta fleiri notið góðs...

## Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum

Alhliða byggingavöruverslanir með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla. Sama vöruúrval og í Múrbúðinni í Reykjavík.




DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**3.990kr.**



Bílskúrs- og þvottahúsflísar
30x30 cm
**990kr.** pr. m²



NOVA
Hleðsluborvél 18V
**1.295kr.**



Verkfærasett 33 hlutir
**795kr.**



NOVA 4,8V Skrúfvél
og skrúfbitar
**495kr.**





NOVA Batterísborvél 18V
+ 91 stk. verkfæri
**1.695kr.**



ARGES Slípirokkur 1050w
**3.900 kr.**

NÝTT!
ARGES
GÆÐAVERKFÆRI

3 tangir
og skiptilykill
**95kr.**



DRIVE hrærivél
**8.900 kr.**



DRIVE Slípirokkur 1150w
**1.900 kr.**



ARGES bor-högg-brothamar
**6.900 kr.**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma



Plastparket, eik, planka
790kr. pr. m²
Veggflísar 15x15 cm, ljósgráar
595 kr. pr. m²
DRIVE flísaskeri 400mm
1.490 kr.
DEKACRYL 7, 10 lítrar
3.290kr.
Baðvask blöndunartæki
5.900kr.
Verkfærakista Caddy 26"
2.495kr.
Verkfærasett 55 hlutir
495kr.
Rúlla og bakki
495kr.
...og gert enn betri kaup!
Trappa, 4 þrep
2.995kr.
Vaskur á borð
4.900kr.
DRIVE flísasög 800w
17.900kr.
Hjólbörur 90L
1.700kr.
Háþrýstidæla Max140 bör
3.990kr.
Verkfærasett 5 hlutir
195kr.
Grillum samkeppnina
GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og hliðarplata.
52,000-BTU. Elektrónísk kveikja.
Grillgrind er postulínshúðuð. 43x38cm
Hitaplata er postulínshúðuð. 43x19cm
Þrýstijafnari og slöngur fylgja.
36.900kr.
Stigi, 8 þrep
4.495kr.
Stigar og tröppur
– margar stærðir
og gerðir!
GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og hliðarplata.
60,000-BTU. Kveikja í stillihnapp.
Grillgrind er postulínshúðuð. 44x56cm
Extra sterk hjól v. gaskút
Þrýstijafnari og slöngur fylgja.
34.900kr.
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Klettháls: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-16
Suðurnes: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14
Akureyri: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samgönguskipulag á villigötum:

## Göng undir Sundin væru glapræði

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur bitið það í sig að hún vilji leggja áformaða Sundabraut í göng undir Laugarnes og Sundin. Hvað sem það kostar. Fram hefur komið, meðal annars á fundi sem fram fór í Ráðhúsi Reykjavíkur á miðvikudagskvöld sem boðaður var með svo skömmum fyrirvara og auglýstur svo illa að hann fór framhjá ansi mörgum sem áhuga hefðu haft á að leggja þar orð í belg, að gangaleiðin yrði að minnsta kosti níu milljörðum króna dýrari kostur en hin svonefnda eyjaleið, sem Vegagerðin telur skynsamlegri.

Þegar tillagan um gangaleiðina er skoðuð nánar sést að þessi áætlaði kostnaðarmunur er algert lágmark. Það eru svo miklir óvissuþættir við að leggja tvö tvíbreið gangarör undir hafsbotn á þessari leið, með tilheyrandi aðreinaslaufum, að viðbúið er að þegar upp verði staðið verði kostnaðurinn mun meiri en upprunalegar áætlanir gera ráð fyrir. Hins vegar fylgir áætlanagerð um smíði yfirborðsvegar um hefðbundnar brýr mjög lítil óvissa.

En jafnvel þótt áætlanir stæðust, þá eru níu milljarðar svo há upphæð að hún krefst þess að dokað sé við. Hvað væri til dæmis hægt að gera fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu fyrir níu milljarða?

Betrumbætur á Vesturlandsvegi í gegn um Mosfellsbæ hafa nú þegar minnkað þörfina á Sundabraut frá því fyrstu áform um byggingu hennar voru smíðuð. Engu að síður er það óumdeilt að talsverð samgöngubót yrði að henni. En það er eins og það gleymist oft að hafa í huga hvaðan þeir koma og hvert þeir ætla sem nota eiga Sundabraut. Það er vandséð, út frá því hvernig umferðarstraumar borgarinnar liggja, hvers vegna þeir sem nota vilja Sundabraut eigi að aka niður í sjó fyrir utan garð Hrafns Gunnlaugssonar í Laugarnesinu. Það þarf ekki annað en að líta á kort til að sjá að eyjaleiðin (innri leið) liggur nær meginumferðarstraumunum.

Við blasir að gangaleiðin myndi lítið nýtast Grafarvogsbúum, öðrum en þeim sem starfa í gamla miðbænum. Eins og skýrt kemur fram í spám um umferðarþunga sem Jónas Snæbjörnsson, sérfræðingur hjá Vegagerðinni, kynnti í erindi á áðurnefndum fundi í Ráðhúsinu og finna má á vef Vegagerðarinnar, myndi innri leiðin nýtast íbúum á svæðinu mun betur. Svo lengi sem ekki er hafin uppbygging nýrra íbúðarhverfa í Geldinganesi og Álfsnesi kemur Sundabraut raunar að takmörkuðu gagni. Nema þá fyrir gegnumstreymisumferð, en hún kemst ekki á fyrr en búið er að leggja báða áfanga Sundabrautar, alla leið upp á Kjalarnes. Og það verður ekki fyrr en að svo mörgum árum liðnum að í millitíðinni verður sjálfsagt búið að byggja nýju hverfin.

Mistökin sem gerð voru með því að hrinda í framkvæmd því skelfilega skipulagsslysi sem kallað er „nýja Hringbraut" ætti að vera víti til varnaðar. Varnaðarorð heyrðust ríkulega í þá tvo áratugi áður en hafizt var handa við þá framkvæmd, sem hefðu átt að geta vakið ábyrga stjórnendur til vitundar um það í hvers konar slys stefndi. Á því hvernig fór bera bæði Vegagerðin, samgönguyfirvöld ríkisins og borgaryfirvöld ábyrgð. Nú ríður á að skynsemin fái að ráða áður en tugmilljörðum króna af fé almennings er sökkt í göng undir Laugarnesbukt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Innritun stendur yfir fyrir haustið 2008
Dagana 9 – 16 maí.
Vornámskeið að hefjast – 4 vikur
hópkennsla, mest 4 saman.
1 klst. 2 x í viku.
Verð 28.000- /
Einkakennsla 40 min 2 x í vikur
Kennari Þorsteinn Gauti
Verð 40.000.-

Ármúli 38 / við Selmúla
6916980 pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskolinn.is

Skráning í síma milli 11.00 – 15.30

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Steingrímur í einkaflug

Eiður Guðnason sendiherra segir á bloggsíðu sinni frá ferð sem hann fór í ásamt fimm öðrum þingmönnum með einkaflugvél til Grænlands árið 1985. Tilefnið var stofnfundur vestnorræna þingmannaráðsins og var ákveðið að leigja flugvél til að spara tíma. Eiður segist ekki sjá neinn mun á þessu og flugi Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með einkaþotum. Af sexmenningum sem fóru til Grænlands á sínum tíma situr aðeins einn ennþá á þingi: Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Flokkssystkin hans gagnrýndu einmitt einkaþotuflug Geirs og Ingibjargar harðlega og töluðu um að stjórnmálamenn ættu að deila kjörum með almenningi. Ekki ber á öðru en þau hafi fyrirgefið formanninum brot sitt. Ætli það teljist ekki fyrnt?



### Hvenær á að upplýsa laun?

Fréttastofa Sjónvarps fjallaði um ráðningu Jakobs Frímanns Magnússonar í starf framkvæmdastjóra miðborgarmála kvöldfréttum í gær. Í fréttinni var meðal annars sagt frá launum Jakobs Frímanns og þau sundurliðuð. Þetta er áhugavert í ljósi þess að mánuðum saman þráaðist RÚV við að upplýsa um laun dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins og Ríkissjónvarpsins.



### Stjórnmálastarf

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, var ekki hress í kvöldfréttum Stöðvar tvö á miðvikudagskvöld, þar sem Heimir Már Pétursson fréttamaður spurði hana út í loforð um afnám á veglegum lífeyriskjörum ráðamanna. Ítrekað hefur verið minnt á þetta loforð í kvöldfréttum Stöðvar tvö og sagði Ingibjörg Sólrún engu líkara en að fréttastofa Stöðvar tvö væri í stjórnmálastarfsemi en ekki að segja fréttir. Heimir Már ætti alltént að vera öllum hnútum kunnugur á þeim vettvangi; hann er fyrrverandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar.

bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




## Framhaldskólinn í höndum Alþingis

UMRÆÐAN

Aðalheiður Steingrímsdóttir og Magnús Ingólfsson skrifa um frumvarp til framhaldsskólalaga.



AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR



MAGNÚS INGÓLFSSON

Alþingi fjallar nú um frumvarp til framhaldsskólalaga sem felur í sér verulegar breytingar á starfi framhaldsskóla. Félag framhaldsskólakennara veitti menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarpið í nafni Kennarasambands Íslands 28. janúar sl. sem hægt er að kynna sér á www.ki.is. Félagið telur ýmislegt í frumvarpinu geta orðið efni í góða menntastefnu ef rétt er staðið að málum en leggur áherslu á að það verði lagfært með tilliti til eftirfarandi sjónarmiða.

- Fyrirætlanir um að draga eigi úr miðstýringu í námsframboði og í námskrárgerð þurfa að koma skýrt fram í nýjum lögum.
- Tilgreina þarf námseiningafjölda til stúdentsprófs svo að tryggt verði að nemendum bjóðist jafngilt og sambærilegt nám og nú er.
- Skýra þarf tilgang þess að taka upp nýtt einingakerfi fyrir framhaldsskólastigið.
- Skýra þarf tilgang þess að lengja skólaárið í framhaldsskólum um fimm daga.
- Bæta þarf forsendur skóla til þess að bjóða nemendum upp á nám við hæfi og sveigjanlega námsframvindu.
- Tryggja verður rétt nemenda og kennara til þátttöku í ákvörðunum um innra starf framhaldsskóla.
- Tryggja verður rétt nemenda til fjölbreytilegs framhaldsskólanáms.
- Tryggja verður að skólar geti axlað aukna ábyrgð á vinnustaðanámi nemenda.
- Tryggja þarf að ólögráða framhaldsskólanemendur njóti sambærilegs stuðnings, ráðgjafar og þjónustu og ólögráða nemendur á öðrum skólastigum.
- Markmið um aukna náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur þurfa að koma skýrar fram í nýjum lögum.
- Tryggja þarf rétt ólögráða nemenda til framhaldsskólavistar í grennd við heimili sitt.
- Setja verður gæðaviðmið um þjónustu við nemendur í fjar- og dreifnámi og að tryggja jafnan aðgang þeirra að náminu.
- Nám og námsgögn verði ólögráða nemendum að kostnaðarlausu.

Fjöldi samþykkta um frumvarpið sem berast þessa dagana frá einstökum kennarafélögum framhaldsskólanna til Alþingis og menntamálaráðherra fela í sér þá ósk og sannfæringu að sátt verði að ríkja í samfélaginu um nýja löggjöf og framkvæmd hennar í skólunum. Slík sátt er væntanlega um leið traustasti hornsteinn farsæls skólastarfs. Jafnframt er sú krafa áberandi að vinna þurfi frumvarpið mun betur í ýmsum mikilvægum greinum.

Fá frumvörp hafa á síðari árum fengið fleiri athugasemdir og gagnrýni og framhaldsskólafrumvarpið nú. Efnislegar og faglegar forsendur einstakra lagagreina þarf að ígrunda vel og vanda sem mest og best. Eins er með faglegar áherslur menntunar og uppeldis. Vafamál er hvort tími vinnist til að ganga sómasamlega frá málinu á vorþingi. Löggjafinn þarf nú að staldra við og skoða málið á sjálfstæðan hátt.

*Höfundar eru formaður og varaformaður Félags framhaldsskólakennara, Kennarasambandi Íslands.*

**Aðeins í dag föstudag og á morgun laugardag!**

# Útsala
# á notuðum Combi-Camp tjaldvögnum

**Verð frá 360.000 krónum**

**Árgerðir 2003-2007**



Hægt er að fá nýtt tjald og fortjald með vögnunum á góðu verði.





## Nýir Combi Camp tjaldvagnar

Allir nýir Combi Camp tjaldvagnar eru með ýtihemlum og hand-brensum -*aukið öryggi.*

**Verð frá 721.000 krónum**

**Rubis hjólhýsi á tilboði:**



Rubis 310 hjólhýsi árg 07.
Létt og meðfærilegt hús með upphækkanlegum toppi.
Verð 1.770.000,- **Tilboð aðeins 1.410.000.**

**COMBI-CAMP ÍSLAND**

*Höfum flutt stafsemi okkar í glæsilegt húsnæði R.SIGMUNDSSONAR Klettagörðum 25*

**Opið: föstudag 08:00 - 18:00 og laugardag 12:00 - 16:00**

**R.SIGMUNDSSON**

R.SIGMUNDSSON ehf. | Klettagörðum 25 | 104 Reykjavík | S: 520 0000 | F: 520 0020 | rs@rs.is | www.rsigmundsson.is

# Af hverju ekki inn í ESB?



Eftir Halldór Jónsson

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar skrifar „Af hverju inn í ESB ?“

Samfylkingin hefur komizt að þeirri niðurstöðu „að hagsmunum Íslendinga sé betur borgið innan ESB frekar en utan. Að mínu mati er það að sama skapi engin tilviljun að nánast allir þjóðir Evrópu eru annaðhvort aðilar að ESB eða hafa sótt um aðild“.

Lægi Ísland landlukt innan ríkja í ESB þá væri þetta skiljanlegt. Ég fæ ekki séð annað, en að aðstæður okkar séu gerólíkar. Við erum eyland mitt á milli heimsálfa og eigum mun meiri orkuauðlindir en flest hin ríkin. En þau hafa til dæmis skortinum einum að skipta í orkumálum og eru algerlega háð Rússum.

**Meiri hagvöxtur hér en þar**

Enn segir Ágúst: „Í stuttu máli mætti segja að helstu kostirnir við aðild eru aukin áhrif, lægra matvælaverð, aukinn stöðugleiki, lægri vextir, sanngjarnara landbúnaðarkerfi, auknar erlendar fjárfestingar, minni gengisáhætta og gengissveiflur, lægri skólagjöld erlendis, minni viðskiptakostnaður og bætt félagsleg réttindi. Ekki má gleyma að Íslendingar eru evrópsk þjóð sem á heima í samfélagi annarra Evrópuþjóða.“



„Lýðnum gef ég Fróðafrið, fylli rígaþorski mið, bind í sveitum sólskinið, sérhvert loforð stend ég við.“ Þannig kvað Magnús Ásgeirsson framboðsræðu Odds sterka af Skaganum.

Ég veit ekki hvort að aukinn stöðugleiki og lægri vextir verði hérlendis sjálfgefin afleiðing inngöngu í ESB. Hér hefur lengi verið mun meiri hagvöxtur en þar. Fæst af honum byggðist á sameiginlegum málum Evrópu. Útlánavextir eru löngum sízt lægri í Evrópu en hér á landi. Mörgum hættir til að rugla saman vöxtum í útlöndum saman við íslenzka óverðtryggða vexti. Verðtrygging er aðeins endurspeglun á innlendri verðbólgu og hverfur með henni. Líki Íslendingum ekki verðtryggð krónulán, þá hafa hér öllum staðið til boða erlend lán.

„Nú þurfum við að taka yfir stóran hluta af lykillöggjöf ESB án þess að hafa neitt um löggjöfina að segja.“

Bragð er að þá barnið finnur og væntanlega hressist óbeysið lýðræðið okkar þegar þegar Ágúst Ólafur fer að stimpla skjölin frá ESB ótruflaður. En mörgum hefur fundist íslenzkir stjórnmálamenn hafa verið furðulega lesblindir í sínum stimplunum og látið mikilvægar undanþáguheimildir fram hjá sér fara.

**Tollablokk**

„Efnahagslegir kostir aðildar ættu einnig að vera ljósir. ESB er stærsta viðskiptablokk í heimi og um 70% af utanríkisviðskiptum Íslands eru við ríki ESB og EES.“

Efnahagsblokk ESB er tollablokk gegn amerísku blokkinni og Asíu. Innan hennar er gætt margvíslegra sérhagsmuna, svo sem í landbúnaði. Við Íslendingar lifum hinsvegar á milli stóru blokkanna og höfum haft það besta frá báðum.

Ég leiði hjá mér að elta ólar við það, hversu lítið Ágúst gerir úr fiskimiðunum okkar og barnslegu trausti á hans á stofnunum ESB. Þó að kvótakerfið sé búið að verða fjölskyldu Ágústs Ólafs til blessunar, þá er ekki víst að nýtt fyrirkomulag fiskveiða á vegum ESB muni reynast honum betur né heldur nýju bandamönnunum í Framsókn.

*Íslendingar eru nýkomnir í gegnum mesta hagvaxtartímabil sögu sinnar. Hvaða mynt var í landinu þennan tíma?*

„Fróðlegt er að hagþróun þeirra ríkja ESB sem bjuggu við ólíkari hagsveiflu en þá sem mátti finna hjá meginþorra ESB-ríkjanna hefur ekki farið úr böndunum við upptöku evrunnar.“

Myntbreyting hefur allstaðar haft verðbólgu í för með sér, sbr. reynsluna frá Þýzkalandi og okkar eigin reynslu af myntbreytingu um árið. Bretar köstuðu ekki sínu pundi né heldur Danir krónunni.

Íslendingar eru nýkomnir í gegnum mesta hagvaxtartímabil sögu sinnar. Hvaða mynt var í landinu þennan tíma? Hversvegna er krónan allt í einu núna orðin ónýt örmynt? Íslenzka sparikrónan er raunverulega besti gjaldmiðill í heimi. Verðtryggingin á sparifénu er besti vinur almennings, sem er hvergi í heiminum í boði nema hér. Allstaðar eru neikvæðir vextir á sparifé en lánsfé dýrt.

**Alþjóðleg frekar en evrópsk**

„Ekki má gleyma að Íslendingar eru evrópsk þjóð sem á heima í samfélagi annarra Evrópuþjóða.“

Mér sýnist að við Íslendingar séum mun alþjóðlegri í allri hugsun en meginlandsbúar. Ég tel okkur standa fótum beggja vegna Atlantsála. Lífsmáti okkar er gerólíkur lífsmáta margra hinna landluktu sveitamanna í Evrópu. Borgirnar okkar eru miklu líkari amerískum bæjum og lífsstíll okkar oft mun líkari þeim ameríska en þeim evrópska.

Hvað ef ESB myndi einhverntímann ákveða að taka upp „Machtpolitik“ að hætti Adolfs Hitlers og byggja upp herveldi? Munu þá íslenzkir dátar þéna þar undir?

Vonandi eru þessar framtíðarsýnir Ágústs Ólafs skýringin á fylgishruni Samfylkingarinnar og sýna, að Íslendingum er þrátt fyrir allt annt um landið sitt og muna Einar Þveræing.

*Höfundur er verkfræðingur.*


FRÍMERKI • UMSLÖG • SEÐLAR • MYNT

Fyrirtækið Thomas Höiland Auktioner A/S í Kaupmannahöfn er stærsta fyrirtækið á Norðurlöndum með uppboð á frímerkjum og mynt og heldur stór uppboð á hverju ári auk þess að vera stöðugt með uppboð á Netinu.



Dagana 9. og 10. maí n.k. munu sérfróðir menn frá fyrirtækinu verða á Íslandi í leit að efni á næstu uppboð.

Leitað er eftir frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum, heilum söfnum og lagerum svo og gömlum seðlum og mynt.

Boðið er upp á umboðssölu eða staðgreiðsluviðskipti eftir óskum viðskiptavinarins.
Þeir verða til viðtals á Hótel Holti föstudaginn 9. maí kl. 16:00-18:00
og laugardaginn 10. maí kl. 10:00-12:00

THOMAS HØILAND AUKTIONER A/S
Frímerki • Mynt
Muslingevej 40 • 8250 Egå • Tlf. +45 8612 9350 • +45 4032 4711
www.thauctions.com • e-mail: tr@thauctions.com


# Meirihluti í stuði?

UMRÆÐAN

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um embættisráðningar



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Undanfarnar vikur hefur Ráðhúsfarsinn verið líflegur. Í hverju málinu á fætur öðru tekst borgarstjóra að vera í mótsögn við samstarfsmenn sína í meirihlutanum og stundum líka við sjálfan sig. Af þessu leiðir að sjö manna túlkaþjónusta Sjálfstæðisflokksins á æ erfiðar með að koma með trúlegar útskýringar á orðum hans og meintu innihaldi þeirra.

**Sitt í hvoru lagi**

REI málið sauð upp úr, fréttir bárust af neyðarfundi meirihlutans fimmtudagskvöldið 17. apríl þar sem samþykkt var að selja REI. Meðan meirihlutinn fundaði, að Ólafi F. Magnússyni fjarstöddum, horfði þjóðin á borgarstjóra í Kastljósi lýsa því að REI yrði ekki selt. REI-málið er enn óútkljáð innan meirihlutans, svo enn bullar í þeim potti.

**Fornminjum fórnað**

Næst komst borgarstjóri í hrópandi mótsögn við sjálfan sig þegar gengið var frá söluferli á Fríkirkjuvegi 11, en borgarstjóri var áður en hann varð borgarstjóri algerlega á móti sölunni en nú þegar hann er orðinn borgarstjóri lét hann sig ekki muna um að ganga frá málinu og bæta nítjándu aldar hestagerði aftan við húsið í söluna. Í hestagerðinu hefur verið sparkvöllur fyrir börnin í hverfinu en nú geta kaupendur breytt því í bílastæði. Ljóst er að engin sátt er um þessa ráðstöfun svo enn kraumar í þessum potti.

**Unnið að umhverfisslysi**

Ekki tók betra við þegar myndir náðust af borgarstjóra bölsótast út í vinningstillöguna í Vatnsmýrarsamkeppninni. Myndavélar höfðu reyndar verið pantaðar á staðinn til að taka upp söng borgarstjóra við undirleik Jakobs Frímanns Magnússonar, númer sem þeir félagar voru víst búnir að vera að æfa saman. Enn hefur sjónvarpið ekki sýnt frá þeim menningarviðburði en ágreiningurinn innan meirihlutans um ágæti Vatnsmýrartillögunnar var fyrsta frétt á laugardaginn. Þrátt fyrir þessa uppákomu vinna sjálfstæðismenn á fullu eftir tillögunni sem Ólafur kallar umhverfisslys, svo enn sýður í þeim potti.

**Stuð**

Nýjasta uppákoman er svo ráðning Jakobs Frímanns Magnússonar í stöðu „Framkvæmdastjóra miðborgar“. Jakob, sem ráðinn var án auglýsingar en „vonandi út kjörtímabilið“ að sögn borgarstjóra, mun heyra beint undir borgarstjóra eins og aðstoðarmaður borgarstjóra og að sögn borgarstjóra þiggja sambærileg laun og aðstoðarmaður borgarstjóra. Laun sem eru eins og kunnugt er nokkuð vegleg og fáir borgarstarfsmenn kannast við.

**Stuð, stuð**

Á fundi borgarstjórnar síðastliðinn þriðjudag spurði ég borgarstjóra út í ráðninguna og hvort um aðstoðarmann númer tvö væri að ræða. Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, tók að sér að svara og tók af allan vafa um hvað henni fyndist eðlilegt í þessum efnum. „Það eru engar heimildir fyrir því að hafa tvo aðstoðarmenn. Þannig að ég veit ekki hvað borgarfulltrúinn er að fara eða hvurs lags aðdróttanir hún er með hér eða hvurs lags ímyndun um það að hér séu starfandi tveir aðstoðarmenn. Algjörlega úr lausu lofti gripið. Borgarfulltrúinn veit það jafn vel og ég.“

**Stuð, stuð, stuð**

Á sama tíma og orð Hönnu Birnu féllu úttalaði Borgarstjóri sig um ráðninguna á tíu fréttum sjónvarps og komst þannig að orði: „Nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgarmála verður mjög náinn borgarstjóra í hans brýnustu verkefnum og aðstoðar hann á fleiri sviðum heldur en bara að vera framhandleggur hans út í miðborgarmálin.“

Þar með er borgarstjóri enn og aftur kominn í mótsögn við félaga sína í borgarstjórn og reyndar hringinn í kringum sjálfan sig líka. Í Kastljósi sama kvöld þegar hann er innt eftir því hvort ráðningin gæti farið saman við nefndarstörf Jakobs fyrir F-lista segir borgarstjóri: „Hér er nú bara villandi orðalag fyrst, að hér sé um einhverja einkavæðingu eða verið að misnota einhver kunningjatengsl eða eitthvað verið að standa óeðlilega að verki eða fara illa með fjármuni almennings sem ég hef náttúrlega aldrei gert.“ Fréttamaðurinn sagði vitanlega ekkert af þessu sem borgarstjóri kallar villandi orðalag, en það sem borgarstjóri þylur upp sem villandi orðalag er merkilegt nokk, orðalag sem á ágætlega við, þó að enginn hafi sagt það nema hann sjálfur. Þannig að enn bullar í þeim kolli. Spurning hvort Stuð-maðurinn hjálpi.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Brúðkaupsferð Ínu og Geira

**Bjarki Bjarnason skrifar:**

Brúðkaup Ínu og Geira hafði legið í loftinu um nokkurt skeið þegar efnt var til þess á Þingvöllum fyrir tæpu ári. Brúðkaupsveislan fór að sjálfsögðu fram í Valhöll og að henni lokinni var haldið til byggða. Fyrst var ætlunin að fljúga með einkaþotu en ekki fékkst lendingarleyfi í þjóðgarðinum svo gripið var til þess ráðs að aka í sælli bifreið vestur yfir heiði, eins og segir næstum því í kvæðinu.

Gestirnir óku í humátt á eftir brúðhjónunum en þegar þessi samfylking kom upp á Mosfellsheiði veittu menn því athygli að pappírssnifsi tóku að fljúga út um bílgluggann hjá Ínu og Geira. Voru þau ýmist merkt sem „kosningaloforð“ eða „brúðkaupsheit“ og lentu á ólíklegustu stöðum. Á einum miðanum stóð „algjört stóriðjustopp“ og hann hrapaði ofan í Almannagjá og loforð um ókeypis námsbækur í framhaldsskólum sökk niður í Vilborgarkeldu. Þegar brúðhjónabíllinn rann niður Mosfellsdalinn sagði Geiri: „Þú ert sætasta stelpan á ballinu, hvernig líst þér á að við skellum okkur í Sjallann á Akureyri?“

„En þurfum við þá ekki að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin?“ sagði Ína.

„Jú, en er ekki frítt í þau?“ spurði Geiri.

„Nei, það gleymdist,“ sagði Ína kæruleysislega og henti því loforði út um gluggann svo það fauk út á Sundin blá.

Skömmu síðar stönsuðu brúðhjónin við endurvinnslustöð Sorpu og þar hvarf enn eitt kosningaloforðið ofan í ruslagám.

„Hvað stóð á þessum miða?“ spurði brúðguminn.

„Æi, það var einhver tugga um eftirlaun þingmanna,“ sagði Ína. „Það má endurvinna hana fyrir næstu kosningar og næsta brúðkaup,“ bætti hún við.

Síðan hélt hersingin til Reykjavíkur þar sem veislunni var haldið áfram í hinu gamla fangelsi við Arnarhól.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.













4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Tom Yum súpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Kryddlegin dádýralund** með seljurótarsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.290 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.680 kr.*



PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Að mati Kristjáns borða allt of fáir íslenskan mat nú til dags. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bjúgu beint úr sveitinni

***Kristján Ingólfsson þúsundþjalasmiður er mjög hrifinn af íslenskri matargerð og hefur alltaf verið.***

Kristján ólst upp við íslenska matargerð og hefur verið iðinn við að elda það sem er rammíslenskt. Í uppáhaldi hjá Kristjáni eru bjúgu sem hann fær reglulega úr sveitinni og þá býður hann vinum heim í mat.

„Það eru ekki margir sem eru hrifnir af bjúgum og þykir mér það algjör synd. Bjúgu eru herramannsmatur og má segja að þau standi alltaf fyrir sínu. Þegar ég fer í heimsókn norður í sveitina er ég oftar en ekki sendur heim til Reykjavíkur með glás af bjúgum. Það er fátt betra en ekta íslensk sveitabjúgu, sem eru klárlega mitt uppáhald,“ segir Kristján. Honum finnst best að elda bjúgun á einfaldan hátt og bera þau fram með kartöflum og uppstúf.

„Hægt er að leika sér með bjúgu á marga vegu. Það er ekki skylda að sjóða þau því stundum hef ég tekið mig til og grillað bjúgu og það er ekkert nema snilld. Oftast sýð ég bara bjúgun og hef þetta einfalt og þægilegt. Ég hef reynt að hugsa hvernig hægt væri að útbúa skemmtilega rétti úr bjúgum. Ekki hef ég fundið upp á einhverju stórkostlegu en þessi rannsóknarvinna er enn í fullum gangi og vonandi kemur eitthvað út úr henni sem allra fyrst,“ útskýrir Kristján og hlær.

Bjúgun sýður Kristján og ber þau fram með kartöflum og uppstúf. Hann segir að einnig sé gott að fá sér sinnep og kartöflumús ef uppstúfnum er sleppt en annars geti fólk notað hvað sem er.

*mikael@frettabladid.is*


nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI
**Barnamatseðill**
206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki.
207. Kjúklingaleggir með soðnum hrísgrjónum.
208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
209. Djúpsteiktur fiskur með hrísgrjónum, karrýsósu eða súrsætri sósu.

NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899





**Grilltíminn** er hafinn. Gott ráð er að hreinsa grillgrindina fyrir notkun með því að nudda hana vel með lauk.




# Svarti borgarinn slær í gegn

***Veitingastaðurinn Brons í Pósthússtræti 9 býður upp á öðruvísi hamborgara með kolsvartri turkish pepper-sósu.***

Svarti borgarinn eins og hann er kallaður hefur vakið mikla lukku. Svarta sósan er borin fram í skál og ætlast er til að henni sé hellt yfir kjötið. Einnig er hinni hefðbundnu hamborgarasósu skipt út og piparrótarsósu er smurt inn á hamborgarabrauðið.

Brons er tiltölulega nýr staður, til húsa þar sem Kaffibrennslan var áður. „Plötusnúðar spila hérna þrisvar í viku, við viljum hafa umhverfið lifandi með góðri tónlist, en við reynum að hafa tónlistina aldrei það hátt stillta að fólk geti ekki talað saman,“ útskýrir Aðalsteinn Sigurðsson, yfirþjónn staðarins.

Brons býður upp á mikið úrval af tapas-réttum, einnig hefðbundna hamborgara, samlokur, súpur og salöt. „Eftir hálfan mánuð munum við bæta við matseðilinn svo um munar, þá verða fleiri kjöt- og pastaréttir í boði í bland við tapas-réttina,“ segir Aðalsteinn.

**UPPSKRIFT AÐ SVARTA BORGARANUM**

**Hefðbundið hamborgarakjöt með brauði**
**Grænmeti, ostur og beikon**
**Piparrótarsósa**

**Svarta sósan: Turkish pepper-brjóstsykur bræddur í potti með vatni og hrært vel í.**

*klara@frettabladid.is*



Sósan er búin til úr turkish pepper-brjóstsykri sem er bræddur í potti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI









## Fair trade-kaffi

TE & KAFFI TAKA ÞÁTT Í AÐ TRYGGJA SANNGJÖRN VIÐSKIPTI

Nú hefur Te & kaffi hafið framleiðslu á fair trade-vottuðu kaffi sem fáanlegt er í öllum sérverslunum fyrirtækisins.

Markmiðið með fair trade er að auka jafnræði í alþjóðaviðskiptum og tryggja réttindi framleiðenda í þróunarlöndum þannig að þeir fái sanngjarnt verð fyrir framleiðslu sína.

Kaffið kemur í þremur tegundum. Með því að kaupa fair trade-vottað kaffi taka viðskiptavinir þátt í að hjálpa fólki við að byggja upp fyrirtæki sem hlúir að samfélagi sínu og starfsmönnum og gefur aukna möguleika á hágæða framleiðslu.







**Helgin** verður votviðrasöm. Gúmmístígvél eru því eini skófatnaðurinn af viti í helgarbröltið um hvítasunnuna.

# Náttsöngvar á hvítasunnu

***Mótettukór Hallgrímskirkju flytur Vesper eftir Rachmaninov á annan í hvítasunnu.***

Vesper er gjarnan talið eitt helsta tónverk rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar og merkasta verk tónskáldsins Sergeis Rachmaninov. Mótettukórinn flytur Vesper í Hallgrímskirkju á annan í hvítasunnu, 12. maí kl. 17. Einsöngvararnir þrír sem syngja með kórnum eru ekki af verri endanum og sagði Hörður Áskelsson, stjórnandi kórsins, okkur lítillega frá þeim.

„Við fáum einn söngvara alla leið frá Pétursborg en það er hann Vladimir Miller sem er basso profondo og mjög þekktur sem slíkur. Verkið er skrifað fyrir hefðbundinn fjögurra radda kór a cappella auk þess sem sérlega djúpar bassaraddir bætast við venjulega kórbassann og er það gríðarlega áhrifamikið,“ segir Hörður spenntur. „Ég frétti af Miller í gegnum Kammerkór eistnesku fílharmóníunnar sem söng í Salnum í Kópavogi. Þetta er mikil viðbót fyrir okkur og útvíkkun á verkinu,“ útskýrir Hörður.

Tenórinn er meðlimur í Mótettukór Hallgrímskirkju og heitir Nebojsa Colic. „Hann kemur frá Serbíu en hefur búið á Íslandi í nokkur ár og auk þess að syngja með okkur í Mótettukórnum þá er hann kórstjóri hjá rétttrúnaðarkirkjunni á Íslandi. Þó svo að hann starfi ekki sem tónlistarmaður þá hefur hann þekkt þetta verk, sögu þess og merkingu frá blautu barnsbeini og þessa tegund af tónlist en serbneska réttrúnaðarkirkjan er með tónlist í þessum stíl,“ útskýrir Hörður.

Síðast en ekki síst er það altsöngkonan Auður Guðjohnsen sem Hörður kynntist fyrst í inntökuprófi hjá kammerkórnum Schola Cantorum sem Hörður stýrir einnig. „Hún hreif okkur mikið þar og nýtur sín vel í verkinu,“ segir Hörður einlægur.

Í Vesper er kórröddum skipt mikið upp og þegar mest lætur syngur kórinn í ellefu röddum. Verkið er einkar hljómfagurt og að sögn Harðar nýtur það sín vel í miklum hljómi Hallgrímskirkju. Hægt að nálgast miða í Hallgrímskirkju og er almennt miðaverð 3.000 krónur. Verkið verður flutt aftur 15. júní á alþjóðlegri tónlistarhátíð á Akureyri. „Þá koma þrír rússneskir söngvarar frá Moskvu og syngja þessi þrjú hlutverk og er það ekki síður spennandi,“ segir Hörður, sem hlakkar mikið til tónleikanna.

*hrefna@frettabladid.is*



Hörður hefur lagt sig fram við að gera flutning Mótettukórsins á Vesper eftir Rachmaninov sem líkastan uppruna sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Thai-golfmót

Hið árlega Thai-golfmót fer fram á Þverárvelli á Hellishólum á morgun. Allir Taílandsfarar, áhugamenn um Taíland og aðrir góðir gestir eru velkomnir á mótið. Ræst verður út frá öllum teigum klukkan 11. Verð kr. 3.500 og er glæsilegur taí-kvöldverður að hætti meistarakokka Hellishóla innifalinn í mótsgjaldi. Skráning er hafin á www.golf.is eða í síma 487-8360. Glæsileg verðlaun verða veitt fyrir karla og konur.



Skráning á Thai-golfmót fer fram í gegnum www.golf.is.

## Hátíð í bæ

Menningar- og afmælishátíðin Vor í Árborg 2008 er nú í fullum gangi, en hátíðin hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Meðal viðburða um helgina má nefna glímu, leiðsögn um Stokkseyri og tónleika Lúðrasveitar Selfoss á laugardaginn og göngu á Ingólfsfjall og rokktónleika á sunnudaginn. Er þá fátt upptalið. Allar nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á vefsíðunni www.arborg.is



Alls kyns spennandi uppákomur verða á Menningar- og afmælishátíðinni Vor í Árborg 2008.


Stökktu til
Benidorm
21. eða 28. maí
frá kr. 39.990



Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða nú allra síðustu sætin til Benidorm í lok maí á einstökum kjörum. Stökktu tilboð er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja sumarfrí á góðum kjörum. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Benidorm er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Aukavika kr. 15.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Við erum í svo miklu vorskapi að við ætlum að ljóstra upp leyndarmálinu okkar bakvið Eika Feita-borgarann!
UPPSKRIFTIN
McCain



EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is
EF UPPSKRIFTIN HEPPNADIST EKKI HJÁ ÞÉR ÞÁ ERTU ALLTAF VELKOMIN TIL OKKAR!

allt atvinna
Alla sunnudaga

Lúxus pottar á ótrúlegu verði!
Gríptu tækifærið og fáðu þér heitan pott fyrir sumarið



www.luxuspottar.is
Símar: 849 9977 & 868 0516
Lúxus pottar

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



# Hvalaskoðun á Drangsnesi

***Verið er að leggja síðustu hönd á að skipuleggja hvalaskoðunarferðir út frá Drangsnesi í sumar.***

Ásbjörn Magnússon, fararstjóri og sjómaður, hyggst bjóða upp á eina hvalaskoðunarferð á dag frá miðjum júní, en þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á svona ferðir á þessu svæði.

Drangsnes og Hólmavík teljast vænlegir staðir til hvalaskoðunar, en Ásbjörn segir að oft á tíðum þurfi ekki að sigla langt til þess að finna hvalina, þeir séu oft sýnilegir frá landi.

Ásbjörn hefur verið með ferðir á bátnum sínum Sundhana ST 3 út í Grímsey og sjóstangveiði frá árinu 1997. Grímsey er oft kölluð perla Steingrímsfjarðar, þar er mikilfenglegt fuglalíf og gríðarstór lundabyggð, en eyjan er nú aðgengileg og vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Hann bendir á að lítið hafi verið um gistirými á Drangsnesi, en hann er í þessu að steypa plötu undir tíu herbergja hótel til að bæta við gistimöguleikum. Í dag er gisting á staðnum fyrir 28 manns, kaffistofa og krá og svo sundlaug.

Ásbjörn stendur þó ekki einn í þessu öllu. „Konan mín er með mér í þessu og svo fara börnin mín að ganga inn í þetta líka. Dóttir mín mun sjá um kaffistofuna í sumar og svo vona ég að tengdadóttir og sonur verði með mér á sjónum“, segir Ásbjörn.

Ásta Þórisdóttir, leiðsögumaður frá Hólmavík, hefur einnig verið með í ferðunum út í Grímsey undanfarin ár.

Ásbjörn er búinn að kaupa annan bát undir hvalaskoðanirnar en hann verður ekki tekinn í notkun fyrr en sumarið 2009.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þessar ferðir er beint á heimasíðuna www.strandir.is/malarhorn/sundhani.htm

*klara@frettabladid.is*




Ásbjörn Magnússon hefur verið með ferðir til Grímseyjar og sjóstangveiði á bátnum sínum Sundahana í um áratug. LJÓSMYNDIR/WWW.STRANDIR.IS/MALARHORN/SUNDHANI.HTM



Hvalaskoðun er nýr og spennandi möguleiki á þessum slóðum. NORDIC PHOTOS/GETTY



Lómagnúpur í allri sinni dýrð og stórfengleika. MYND/JÓHANNES SÓLMUNDARSON

## Gengið á Lómagnúp

DAGANA 30. MAÍ TIL 1. JÚNÍ NÆSTKOMANDI STENDUR FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST FYRIR HELGARFERÐ AÐ HINUM TIGNARLEGA LÓMAGNÚPI.

Lómagnúpur er eitt hæsta standberg inni í landi, gnæfir yfir Skeiðarársand og heillar flesta sem um sandinn fara. Útsýni ofan af Lómagnúpi er einstakt; árnar liðast um ströndina og líta ofan frá séð út eins og flókið ættartré.

Tjaldað verður á Kirkjubæjarklaustri til tveggja nátta. Annan daginn verður gengið á fjallið, en fararstjóri ákveður hvorn daginn það verður. Auk þess verður helgin notuð til áhugaverðrar náttúruskoðunar á þessu fallega landsvæði.

## Hákarlar og ofurhlaup

OFURHLAUP OG KÖFUN MEÐ HÁKÖRLUM ERU MEÐAL ÞESS SEM LESA MÁ UM Í NÝJU TÖLUBLAÐI ÚTIVERU.

Nýtt tölublað Útiveru, sem gefið er út af Fjölva, kom út í síðustu viku en þar má meðal annars lesa viðtal við Neil Kapoor, breskan ofurhlaupara, sem býr og æfir á Íslandi. Hann hleypur 180-200 kílómetra á viku og stefnir að tífaldri Ironman-þríþraut í haust.

Þá er einnig fjallað um sjö íslenska kafara sem fóru í ferðalag til þess að kafa í Rauða hafinu og voru gagngert að leita uppi hákarla, hættulegustu dýr hafsins.

Í blaðinu er fjöldi annarra greina og er alþingiskonan Siv Friðleifsdóttir meðal annars tekin tali. Hún hefur lifandi áhuga á útivist og náttúruskoðun og stundar áhugamál sín með allri fjölskyldunni.

*- ve*






Óskum eftir traustu, kláru og kátu fólki í Leiðsöguskólann

Innritun stendur yfir

www.mk.is

Leiðsögunám

**Leiðsögunám er spennandi eins árs kvöldnám sem veitir nemendum þjálfun í leiðsögn og haldgóða þekkingu á svæðum landsins, náttúru, sögu og menningu.**

**Kennt er mánudags- til miðvikudagskvölds, auk vettvangsferða um helgar. Umsækjendur skulu vera 21 árs, með stúdentspróf eða sambærilega menntun ásamt því að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli. Tungumálakunnátta er þó ekki nauðsynleg fyrir kjörsviðið „Leiðsögn með Íslendinga“.**

**Afþreyingarleiðsögn**
Afþreyingarleiðsögumenn kynnast eðli og framboði afþreyingar á Íslandi með sérstakri áherslu á leiðsögn í hvata- og ævintýraferðum.

**Gönguleiðsögn**
Gönguleiðsögumenn fá kennslu og þjálfun í að fara með ferðamenn í lengri eða styttri gönguferðir.

**Almenn leiðsögn**
Almennir leiðsögumenn eru þjálfaðir til skipulagðra ferða um landið í hópferðabifreiðum.

**Leiðsögn með Íslendinga**
Leiðsögn með Íslendinga er ný námsleið við skólann. Á því kjörsviði er áherslan á menningar- og sögutengda leiðsögn.

**Innritun lýkur 15.maí.**
**Munnleg inntökupróf í erlendu tungumáli að eigin vali fara fram í lok maí.**

Leiðsöguskólinn | sími: 594 4025 | www.mk.is |



FABRIKAN

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

# FÖSTUDAGUR

9. MAÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Kolfinna Baldvinsdóttir þáttastjórnandi á ÍNN*




„Í dag ætla ég að fagna afmæli Evrópusambandsins á Hótel Sögu og í kvöld fer ég í matarboð. Annars hafði ég hugsað mér að hafa það huggulegt í bænum og fara í göngu upp á Reykjafell með hundana mína og sinna blessuðum börnunum mínum. Svo er náttúrlega aldrei að vita nema að manni verði boðið út. Við vinkonurnar úr Mér finnst … ætlum líka að hittast um helgina og eyða góðri stund saman,“ segir Kolfinna Baldvinsdóttir sjónvarpskona en hún og Ásdís Olsen hafa grafið stríðsöxina eftir að samstarfið sprakk í síðustu viku.

# Drengurinn kom í heiminn á mettíma



Sjónvarpskonan Friðrika Hjördís Geirsdóttir og unnusti hennar, Stefán Hilmarsson, aðstoðarforstjóri Baugs, eignuðust son á frídegi verkalýðsins, 1. maí. Fæðingin gekk vonum framar og tók örstutta stund. Það munaði litlu að drengurinn myndi fæðast á leiðinni því honum lá svo mikið á að koma í heiminn. Ekki er búið að gefa drengnum nafn en hann var 15 merkur þegar hann fæddist. Þegar Föstudagur heyrði í Friðriku var hún alsæl og sagði að drengurinn væri algerlega til fyrirmyndar og svæfi vel. Fram undan eru annasamir tímar hjá fjölskyldunni en fyrir eiga þau Friðrika og Stefán soninn Gunnar Helga sem er 18 mánaða auk þess sem Stefán á tvö börn frá fyrra hjónabandi.



Friðrika Hjördís Geirsdóttir sjónvarpskona og Stefán Hilmarsson, aðstoðarforstjóri Baugs, eignuðust son 1. maí.

## fréttir

### EKKI LENGUR SVARTIR OG HVÍTIR

Baráttusöngur KR-inga, „Við erum svartir, við erum hvítir“, verður tæpast kyrjaður á áhorfendapöllum KR-vallarins í sumar en liðið tók á dögunum í notkun nýjan varabúning sem verður einungis notaður í Landsbankadeildinni. Heitustu KR-ingarnar eru ekki sáttir við búninginn. Hann minnir óneitanlega á búninga hollenska landsliðsins auk þess sem hann er í sjálfum Fylkislitnum, appelsínugulum, en þessi tvö knattspyrnufélög hafi verið erkióvinir í áraraðir. Harla ólíklegt verður því að teljast að KR-ingar mun láta sjá sig á vellinum í sumar þaktir appelsínugulri andlitsmálningu.



### LÝSI VIAGRA-ÆÐI SUMARSINS?

Heyrst hefur að eftir að spjallþáttadrottingin Rachel Ray upplýsti í þætti sínum á Skjá einum að lýsi væri ekki bara allra meina bót heldur líka kynörvandi hafi lýsisbirgðir höfuðborgarsvæðisins verulega látið á sjá. Enda vilja allir halda lífinu í tuskunum. Ef þessi kenning Rachel Ray reynist rétt munu eflaust erilsamar nætur lögreglunnar um helgar heyra sögunni til, því um leið og kynörvandi lýsisinntaka fer að segja til sín þá vilja jú allir fara heim og njóta ásta í stað þess að kýla mann og annan.


FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
**Blaðamenn**
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
Alma Guðmundsdóttir
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000


*Þorfinnur Ómarsson kom mömmu sinni á óvart*

# Kemur nakinn fram

Dansverkið Systur eftir þær Ástrós Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur var frumsýnt 1. maí í Iðnó við mikinn fögnuð. Ekki spillti innkoma sjónvarpsmannsins góðþekka, Þorfinns Ómarssonar, fyrir en í fyrstu tveimur sýningunum gerði hann sér lítið fyrir og steig á sviðið öllum að óvörum á Adamsklæðunum einum. „Ég var með í undirbúningsvinnunni fyrir verkið og þær notuðu mig upphaflega sem staðgengil fyrir þetta hlutverk,“ segir Þorfinnur en þeim Ástrós, Láru og Þórhildi Þorleifsdóttur, sem var faglegur ráðgjafi sýningarinnar, fannst hann henta afar vel í sjálft hlutverkið. „Ég myndi ekki gera þetta fyrir hvaða tilefni sem er eða fyrir hvern sem er en verkið sem slíkt er mér afar kært og hugleikið og ég ákvað því að slá til,“ segir Þorfinnur, sem berar sig fyrir hugsjónina eina en ekki frægðina. Fyrir hverja sýningu er fenginn þjóðþekktur karlmaður til að fara með hlutverk Þorfinns, hins nakta karlmanns í sýningunni, og verður spennandi að sjá hvaða karlmenn þora að bera sig. „Það er mikill boðskapur í verkinu sem á fullt erindi við áhorfendur. Hugmyndin á bak við verkið er afar virðingarverð og heillandi en þar er kynjahlutverkunum snúið við.“ Margir ráku upp stór augu þegar Þorfinnur birtist á sviðinu í allri sinni dýrð enda hafði hann verið þögull sem gröfin. „Mamma vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þar sem hún sat úti í sal á frumsýningunni og var yfir sig hrifin. Vissulega kom þetta öllum í opna skjöldu en við ákváðum að halda þessu leyndu þar sem þetta átti ekki að vera aðalatriðið í sýningunni,“ segir Þorfinnur og bætir því við að þetta hafi ekki verið það auðveldasta sem hann hafi tekið sér fyrir hendur. „Það að koma nakinn fram á sviði var mikil áskorun fyrir mig. Auk þess þurfti ég að halda ákveðinni stöðu á sviðinu og vera grafkyrr, sem reyndi mjög á,“ segir Þorfinnur, sem hefur ekki fengið frekari tilboð um nektarmyndatökur í kjölfar sýningarinnar, að minnsta kosti ekki enn sem komið er. „Ég hef ekki enn þá fengið borgað fyrir minn hlut og því ljóst að maður er allavega ekki að gera þetta fyrir peninginn,“ segir Þorfinnur að lokum *bergthora@365.is.*



Þorfinnur Ómarsson kom nakinn fram í danssýningunni Systur þar sem eiginkona hans fer með annað aðalhlutverkið.



Veggspjaldið fyrir Systur sýnir íturvaxinn karlmannslíkama í forgrunni en ekki er gefið upp hver á þennan stælta líkama.

**GULLI HELGA ER BYRJAÐUR AÐ UNDIRBÚA AÐRA SERÍU AF HÆÐINNI**

# Leitin er hafin að hentugu húsnæði

Í gærkvöldi lauk sjónvarpsþættinum Hæðinni sem sýnd hefur verið á Stöð 2 undanfarnar vikur. Nú hefur Stöð 2 ákveðið að framleiða aðra seríu af Hæðinni vegna mikilla vinsælda fyrstu seríunnar. „Þegar við fórum af stað með Hæðina vorum við ekki með neitt framleiðsluhandrit. Nú er það hins vegar tilbúið og við erum með það í höndunum og því er ekkert annað í stöðunni en að gera aðra þáttaröð,“ segir Gulli Helga, stjórnandi þáttarins. Í Hæðinni var hann í fjögurra manna starfi því hann sá einnig um að verkstýra iðnaðarmönnunum, var í samskiptum við þörin, stillti iðnaðarmennina og tökulið saman og svo þurfti að mynda öll herlegheitin og búa til heildstæðan sjónvarpsþátt. Þegar hann er spurður að því hvað hafi verið erfiðast nefnir hann það að klára. „Það var verið að innrétta á mettíma og mynda það allt jafnóðum. Það tók stundum á.“ Þegar hann er spurður að því hvað hann ætli að gera öðruvísi í næstu seríu segir hann að það snúi eingöngu að framleiðsluferlinu. „Við erum mjög ánægð með Hæðina enda voru allir þeir sem unnu að þættinum hoknir af reynslu. En eftir fyrstu seríuna sjáum við hvernig mætti hagræða hlutunum betur.“ Fyrsta verkefnið fyrir nýju seríuna er að finna húsnæði. „Ég er bara að skoða það núna. Það eru svo margir möguleikar í boði og þegar við verðum búin að finna húsnæði þá förum við í það að leita að pörum,“ segir Gulli Helga, til í slaginn, jákvæður með bros á vör. *martamaria@365.is*




Gulli Helga sjónvarpsmaður bíður spenntur eftir að gera aðra seríu af Hæðinni.

Garðsett
SICILY
verð aðeins
4.990,-






Garðsett Calvi verð aðeins 39.900,-



Mediterranean 5stk Pasta/salatskálasett verð 3.990,-



Garðkertastjaki
MARRAKESH
verð áður 1.990,-
1.490,-

the PIER gleðilegt sumar

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

# Birta opnar nýja Júníform-verslun

Verslunin Júníform, sem selur hönnun Birtu Björnsdóttur fatahönnuðar, verður opnuð í Ingólfsstræti 8 í dag. „Við breyttum húsnæðinu eftir okkar höfði og saumastofan er inni í miðri búð,“ segir Birta í samtali við Föstudag. Spurð að því hvernig stemningin sé í nýja húsnæðinu segir hún að heimilislegur bragur sé ríkjandi. „Þetta er bara í okkar stíl. Ég fann gamalt veggfóður í bílskúr í Breiðholti og svo steinlögðum við veggi og reyndum að halda í allt þetta gamla sem prýðir húsnæðið.“ Þegar hún er spurð að því hvort þetta breyti einhverju fyrir hana segir hún svo vera. „Þetta breytir öllu, vinnuaðstaðan er miklu betri enda vorum við löngu búin að sprengja hitt húsnæðið utan af okkur. Hér er líka töluvert rólegra, ekki eins mikil umferð og á Hverfisgötunni og næg bílastæði,“ segir Birta, alsæl með nýju verslunina.



Birta í nýju Júníform-versluninni. MYND/ANTON

## Nautasteik á Búllunni

Hverjum hefði dottið í hug að nautasteik á skyndibitastað væri æt? Hamborgarabúlla Tómasar sannar þessa kenningu því nautasteikin þar er algert lostæti. Með frönskum og ekta bearnaisesósu erum við að tala um herramannsmat og þangað flykkjast þeir sem meira mega sín í þjóðfélaginu og gúffa í sig þessum gómsæta bita.



*Kílóin hrynja af Regínu Ósk þótt hún stígi aldrei á vigtina*

# Mörgum sentímetrum mjórri



Í stuði á Hlustendaverðlaununum, Friðrik Ómar, Regína Ósk og Svenni, kærasti hennar.

Það geislaði af Regínu Ósk á Hlustendaverðlaunum FM957 en það fór ekki framhjá neinum að kílóin hafa hrunið af henni síðan hún sigraði undankeppni Eurovision í Sjónvarpinu í febrúar. „Ég hef ekki hugmynd um hvað ég er búin að léttast um mörg kíló því ég stíg eiginlega aldrei á vigt, en ummálið hefur minnkað í sentímetrum. Ég er í miklu átaki, búin að taka mataræðið í gegn og svo er ég hjá einkaþjálfaranum Lindu Jónsdóttur sem hefur reynst mér vel,“ segir Regína Ósk þegar Föstudagur hefur samband við hana. „Mér finnst kílóafjöldinn samt ekki skipta neinu máli því aðalmálið er að vera fitt og passa í fötin sín.“ Þegar hún er spurð að því hvernig átakinu sé háttað segist hún forðast alla óhollustu. Hún borði til dæmis ekki majones og franskar, sleppi öllu gosi og reyni að borða sem minnstan sykur. „Ég hef aukið próteinið í fæðunni og reynt að borða á þriggja tíma fresti. Það sem háir okkur nútímakonunum er að við gleymum að borða í annríki dagsins og þá borðum við allt of mikið því við erum svo svangar,“ segir hún og hlær. Þegar hún er spurð að því hvort það verði ekki erfitt að halda sér við holla mataræðið þegar þau fara til Serbíu segir hún svo ekki vera. „Við Friðrik Ómar erum samstiga í að hugsa vel um okkur. Það er nóg af grænmeti, ávöxtum og sódavatni alls staðar í heiminum,“ segir hún. Friðrik Ómar hefur einnig verið duglegur við að losa sig við aukakílóin en fyrir nokkrum árum var hann þrjátíu kílóum þyngri en hann er í dag. „Í þessum bransa þarf að líta vel út og vera í formi því það er meira en að segja það að vera uppi á sviði í nokkra klukkutíma.“

Spurð að því hvernig hún verðlauni sig fyrir góðan árangur nefnir hún fatakaup eða ferðir á snyrtistofuna. „Ég verðlauna mig allavega ekki með mat. En þegar ég vil gera extra vel við mig þá fæ ég mér grillmat en gæti þess vel að sleppa sósunum því þær eru svo hættulegar,“ segir hún og hlær. *martamaria@365.is*



Þessi mynd var tekin af Regínu árið 2005, munurinn leynir sér ekki.


Topp 20 SKÍFULISTINN Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum | Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 9-16 Maí 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Sverrir Bergmann | Bergman |
| 2 | Hjaltalín | Sleepdrunk Seasons |
| 3 | Páll Óskar | Allt fyrir ástina |
| 4 | Bloodgroup | Sticky Situation |
| 5 | Sigur Rós | Hvarf / Heima |
| 6 | Nýdönsk | Allt |
| 7 | Gus Gus | Forever |
| 8 | Mugison | Mugiboogie |
| 9 | Muse | Haarp |
| 10 | Sigurður Flosason | Bláir skuggar |
| 11 | Einar Scheving | Cycles |
| 12 | Sigurður Flosason | Blátt ljós |
| 13 | Ýmsir | Pottþétt 45 |
| 14 | Ólöf Arnaldsdóttir | Við og við |
| 15 | Leona Lewis | Spirit |
| 16 | Ellen Kristjánsdóttir | Einhversstaðar einhverntíma |
| 17 | KK | Blús |
| 18 | Whitesnake | Good to be bad |
| 19 | Herbert von Karajan | The Collection |
| 20 | Ýmsir | Íslandslög 1-6 |

VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Bee Movie |
| 2 | Enchanted |
| 3 | I Am Legend |
| 4 | Jungle Book 2 |
| 5 | Mannaveiðar |
| 6 | Assassination of Jesse James |
| 7 | Doddi þættir 9-16 |
| 8 | Ratatouille |
| 9 | High School Musical 1 |
| 10 | Doddi þættir 1-8 |
| 11 | We Own the night |
| 12 | Latibær 7 |
| 13 | Jungle Book - ív ísl. tal |
| 14 | Sydney White |
| 15 | Jackass 2.5 |
| 16 | Shoot'em Up |
| 17 | Iceland´s Favourite Places |
| 18 | Brave One |
| 19 | Charlottes Web |
| 20 | Flushed Away |




S·K·Í·F·A·N


BERTONI
PIPAR • SÍA
SÓLARSPRENGJA
Jakkaföt frá 9.900
Bertoni Shine gallabuxur á 2.900
Íþróttatreyjur á 4.900
Stakir Bertoni jakkar á 4.900
Sólgleraugnasprengja!
Öll gleraugu fást
á 10 kr. með jakkafötum.
Nú er opið til kl. 18 á laugardögum
og frá 13 - 17 á sunnudögum.
Herra
hafnarfjörður

# fatastíllinn

*Kjartan Sturluson eigandi birkiland.com*

**1.** Hatturinn var keyptur í verslun Kormáks og Skjaldar. Kjartan segir að það sé nauðsynlegt að eiga höfuðfat.
**2.** „Þetta er hermannabelti úr fyrri heimsstyrjöldinni og keypti ég það í antíkverslun í Mílanó. Nafn hermannsins stendur innan á beltinu og hét eigandi þess Wolfgang.“
**3.** „Ég keypti úrið í London. Ég er mjög hrifinn af þessu úri, sem er hannað af Philippe Starck.“
**4** „Þessa sandala lét ég sérsauma á mig í bænum Mahabilipuram á Indlandi. Alveg ótrúlega þægilegir sandalar.“


1



## Einfalt og gott

**Getur þú lýst þínum stíl?** Hann er mjög einfaldur, sumir myndu segja einhæfur. Svart er yfirgnæfandi, örlar á hvítu. Allar flíkur passa saman og get ég því farið í það sem hendi er næst hverju sinni.

**Kaupir þú mikið af fötum?** Ég kaupi nú ekki mikið, er oftast sáttur við mín kaup og nota fötin lengi.

**Hvað kaupir þú helst?** Jakka, gallabuxur, stuttermaboli, nærbuxur og sokka.

**Hvaða flík er í mestu uppáhaldi?** Það er svartur einhnepptur jakki með leðurboðungum frá John Richmond.

**Hugsar þú mikið um útlitið?** Ég þríf mig reglulega og skelli fötunum einstöku sinnum í vél.

**Í hvernig fötum líður þér best?** Mér líður langbest í gallabuxum og stuttermabol, svo líður mér afskaplega vel í reiðbuxum og lopapeysu.

**Uppáhaldsverslun?** Verslunin Corso Como 10 í Mílanó er hrein upplifun fyrir öll skynfæri mannsins.

**Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?** Líklega hefur fataskápurinn minn að margra mati oft verið uppfullur af hræðilegum tískuslysum. En ég er nokkuð sáttur við hann í dag enda grisja ég hann reglulega.

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** Ég reyni eftir fremsta megni að forðast bindi, slaufur og pólóboli.

*martamaria@365.is*


2



3


4


Italsofa
The Italian touch
Nýjar gerðir í breyttum og stærri sýningarsal
Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð kr. 279.000.-



www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375
KORTER

# VORTILBOÐ



**TILBOÐ!**
Pablo
Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm með heilsudýnu (2x80x200)
**kr. 315.000**

**TILBOÐ!**
Francisco
Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm með heilsudýnu (2x90x200)
**kr. 499.000**

## Á RAFSTILLANLEGUM HEILSURÚMUM





## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM





### AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kírópraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises

### MIKIÐ ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA RAFSTÝRÐRA HEILSURÚMA FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa ★★★★★

6 mán.
vaxtalausar raðgr.

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



# heilsa og lífsstíll

FÖSTUDAGUR 9. MAÍ 2008




NORDICPHOTOS/GETTY

HEILBRIGÐ MELTING ER UNDIRSTAÐA GÓÐRAR HEILSU

*Probiotic blöndurnar eru sérstaklega hannaðar með tilliti til viðhalds og endurnýjunar heilbrigðrar meltingar sem aftur leiðir til betri heilsu!*




**Super 5** – *Fyrir munnheilsuna*
Inniheldur fimm tegundir vinveittra gerla sem eru gagnlegir fyrir munnhirðu. Vernda gegn þrusku, særindum í gómi, tannskemmdum, vefjaskemmdum og andfýlu.




**Super 8** – *Gegn sveppasýkingu*
Inniheldur 8 tegundir vinveittra baktería sem koma jafnvægi á gersveppinn og óþéttan meltingarveg. Einnig góð gegn sýkingu í leggöngum og þvagfærum.




**Advanced Adult's Blend**
*– Fyrir 60 ára og eldri*
Inniheldur sérhæfðan gerlahóp sem er sérstaklega ætlaður eldra fólki og valdir með tilliti til lakrar starfsemi ristilsins og lífaldurs. Bætir meltingu próteina kolvetna og fitu.




**Adult's Blend**
*– Fyrir yngri en 65 ára*
Inniheldur 12 billjónir vinveittra gerla til að viðhalda eðlilegri flóru hjá fullorðnu fólki. Bætir frásog næringarefna, eflir meltinguna, takmarkar virkni örvera, sýkla og sjúkdómsvaldandi baktería.




**Infant´s Blend**
*– Fyrir ungabörn og smábörn*
Inniheldur 7 tegunda sérhæfðan gerlahóp sem viðheldur eðlilegri flóru í ungum börnum. Inniheldur B.infantis, mikilvægustu örverurnar í meltingarvegi ungbarna og smábarna.

**Góðu gerlarnir til höfuðs þeim vondu**

***Probiotic*** eru nákvæmar samsetningar sérhæfðra gerlahópa fyrir mismunandi aldursskeið, lífsstíl og ástand. Regluleg inntaka Probiotic kemur m.a. jafnvægi á gerlagróðurinn, jafnar ástand meltingarvegarins og eykur hæfni hans við upptöku á næringarefnum.

Probiotics fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Akureyri, Samkaup Úrval Njarðvík og Blómaval.

heilsa
*–hafðu það gott*

# Laugaskokk fyrir alla

Skokkhópurinn í Laugum í Laugardal er ætlaður byrjendum upp í maraþonhlaupara og geta því allir verið með.

Hópurinn er gerður út frá World Class og oftast er hlaupið þaðan, þótt stundum sé breytt út af venjunni. Æfingar eru fjórum sinnum í viku og leiðir leiðbeinandinn, Pétur Ingi Frantzson, þátttakendur í gegnum æfingaráætlun hverju sinni.

Þeir sem eru lengra komnir fá leiðbeiningar og leggja síðan sjálfir af stað. Pétur fylgir hins vegar byrjendum og býr til áætlun með þeim. Hann metur hvern fyrir sig og útbýr síðan áætlun sem hentar hverjum og einum. Því er öllum hjálpað að komast í gang.

Hátt í hundrað manns eru í hópnum þó að þátttakendur á æfingum séu á bilinu 25 til 45. Leiðirnar eru mismunandi og nú hefjast senn hlaupaferðir í Heiðmörk á þriðjudögum.



Félagar í Laugaskokki hlaupa Þingvallahlaup 2008. MYND/HELGA ÁRNADÓTTIR,

Í hópinn komast allir sem eiga kort í World Class en einnig er hægt að hafa samband við leiðbeinandann Pétur í síma 844 6617 til að óska eftir inngöngu. Annars má sjá nánari dagskrá á laugaskokk.is. *- hs*


**Grillbúðin**
www.grillbudin.is

**Frábært grill**
fyrir íslenskar aðstæður



- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hillur úr litaðri furu
- Neistakveikja í rofa
- Skúffa fyrir fitu
- Hitamælir
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð:120 x 99,5 x 60cm
- Þrýstijafnari og slanga

16,5 kw/h
34.900
FULLT VERÐ 42.900

LANDMANN er frá Þýskalandi

Hlíðasmára 13, 201 Kóp - Sími 554 0400



LifeStream
**Bowel Biotics+**
*Einstök formúla fyrir heilbrigði maga og ristils*
*- ráðlagt af meltingarlæknum og heilsusérfræðingum*
*Ummæli íslenskra neytenda:*
*„Það besta og fljótvirkasta sem við höfum prófað"*
*Physillium Husk*
*Prebiotica Inulin FOS*
*Probiotics 5 tegundir mjólkursýrugerla*
*Vinsælasta magaheilsuefnið í Bretlandi og víðar*



*Bowel Biotics+ Kids Sérstaklega samsett svo hæfi meltingu barna*
*Fæst í apótekum og heilsubúðum*
*Celsus*




Kvennalandslið Íslands í íshokkí á svellinu á heimsmeistaramótinu í Rúmeníu síðastliðna páska. MYND/KATRÍN ELÍASDÓTTIR

# Drottningar á ísnum

**Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí kom, sá og sigraði á heimsmeistaramóti 4. deildar í Rúmeníu í mars, eftir að hafa gengið illa í undanförnum keppnum.**

„Landsliðið er ekki nema þriggja ára gamalt og þegar við kepptum fyrst á heimsmeistaramóti urðum við í neðsta sæti og í því næstneðsta árið á eftir. Það var því sætur sigur og draumi líkast að vinna gullið í ár. Við mættum til Rúmeníu sem lúserar gærdagsins en enduðum sem drottningar í sjónvarpsviðtölum og veisluhöldum eftir heimsmeistaragullið og vöktum mikla athygli," segir Guðrún Kristín Blöndal, aldursforseti liðskvenna kvennalandsliðsins í íshokkí, en með sigrinum skaust liðið rakleiðis upp í 3. deild.

„Með tilkomu skautahalla í Reykjavík og á Akureyri fór af stað kvennadeild í íshokkí árið 2000. Fyrst í stað spiluðu menntaskólastelpur upp á grín og skemmtun, en í dag skipa liðin alvöru íþróttamenn sem þjálfa allt að fimm sinnum í viku og hlaupa og lyfta þess á milli," segir Guðrún sem þakkar kanadíska þjálfaranum Söruh Smiley og einhuga metnaði íshokkíkvenna heimsmeistaragullið í ár.

„Erlendis æfa þúsundir kvenna íshokkí og úr hundruðum að velja í landslið þjóða. Það sem vakti mesta athygli á frækilegu afreki okkar úti var mannfæðin, en hér æfa að hámarki 45 konur íshokkí og þá taldar með stelpur í öllum aldursflokkum, frá fjögurra ára og upp úr. Við höfum því val úr aðeins þrjátíu kvenna hópi á landsvísu í okkar landslið og vorum því sannkallað kraftaverkalið á heimsmeistaramótinu," segir Guðrún sem byrjaði að æfa íshokkí með Skautafélagi Akureyrar á 26. aldursári.

„Íshokkí er íþrótt sem fylgir manni lengi, allt frá barnæsku til fullorðinsára. Meðalaldur er hærri en gengur og gerist í mörgum öðrum íþróttum og margar í margföldu heimsmeistaraliði Kanada nú sem eru eldri en 35 ára. Ég á því mikið eftir þótt ég sé gamla kempan í liðinu," segir Guðrún og hlær dátt, en vinsældir íshokkís fara hratt vaxandi meðal íslenskra stúlkna.



Guðrún Kristín Blöndal með fjögurra ára dóttur sinni, Sögu Margréti Sigurðardóttur Blöndal, en þær eru elsti og yngsti iðkendur í kvennahokkíinu. MYND/RÓSA GUÐJÓNSDÓTTIR

„Við vorum nýlega með opna daga á Akureyri og fullan ís af kappsömum stelpum, en þær yngstu sem æfa eru fjögurra ára. Upp er að koma ný kynslóð íshokkístúlkna á Akureyri á aldrinum tíu til sextán ára, sem er kjöraldur og þeim fer töluvert hraðar fram en okkur gömlu. Sportið er opið stelpum á öllum aldri og næsta haust verðum við aftur með opna daga á Akureyri og í Reykjavík þar sem stelpur fá að prófa gallana líka. Það er nefnilega alls ekki það sama að fara á skauta og í íshokkí, og gaman að segja frá því að þegar stelpur eru tvístígandi að velja á milli fótbolta og íshokkís en prófa bæði, velja þær allar íshokkí enda skemmtilegur leikur fyrir alvöru keppnisfólk. Leikurinn krefst mikilla átaka og ekki þurr þráður í undirgallanum eftir leiki, og maður fær mikla útrás fyrir streitu, enda rífst ég ekki lengur við eiginmanninn þegar ég kem heim," segir Guðrún og skellihlær.

„Íshokkí er hörkuíþrótt sem krefst samblands snerpu, styrks og tækni, en í raun þarf maður líka að vera náttúrubarn í þessu til að ná góðum árangri." *- þlg*

# Um Úthérað, Víkur og Loðmundarfjörð

Að ganga um fjöll og firnindi er lífsstíll hjá mörgum. Einn þeirra er Hjörleifur Guttormsson, náttúrufræðingur og fyrrverandi alþingismaður, sem er göngugarpur og fróðleiksbrunnur um landið okkar. Hann hefur skrifað sex árbækur fyrir Ferðafélag Íslands og fjalla þær allar um eystri hluta landsins. Ein ný kom út fyrir síðustu helgi. Hún fjallar um Úthérað, Borgarfjörð eystri, Víkur og Loðmundarfjörð. Þar leiðir hann lesandann um landið og fléttar saman sögu og lýsingu á náttúrufari og mannlífi á svæðinu. Einnig hefur Hjörleifur tekið flestar ljósmyndanna sem prýða bókina en þar er líka mikill fjöldi skýringarmynda um jarðfræði, lífríki og fornminjar á svæðinu auk ýmissa uppdrátta og korta.

Í útgáfuteiti sem haldið var síðasta þriðjudag fór Hjörleifur yfir svæðin í bókinni, sagði frá nokkrum örnefnum og tilurð þeirra eða afbökun.

Heimild: www.fi.is. *- gun*

**Árbók Ferðafélags Íslands í ár er eftir Hjörleif Guttormsson.** MYND/FI.IS



# VERTU MEÐ OKKUR Í SUMAR!

## Sumarkort í tækjasal á aðeins 14.990 kr.

**Gildir til 31. ágúst**

*Því fyrr sem þú kaupir því meiri tíma færðu!*

## 4 vikna námskeið á aðeins 10. 990 kr.

### Herþjálfun
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

### Sumarnámskeið hefjast sem hér segir
13. maí *(4 vikur)*
9. júní *(4 vikur)*
7. júlí *(4 vikur)*
5. ágúst *(5 vikur)*

### Pole Fitness
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

### Lífsstílsnámskeið
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

### Mömmuþrek
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Frábær leið fyrir nýbakaðar mæður til að komast í sitt fyrra form í góðum félagsskap.

### Fit-Pilates
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

### Rope Yoga
Egilshöll
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar líkama og sál.

### Karlapúl
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri. Hörku púl í góðum félagsskap.

### Scientific fighting
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Ein besta alhliða sjálfsvörn sem völ er. Nemandinn fær að upplifa alvöru aðstæður.

### Sundskóli 2-5 ára
Lækjarhlíð, Mosfellsbæ
Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

### Breakdans
Egilshöll
Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves."

### Dansskóli Birnu Björns
Egilshöll
Freestyle, Jazzballet, Hip Hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.
9. júní-4. júlí (Aðeins verður eitt dansnámsskeið í sumar)

### Tækjasalur
Egilshöll
Frábær tækjasalur og opnir tímar. Body Pump, Spinning, MRL o.fl. Einkaþjálfun í hæsta gæðaflokki.

### Nudd & snyrtistofa
Egilshöll
Heilsuakademían í Egilshöll býður nú upp á nudd og snyrtistofu þar sem boðið er upp á úrval meðferða.

### Afþreying
Hópefli, gæsanir/steggjanir, barnaafmæli í Tarzansal, og fyrirtækjaskemmtanir. Auk þess verða ýmsar uppákomur í sumar s.s. göngur, hlaupahópar og útilegur.

### sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is
Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal og landsins mesta úrval námskeiða. Næstu námskeið hefjast 13. maí í Egilshöll, Íþróttahúsi Lækjarskóla Hafnarfirði, Íþróttamiðstöð Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.

**Næstu námskeið hefjast 13. maí**




**heilsuakademían**
*Hreyfing, heilbrigði, skemmtun*
*www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666*

# Hreinsun, endurnýjun og umbreyting



„Fólk verður almennt glatt þegar það kemst að því að kennsla á sviði náttúrulegra heilsulausna er í boði hér á landi því hingað til hefur það þurft að leita út fyrir landsteinana,“ segir lithimnufræðingurinn Lilja Oddsdóttir um Heilsumeistaraskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Náttúrulegar aðferðir til að bæta heilsuna heilla marga. Boðið er upp á nám í slíkum fræðum hjá Heilsumeistaraskólanum. Lilja Oddsdóttir lithimnufræðingur er þar í forsvari.**

„Lithimnugreining, grasalækningar og almennar náttúrulækningar eru þrjár megingreinar Heilsumeistaraskólans og þær eru kenndar í fjarnámi. Auk þess er kennt svæðanudd, meðferð kjarnaolíu og íslenskra náttúrudropa og lifandi fæði svo nokkuð sé nefnt. Kennsluloturnar eru í maí og september og þess á milli eru nokkur helgarnámskeið en við hittum nemendur mánaðarlega til að fylgja verkefnum eftir.“ Þannig lýsir Lilja fyrirkomulagi náms í Heilsumeistaraskólanum sem hún segir taka þrjú ár. Eftir þann tíma fær fólk alþjóðlega viðurkennda gráðu og erlent starfsheiti er naturopath eða heilpraktiker.

Spurð um atvinnumöguleika fólks eftir að námi lýkur svarar hún: „Þar eru margir möguleikar og hægt að fara inn á ýmis svið þar sem áherslan er á að hjálpa fólki með heilsuna á náttúrulegan hátt. Mikill áhugi er fyrir svona starfsemi í þjóðfélaginu og fólk verður almennt glatt þegar það kemst að því að kennsla á þessu sviði er í boði hér á landi því hingað til hefur fólk þurft að leita út fyrir landsteinana.“

Heilsumeistaraskólinn hóf starfsemi í fyrrasumar og Lilja segir nítján manns hafa verið þar við nám í vetur. „Alveg frábær hópur og góður andi ríkjandi,“ svo notuð séu hennar orð. Aldur nemendanna segir hún frá 25 og upp úr. Skyldu þeir vera af báðum kynjum? „Sem betur fer get ég svarað því játandi því það var einn karlmaður með,“ svarar hún brosandi. Hún kveðst vera að innrita fyrir næsta skólaár en umsóknarfrestur renni út 15. júní.

Skólinn byggist á gömlum grunni því hann er dótturskóli Schoool of Natural Medicine sem var stofnaður í Bretlandi fyrir um 30 árum og hefur verið starfræktur í Bandaríkjunum síðustu tuttugu ár. Hér á landi var hann bara í formi námskeiða og fjarnáms þar til í fyrra. „Árið 1997 byrjaði ég í fjarnámi í lithimnugreiningum og náttúrulækningum hjá þessum skóla,“ lýsir Lilja sem hefur starfað sem lithimnusérfræðingur síðan og haft nóg að gera. „Lithimnugreining segir okkur hvað er á bak við einkennin því augun eru spegill líkamans. Þar eru mörg mynstur sem segja til um hvaða líffærakeðja er viðkvæmust og hvaða líffæri eru undir álagi. Þetta er greiningarleiðin. Svo erum við með þrjú lykilhugtök sem við byggjum námið á. Þau eru hreinsun, endurnýjun og umbreyting. Þetta þurfa nemarnir að tileinka sér og vinna þar með eigin heilsu.“ *-gun*

## Gott fyrir líkama og sál

„Hvort sem það eru sjóböð eða afreks sjósund þá eru þeir sem þau stunda sammála um að þau geri þeim afar gott andlega sem og líkamlega. Fólk sem stundar sjósund segist vera laust við almennar pestir og að ofnæmiskerfið styrkist. Síðast en ekki síst er einstakt að upplifa og takast á við náttúruöflin,“ segir Heimir Örn Sveinsson, sem ásamt Benedikt Hjartarsyni, stendur fyrir vefsíðunni sjosund.blogspot.com.



**Svamlað milli ísjaka. Það er áskorun í því fólgin að takast á við náttúruöflin. Sjósund styrkir því líkama og sál.** MYND/SJOSUND.BLOGSPOT.COM

„Besta aðstaðan til að byrja er niðri í Nauthólsvík. Þar er góður hópur sem hefur mætt tvisvar í viku í vetur. Í sumar verður mætt þrisvar til fjórum sinnum í viku á sama stað.“ Að sögn Heimis er mikilvægt að byrja rólega og fara aldrei einn í sjóinn. „Þegar farið er fyrst í sjóinn þarf að passa upp á rétta öndun til þess að mæta kuldasjokkinu. Þrek og kuldaþol eykst síðan smám saman.“

Áhugasömum er bent á sjosund.blogspot.com til að fá frekari upplýsingar. Þar eru einnig myndir og tengiliðir. Þá er hægt að senda tölvupóst á Heimi og Benedikt á heimirorn@gmail.com og bennih@simnet.is. *- hs*









# Ný stúka opnuð á Kópavogsvelli

Í dag kl. 15.00 opnar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra formlega hina nýju stúku við Kópavogsvöll. Allir eru velkomnir á athöfnina.

Dagskrá:

- Tónlist, Bryndís Pétursdóttir leikur á þverflautu og Börkur Smári Kristinsson á gítar
- Mannvirkið blessað
- Ávörp, Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri og Ásthildur Helgadóttir, formaður ÍTK
- Menntamálaráðherra opnar stúkuna formlega
- Minnisskjöldur um fyrrverandi bæjarstjóra, Sigurð Geirdal, afhjúpaður

## Almenningi boðið að skoða mannvirkið til kl. 20.00

# Lifandi

## menning í hverju skrefi!



**KÓPAVOGSDAGAR**

**3. til 11. maí**



Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar á kopavogur.is

Á menningarhæðinni í Kópavogi mynda Bókasafn Kópavogs, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Tónlistarhús Kópavogs - Salurinn, Náttúrufræðistofa Kópavogs og nýtt ungmennahús töfrandi heild sem á engan sinn líka hér á landi.

**Upplifðu samspil mannlífs, listar og náttúru þar sem menningin rís hæst, í Kópavogi.**



Valdimar og Hermann verða með hjólaleigu og -sölu á Hljómalindarplaninu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjól sem lítið fer fyrir

**City Surfer-hjól eru ný og handhæg samgöngutæki. Þau henta vel í stutta túra innanbæjar og eins á ferðalögum enda má fella þau saman svo lítið fari fyrir þeim.**

Hermann Fannar Valgarðsson og Valdimar Geir Halldórsson reka fyrirtækið Trail around Iceland, sem býður City Surfer-hjólin til leigu og sölu. Þau eru framleidd í Kína en sams konar hjól njóta vaxandi vinsælda í stórborgum víða um heim. Þetta eru létt og þægileg hjól sem eru þeim eiginleika gædd að hægt er að fella þau saman þannig að lítið fari fyrir þeim. Þau eru því tilvalin á ferðalögum og komast vel fyrir í bílskotti.

„Við sjáum fyrir okkur að ferðamenn og aðrir áhugasamir geti nýtt sér þessi hjól innanbæjar og verðum með leigu bæði í Reykjavík og á Akureyri. Þá eru hjólin einnig til sölu en þau má hæglega taka með sér í ferðalög. Þá þarf engan krók aftan á bílinn heldur má bara fella þau saman og skella þeim í skottið," útskýrir Valdimar.

„Hjólin eru til dæmis sniðug fyrir húsbílaeigendur, sem geta kippt þeim með í fríið. Þá er hægt að kanna næsta nágrenni við áfangastaðina með stuttum hjólatúr án þess að þurfa endilega að fara í spandexgallann," bætir Hermann við.

Hægt er að fella hjólin saman með tveimur handtökum. Pedalarnir eru felldir inn og grindin brotin saman þannig að dekkin verði samhliða. Þá er auðveldlega hægt að taka hnakkinn og stýrið af ef hjólið þarf að taka enn minna pláss.

Hermann segir hjól sem þessi njóta vinsælda í stórborgum víða um heim þar sem fólk þarf að leggja langt frá vinnu. „Þá eru margir með svona hjól í skottinu og hjóla síðasta spölinn," segir hann og tekur dæmi af sams konar aðstæðum hér heima. „Hafnfirskur félagi minn lenti í stökustu vandræðum á leið til vinnu á meðan vörubílamótmælin stóðu sem hæst. Hann var á leið til Reykjavíkur en sat pikkfastur í Garðabæ. Hann brá á það ráð að sækja hjólið í skottið og hjóla í vinnuna á meðan sambýliskona hans, sem vinnur í Garðabæ, hélt leiðar sinnar á bílnum."

Hermann og Valdimar segja hjólin einnig tilvalinn kost nú þegar eldsneytisverð nær sífellt nýjum hæðum. „Ef lítrinn fer upp í 300 krónur kostar um bil jafn mikið að fylla tankinn eins og að kaupa hjól, sem er um leið mun umhverfisvænni ferðamáti."

Hermann og Valdimar verða með hjólin til sölu og leigu á Hljómalindarplaninu við Laugaveg í sumar en þau verður einnig hægt að leigja á göngugötunni á Akureyri.

Fram að því má nálgast hjólin með því að senda póst á netfangið trail-iceland@trail-iceland.com.

*-ve*



**Hægt er að fella hjólið saman á einfaldan hátt. Pedalar eru felldir inn og grind brotin saman svo dekkin verði samhliða.**




HEITIR POTTAR

Kíktu á úrvalið í sýningarsal okkar að Hjallahrauni 2

Úrval aukahluta

Glasabakkar, höfuðpúðar, útvörp, háfar, hitamælar o.fl.

TREFJAR

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227 • pottar@trefjar.is • www.trefjar.is


SEAFOLLY
australia
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500




# SUMAR2008

Tilboðsverð kr. 79.990,- Listaverð kr. 135.540,-
Þú sparar kr. 55.550,-

Öll verð eru með VSK




## Digital heimaþjónusta
Þeir sem kaupa vörur á tilboðsdögunum fá 50% afslátt af Digital heimaþjónustu. Tæknimenn okkar koma heim til þín, setja upp búnaðinn, stilla og gera allt klárt!
**50%** afsláttur
Tilboðsverð kr. 4.700,- Listaverð kr. 9.400,-

Gildir aðeins á höfuðborgarsvæðinu. Akstursgjald kr. 850,- er ekki innifalið í verði. Þjónustan er í boði alla virka daga frá kl. 09:00 - 21:00. Mögulegt er að fá þjónustu utan þess tíma s.s. á laugardögum og sunnudögum en þá er greitt 20% álag til viðbótar.

Nánari upplýsingar í síma 550 4000 og á www.digital.is
Fyrirspurnir í tölvupósti: fyrirspurn@digital.is

digital TASK Betri þjónusta!
Grensásvegi 11
105 Reykjavík
Sími: 550 4000
fyrirspurn@digital.is
www.digital.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Að kasta út mörsiðrinu

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** VELTIR FYRIR SÉR ÞJÓÐSÖGUM ÚR FORTÍÐ OG NÚTÍÐ



Á dögunum sá ég auglýsingu frá Flugfélagi Íslands í sjónvarpinu. Sagði hún sögu af manni sem var á ferð eftir þjóðveginum milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ógæfan virtist elta leikara flugfélagsins hvert sem hann fór. Ég er svo heppinn að þurfa mikið að ferðast akandi milli Reykjavíkur og Akureyrar. Upplifun mín er allt önnur en hins ógæfusama leikara hjá Flugfélaginu. Þegar ég keyri um þjóðvegi Íslands koma upp í hugann ótal sögur sem tengjast stöðum á leiðinni.

Ein af þeim sögum sem oft kemur upp í hugann er af ónefndu vegahóteli. Sagan segir að eitt árið hafi eigendur þess sent öllum viðskiptavinum sínum jólakort með þökk fyrir viðskiptin á árinu. Mun það hafa skilað sér í fjölda sambandsslita og skilnaða upp úr áramótum. Hvort þessi saga er sönn eður ei veit ég ekki en það dregur þó lítið úr skemmtanagildi hennar. Þegar ég ek um Víðidal og framhjá Borgarvirki rifjast upp fyrir mér sagana af mörsiðrinu og umsátri Borgfirðinga um virki Víga-Barða á söguöld. Áttu Borgfirðingar harma að hefna við Víga-Barða en hann hafði komið sér fyrir í Borgarvirki. Höfðu Borgfirðingar setið um virkið í nokkra daga. Þegar vistir voru allar búnar í virkinu nema einn sláturkeppur tóku virkismenn það ráð að kasta honum út. Borgfirðingar tóku því sem svo að gnógt vista væri í virkinu og hurfu til síns heima.

Í Vatnsdalnum kemur alltaf upp í huga minn saga konunnar sem reyndi að telja hólana í dalnum. Því hefur löngum verið haldið fram að hólarnir í Vatnsdal séu óteljandi en hún hugðist afsanna það. Eftir að hafa sett litlar veifur á hundruð hóla komst hún að því, eins og svo margir höfðu gert áður, að hólarnir eru óteljandi. Ég er kannski gamaldags, en persónulega þykir mér miklu skemmtilegra að segja og heyra sögur af þessu tagi en að lesa nýjasta hefti Skýja, meðan flugvélin hristist milli Akureyrar og Reykjavíkur.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Stökktu til **Benidorm**

21. eða 28. maí

frá kr. **39.990**



## Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða nú allra síðustu sætin til Benidorm í lok maí á einstökum kjörum. Stökktu tilboð er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja sumarfrí á góðum kjörum. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Benidorm er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Aukavika kr. 15.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**VILLI MUNDAR HNÍFINN** Sennilega fyrstur til að selja afmarkaða búta úr verki sínu. Villi sker í dag klukkan fimm. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Villi sker verk sitt í dag

„Á eftir ætla ég að skera málverkið í tætlur með Leatherman-hníf sem tengdamamma mín gaf mér í afmælisgjöf,“ segir Vilhelm Anton Jónsson eða Villi naglbítur.

Í dag lýkur sérstæðri myndlistarsýningu Villa á Kaffi Sólon sem hefur staðið í fjórar vikur. Villi sýnir sjö málverk þar af eitt stórt (160x260 cm) sem fólki gefst kostur á að velja sér búta úr. Listamaðurinn hefur prílað upp stiga og stungið teiknibólum í myndina og strengt garn þeirra á milli þar sem kaupendur hafa helgað sér skika. Verkið er unnið í anda miðborgarinnar með lóðaviðskipti í huga „en þar er heildarmyndin oft fyrir borð borin“, að sögn Villa. Uppákoman hefst klukkan 17 og hvetur listamaðurinn alla sem merkt hafa sér hluta úr verkinu til að mæta og veita þeim viðtöku, sem og reyndar þeim sem ekki hafa tryggt sér hluta. Enn er færi á að helga sér skika. Tólf bútar misstórir eru þegar farnir og verkið eftir því skrautlegt orðið. Og fleiri hafa lýst yfir áhuga á að helga sér bút þannig að Villi mun þurfa á góðum hnífi að halda.

„Eins og í öllum lóðaviðskiptum er hægt að kaupa menn út. Aðrir geta keypt þá út sem fyrir eru með því að borga fimmtíu prósentum hærra verð á fersentimetra. Með þessu er búinn til hvati að borga meira en uppsett verð til að verja sinn skika og torvelda mönnum að kaupa sig út. Hæsta fersentimetraverð er komið í 75 krónur. Það er lítill köttur sem er svona verðmætur,“ segir Villi, sem nú brýnir hnífa sína. - jbg







**!** **Kl. 17**

*Nemendur í mótunardeild Myndlistarskólans í Reykjavík hafa tekið húsnæðið á Laugavegi 33 í sína þjónustu og opna þar áhugaverða sýningu á verkum sínum kl. 17 í dag. Þar má sjá verk unnin úr gleri, sílíkoni, postulíni, pappír og fleiru. Þessi mikli fjölbreytileiki í efnisvali endurspeglast einnig í verkum og tilraunum nemendanna.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sáðmenn sandanna bók ársins

Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, afhenti Friðriki G. Olgeirssyni verðlaun fyrir fræðibók ársins 2007 við athöfn í Þjóðarbókhlöðunni fyrr í vikunni. Friðrik hlaut viðurkenninguna fyrir bók sína Sáðmenn sandanna, Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007.

Í rökstuðningi matsnefndar segir meðal annars að mikill fengur sé að bókinni því Sáðmenn sandanna sé aðgengileg handbók um landgræðslu á Íslandi sem standist jafnframt fræðilegar kröfur. Bókin hafi mikið notagildi fyrir þá sem vilji kynna sér sögu elstu landgræðslustofnunar í heiminum og hvernig takist var á við gróður- og jarðvegseyðingu með samstilltu átaki víða um land. Matsnefndin ber einnig lof á stíl bókarinnar sem hún segir fallegan og málfar frjótt og lifandi líkt og gróðurinn sem fjallað er um. Þá segir að fagmennska og vandvirkni hafi verið í fyrirrúmi við allan frágang.

Það var Landgræðsla ríkisins sem stóð að útgáfu bókarinnar í tilefni af 100 ára afmæli skipulags landgræðslustarfs á Íslandi. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri var viðstaddur verðlaunaafhendinguna og þakkaði við það tækifæri Upplýsingu fyrir heiðurinn og Friðriki Olgeirssyni fyrir frábær og vönduð vinnubrögð. Hann segir viðurkenninguna útgefendum mikils virði því hún staðfesti að sú alúð sem lögð var í ritun bókarinnar og útgáfu sé metin að verðleikum. Að sögn Sveins er nú unnið að þýðingu bókarinnar á ensku en mikil eftirspurn hefur verið eftir jafn yfirgripsmiklu efni um þessa merku sögu á erlendum tungumálum. Stefnt er að því að ensk útgáfa bókarinnar komi út fyrir lok ársins.

- vþ



**FRIÐRIK G. OLGEIRSSON** Höfundur bókarinnar Sáðmenn sandanna sem hlaut nýverið verðlaun Upplýsingar.



**VOX FEMINAE** Kórinn heldur vortónleika sína í Hafnarborg í kvöld.

## Vortónleikar Vox Feminae

Fjöldinn allur af kórum heldur vortónleika um þessar mundir. Einn þeirra er kvennakórinn Vox feminae sem heldur tónleika í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, í kvöld kl. 20.30.

Efnisskrá kórsins er metnaðarfull að vanda; verkin sem flutt verða eiga öll rætur sínar að rekja til Vínarborgar og er yfirskrift tónleikanna Valsar og Vínarljóð. Flutt-ur verður hluti af Liebeslieder Waltzer op. 52 eftir Johannes Brahms, auk annarra þekktra Vínarljóða. Einnig verða fluttir óperukórar úr þekktum óperum eftir Mozart, Rossini, Verdi og fleiri.

Kórnum berst liðsauki frá sópransöngkonunum Auði Gunnarsdóttur og Xu Wen sem báðar syngja einsöng. Að auki koma fram með kórnum þær Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Arnhildur Valgarðsdóttir píanóleikari. Listrænn stjórnandi tónleikanna er Margrét J. Pálmadóttir.

- vþ


LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 26. STARFSÁR

listvinafelag.is

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU



VESPER

eftir SERGEI RACHMANINOV



Í HALLGRÍMSKIRKJU

ANNAN Í HVÍTASUNNU

12. MAÍ 2008 KL. 17.00

stjórnandi

HÖRÐUR ÁSKELSSON

einsöngvarar:

Vladimir Miller BASSO PROFONDO

Nebojsa Colic TENÓR

Auður Guðjohnsen ALT

spron

TÓNLISTARSJÓÐUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

Styrkt af Reykjavíkurborg

miðaverð 3000 / 2500 kr.


# Útgáfuafmæli og djasshátíð

**Saxófónleikarann Sigurð Flosason þarf vart að kynna; hann er óumdeilanlega eitt af stórmennum íslenskrar djasstónlistar. Nú um hvítasunnuhelgina stendur hann fyrir djasshátíð í Fríkirkjunni þar sem hann lítur til baka yfir fimmtán ára hljóðritunarferil sinn.**



**SIGURÐUR FLOSASON** Lítur yfir farinn veg í Fríkirkjunni um helgina.

„Hugmyndin að baki þessari hátíð er sú að nota það sem maður hefur búið til og að skemmta sér aðeins í leiðinni," útskýrir Sigurður, spurður um kveikjuna að hátíðinni. „Það er einkennilegt ferli að leggja sig allan í eitthvert verkefni, eins og til dæmis plötu, fylgja henni aðeins eftir og snúa sér svo alfarið að næsta verkefni. Mér þykir eitthvað spennandi við það að heimsækja þessi gömlu verkefni á ný og leika mér með þau."

Sigurður hefur verið virkur í tónlistarlífi þjóðarinnar lengur en í fimmtán ár, en fyrsta platan sem hann gaf út undir eigin nafni hét Gengið á lagið og kom út 1993. Síðan þá hefur hann sent frá sér fimmtán geisladiska sem hafa spannað vítt svið tónlistar. Sigurður segir það ekki alltaf vera auðvelt verk að fara yfir útgáfur sínar. „Það er óneitanlega fremur ógnvekjandi að líta yfir ævistarfið; ég þarf dálítið að horfast í augu við sjálfan mig. Þetta útgefna efni er það sem ég skil eftir mig á áþreifanlegan hátt og verður áfram til eftir minn dag." segir Sigurður.

Tónleikar Sigurðar í Fríkirkjunni verða fjórir nú yfir hvítasunnuhelgina. Á morgun kl. 20 kemur hann fram með kvartettinum Bláir skuggar og leikur tónlist af diskunum Bláir skuggar og Blátt ljós, sem báðir hlutu góðar viðtökur. Á sunnudag kl. 16 kemur Sigurður fram með Gunnari Gunnarssyni og leikur nýjar sálmaútsetningar í bland við efni af geisladiskum þeirra félaga. Sama dag kl. 20 leiða söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og Kvartett Sigurðar Flosasonar saman hesta sína og flytja nýja og eldri söngtónlist Sigurðar við ljóð Aðalsteins Ásbergs Sigurðarsonar. Lokatónleikar hátíðarinnar fara svo fram á mánudag kl. 20, en þá flytur Kvartett Sigurðar Flosasonar efni af geisladiskunum Gengið á lagið, Gengið á hljóðið og Leiðin heim, í bland við ný lög. Af þessari upptalningu er þó ljóst að Sigurður nær ekki að fara yfir allan útgáfuferil sinn á hátíðinni. „Kannski held ég bara fleiri tónleika seinna, til að ná að leika allt efnið sem ég hef sent frá mér. Það er í það minnsta afar gaman að rifja upp samstarfið við tónlistarmennina sem hafa leikið með mér á plötunum; ég gæti vel hugsað mér að halda því áfram," segir Sigurður.

Miðar á staka tónleika kosta 2.000 krónur, en hægt er að kaupa miða á alla hátíðina á 3.500 kr. Miða má nálgast á www.midi.is.

vigdis@frettabladid.is

# Þingað um hafnarhverfin

**Í fyrramálið er haldið áfram þinghaldi í röð Arkitektafélags Íslands, Kynningarmiðstöðvar myndlistar, Listaháskólans og Norræna hússins um hafnarborgir.**



**SKIPULAG** Víða eru hafnarborgir búnar að taka stakkaskiptum með breyttum samgöngum og flutningsmátum.

Ráðstefnan hefur það að markmiði að opna umræður og beina sjónum að borgarhönnun og hlutverki lista í opinberu rými hafnarborga. Fyrsti hlutinn fór fram 25. apríl og hafa í millitíðinni verið haldnir tveir málfundir um borgarskipulag í Norræna húsinu sem hafa verið frábærlega vel sóttir þótt þar hafi enn ekki sést borgarfulltrúi úr Reykjavík, hvað þá nálægum sveitarfélögum, að bestu manna yfirsýn.

Síðari hluti Hafnarborgaþingsins lýtur að endurbyggingu hafnarborga.

Frummælendur koma víða að og greina frá raunverulegum verkefnum: Martin Biewinga, West 8 (Rotterdam), Jürgen Bruns-Berentelg, HafenCity, (Hamburg), Freee art collective, (London), Louise Mielonen Grassov, Gehl Architects, (Kaupmannahöfn), Yvonne P. Doderer, Office for Transdisciplinary, Research and Production, Stuttgart, Vito Acconci (New York).

Hafnarborgir hafa mótast af iðnvæðingu og alþjóðaviðskiptum. Síðustu ár hafa hafnir, og starfsemi í kringum þær, verið fluttar í úthverfi. Um leið hafa eldri hafnarsvæði fengið nýtt hlutverk. Endurskipulagning og breytt ímynd hafnarborga er áskorun fyrir borgarhönnuði og listamenn sem búa og vinna á þessum svæðum. Einkafyrirtæki og fjárfestar hafa aukið vald og áhuga á uppbyggingu eldri borgarhluta sem gefur listamönnum einstakt tækifæri til að endurskoða þeirra eigin möguleika á að taka þátt í mótun og þróun opinberra rýma.

- pbb




# EUROBANDIÐ KOMIÐ Í SKÍFUNA

10 frábær lög í nýjum útsetningum.

Kringlunni Smáralind Laugavegi Leifsstöð

S·K·Í·F·A·N

# Styrkir til þýðinga og útgáfu

Fyrsta úthlutun úr hinum nýja Bókmenntasjóði fór fram í vikunni og var tilkynnt um úthlutun 24 milljóna króna í styrki til þýðinga á íslensku, útgáfustyrkja og þýðinga á erlend mál.

Bókmenntasjóður var stofnaður á síðasta ári til að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Veitir sjóðurinn styrki til útgáfu og þýðinga en styrkir jafnframt íslenska höfunda til ferðalaga og kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

Alls bárust 104 umsóknir um útgáfustyrki frá 59 aðilum um styrki að fjárhæð kr. 102 milljónir. Stjórn sjóðsins samþykkti að veita 32 styrki til útgáfu, alls 13 milljónir króna. Mörg merkileg verkefni fá útgáfustyrki og dreifast þeir á marga aðila: vekur sérstaka athygli fjöldi yfirlitsverka sem eru orðin brýn: Nýlistasafnið er að vinna yfirlitsverk um sögu síðustu 30 ára í rekstri safnsins, Jón Þórarinsson tónskáld hefur um langt árabil unnið að tónlistarsögu og er fyrsta bindi hennar nú væntanlegt Þá eru í vændum yfirlitsrit um íslenska jökla og íslenska myndlist.

Endurskoðuð útgáfa Íslensk-enskrar orðabókar Chris Sanders og fleiri er í vinnslu og er styrkt. Ljóðasöfn eru nokkur á listanum yfir styrkt verkefni: Sigfúsar Daðasonar, Ólafar frá Hlöðum, Gunnars Dal og Jónasar Svafár. Ljósmyndabók Vigfúsar Sigurgeirssonar er styrkt og væntanleg ævisaga Gríms Jónssonar amtmanns eftir Kristmund Bjarnason. Af klassískum þýðingum verður að nefna Ummyndanir Ovíds sem Kristján Árnason þýðir.


**BÓKMENNTIR** Til þýðingar á Skugga-Baldri eftir Sjón fær Nordica Libros á Spáni 52 þúsund krónur.

Þá bárust 68 umsóknir um þýðingarstyrki frá 23 aðilum upp á 42 milljónir. Að þessu sinni eru veittir 30 styrkir til þýðinga upp á 8.150.000. Eru styrkupphæðir til þýðenda frá 7-75 þúsund. Verk eftir höfunda á borð við Ian McEwan, Jan Kott, Antony Beevor, Franz Kafka og J.R.R. Tolkien eru þar á meðal. Þegar er komið út Ljóðaþýðingasafn Gyrðis Elíassonar og væntanlegt er safn portúgalskra ljóða eftir Guðberg Bergsson.

Sjóðnum bárust 15 styrkumsóknir vegna þýðinga á íslenskum verkum yfir á erlend tungumál að upphæð 20.000.000 og var ákveðið að úthluta til tíu verkefna alls kr. 2.770.000. Í framhaldi af því er rétt að vekja athygli á að stjórn Bókmenntasjóðs hefur ákveðið að bjóða upp á þróunarstyrki til þýðinga á íslenskum bókmenntum yfir á erlend tungumál. Um er að ræða styrki til að þýða bókarkafla eða tilraunaþýðingu sem hjálpað getur við frekari kynningu á verkinu. Ljóst má vera að dreifing íslenskra bókmennta á fjarlæg mál á mjög undir högg að sækja meðan sá þáttur í rekstri hins nýja sjóðs er svo lítill sem raun ber vitni. Með tilliti til þess að nýlega hafa stjórnvöld ákveðið að styrkja sérstaklega þátttöku Íslands í Frankfurtarmessunni innan fárra ára vakna spurningar um hvers vegna er ekki þegar tekið tillit til þess í fjárveitingum til þýðinga úr íslensku á Evrópumál þegar í stað.

Heildarlista um úthlutanir má finna á bok.is. **pbb@frettabladid.is.**

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**













KRINGLU KRÁIN
Hafrót
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Sigurður Flosason og vinir

Hvítasunnujazz
í Fríkirkjunni

**Bláir skuggar**
Laugardagur 10. maí kl. 20:00
Kvartettinn hefur nýverið sent frá sér tvo diska, **Bláa skugga** og **Blátt ljós**, sem báðir hafa fengið frábærar viðtökur.
Þórir Baldursson: Hammond orgel
Jón Páll Bjarnason: gítar
Pétur Östlund: trommur

**Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson**
Sunnudagur 11. maí kl. 16:00
- Hvítasunnudagur
Nýjar sálmaútsetningar í bland við efni af metsöludiskum þeirra félaga; **Sálmum lífsins, Sálmum jólanna** og **Draumalandinu.**

**Kvartett Sigurðar Flosasonar**
Mánudagur 12. maí kl. 20:00
– annar í hvítasunnu
Kvartettinn flytur efni af geisladiskunum **Gengið á lagið, Gengið á hljóðið** og **Leiðin heim** í bland við ný lög.
Eyþór Gunnarsson: píanó
Valdimar K. Sigurjónsson: kontrabassi
Pétur Östlund: trommur

**Kristjana Stefánsdóttir og Kvartett Sigurðar Flosasonar**
Sunnudagur 11. maí kl. 20:00
- Hvítasunnudagur
Kristjana flytur nýja og eldri söngtónlist Sigurðar við ljóð Aðalsteins Ásbergs m.a. af geisladisknum **Hvar er tunglið?**
Eyþór Gunnarsson: píanó
Valdimar K. Sigurjónsson: kontrabassi
Pétur Östlund: trommur

Tónlistarflytjandi ársins - Jazztónlist
Íslensku tónlistarverðlaunin 2007

**Forsala hjá midi.is**
Stakir tónleikar kr. 2.000 - Hátíðarpassi kr. 3.500
DIMMA
Tónleikaröðin er styrkt af Reykjavíkurborg
www.dimma.is

Salurinn
**FIMMTUDAGUR 8. MAÍ KL. 20**
SÖNGTÓNLEIKAR - LHÍ
ÞORVALDUR KR. ÞORVALDSSON
Aðgangur ókeypis.
**FÖSTUDAGUR 9. MAÍ KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
GISSUR PÁLL GISSURARSON OG JÓNAS INGIMUNDARSON.
Uppselt.
**ÞRIÐJUDAGUR 13. MAÍ KL. 20**
VÍÓLUTÓNLEIKAR - LHÍ
KATHARINA WOLF
Aðgangur ókeypis.
**FIMMTUDAGUR 15. MAÍ KL. 20**
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ
GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR
Aðgangur ókeypis.
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

**Kynjaskepnur úr íslenskum þjóðsögum**
Sýning á teikningum Jóns Baldurs Hlíðberg

**Stefnumót við safnara III - Hljóðfæri og tóndæmi**
Hammond-orgel, Sheng, talandi tromma og margt fleira!
**Dagur safnarans - 24. maí kl. 13-17**
Ert þú safnari? Viltu taka þátt í safnaramarkaðnum?
Söluborð kostar 2000 kr.
Upplýsingar og skráning:
Baldvin Halldórsson,
skyggnir@internet.is, s. 891 8919.
Viltu panta leiðsögn um sýningarnar?
Hringið í síma 575 7700
Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og helgar frá 13-16.
Ath. Gerðuberg er lokað á Hvítasunnudag og annan í hvítasunnu.

# TONI&GUY™

## Hárvörurnar komnar í Hagkaup




| | |
|---|---|
| Hárblásarar | verð frá 3.990kr. |
| Sléttujárn | verð frá 3.990kr. |
| Krullujárn | verð frá 3.990kr. |
| Bartskerar | verð frá 3.990kr. |




NÝTT
Hagkaupsblað komið út!

OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 15. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



ÚLFUR HANSSON



ELVIS COSTELLO

> Í SPILARANUM

**Klive** - Sweaty Psalms
**Elvis Costello & The Imposters** - Momofuku
**Santogold** - Santogold
**No Age** – Nouns
**Lykke Li** - Youth Novels

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Spila með Kiss á Download

„Þetta er stærsta tækifærið sem við höfum fengið til þessa. Við erum alveg í skýjunum yfir þessu," segir Ragnar Sólberg, söngvari Sign, sem hefur verið boðið að spila á bresku tónlistarhátíðinni Download. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskri hljómsveit er boðið að koma fram á þessari virtu rokkhátíð, sem áður kallaðist Donington.

Sign opnar hátíðina á aðalsviðinu hinn 14. júní og goðsagnirnar í Kiss ljúka deginum á sama sviði. „Mig hefði ekki einu sinni getað dreymt að spila með þeim þegar ég var yngri," segir Ragnar. Hann á þó von á því að hitta goðin sín og spjalla við þau. „Ég hugsa að þeir passi á því að vera ekki að hitta of marga."



**SIGN** Rokksveitin Sign spilar á bresku tónlistarhátíðinni Download í sumar.

Á meðal fleiri hljómsveita sem spila á Download eru Motörhead, Judas Priest, The Offspring, Ash og Incubus. Hátíðin fer fram helgina 14. til 16. júní á Donington Park-kappakstursbrautinni og eru áttatíu þúsund miðar til sölu.

Sign er jafnframt að leggja af stað í þriggja vikna tónleikaferð um Bretland sem hefst á þriðjudag til að kynna plötu sína The Hope sem er að koma út þar í landi. Ragnar segir að áhuginn í Bretlandi fyrir Sign sé sífellt að aukast. „Við erum bæði með rosalega sterkan aðdáendahóp þarna og síðan er umboðsmaðurinn okkar Gísli búinn að vera mjög duglegur." - fb




> Plata vikunnar

Ice - Interrail

★★

„Þrátt fyrir góða spretti eru lélegu lögin of mörg til að heildin sé viðunandi."

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Meira afturhvarf*

Hallarbylting stelpnanna í bresku popp/rokki hefur verið rædd sundur og saman undanfarið. Lily Allen, Amy Winehouse, Kate Nash, Adele, Duffy og allar þessar stelpur hafa allt að því einokað markaðinn og skilið strákana eftir úti í horni með fýlusvip. Það sem er hins vegar líka að gerast er að tónlistarmennirnir hallast meira að sjöunda áratug síðustu aldar. Afturhvarfstilhneigingar Amy Winehouse ættu að vera öllum ljósar og svo hefur Duffy fengið stimpil á sig sem hin nýja Dusty Springfield.

Á bak við hljóm þessara tveggja söngkvenna eru tveir ágætir drengir. Með Amy í för er tónlistargúrúinn Mark Ronson sem á reyndar rætur sínar að mestu að rekja til hip-hopsins en hann hefur svo sannarlega fönkað hlutina upp og skvett yfir smá sálarsveiflu. Lögin á nýju plötu Duffy (sem ásamt Adele og Gabriellu Cilmi hafa reyndar fengið á sig stimpil sem „The New Amys") eru hins vegar að mestu sprottin úr ranni Bernards Butler, fyrrverandi gítarleikara Suede. Útsetningar Butlers eru keimlíkar sixtíshljóðheiminum og hann hefur greinilega kynnt sér vel menn á borð við Burt Bacharach og Phil Spector (þessu ótengdu er Butler að sjá um upptökustjórn á frumburði Florida-sveitarinnar Black Kids. Sú plata verður án efa ein af plötum ársins en Black Kids hefur verið lýst sem Arcade Fire að spila The Go! Team).



Og nú hafa strákarnir sagt: „Hingað og ekki lengra, við viljum líka vera memm". Fyrir stuttu kom nefnilega út plata sem fór beint á toppinn í Bretlandi og inniheldur nokkuð augljóst samstarf með þó óvæntri útkomu. Sveitin kallar sig The Last Shadow Puppets en hana skipa Alex Turner úr Arctic Monkeys og Miles Kane úr The Rascals. Eins og hinir seilast þeir beint í vasa hljóðlandslagsmeistara sixtísins og gefa gössinu nútímalegra horf. Með þeim eru líka tveir kumpánar sem kunna sitt fag. Fyrst ber að nefna James Ford úr elektró-sveitinni Simian Mobile Disco sem trommar með sveitinni og sá einnig um upptökustjórn. Owen Pallett, strengjaútsetjari Arcade Fire og Beirut og er einnig þekktur undir nafninu Final Fantasy, sér hins vegar um að útdeila aðalkryddblöndunni. Owen fékk Metropolitan sinfóníuhljómsveit Lundúna til umráða og er útkoman eins og áður segir hreinræktað afturhvarf til tíma gömlu poppmeistaranna.

Hér ber einnig að nefna tvo íslenska listamenn sem hafa einnig verið í nostalgíuhugleiðingum af svipuðum toga. Barði Bang Gang sendir fljótlega frá sér nýja plötu og er fyrsta lagið sem maður fær að heyra af henni með mjög miklum sixtískeim. Síðan er væntanleg plata frá Sigurði Guðmundssyni sem hefur gert garðinn frægan með Hjálmum, Baggalúti og milljón öðrum hljómsveitum. Platan sú arna er svokölluð mónóplata en hún var tekin upp með eingöngu einum hljóðnema, líkt og gert var í árdaga poppsins. Áfram nostalgía!



**THE FALL** Mark E. Smith með Fall-meðlimum númer 97, 98, 99 og 100...

# Ennþá ólíkur öllum öðrum

**Aðdáendur bresku hljómsveitarinnar The Fall hafa tvöfalda ástæðu til að gleðjast þessa dagana. Út er komin ný Fall-plata, Imperial Wax Solvent, og svo er sjálfsævisaga söngvarans, Renegade – The Lives & Tales of Mark E. Smith, komin út. *Trausti Júlíusson* er í skýjunum.**

Nýlega komu út nýjar plötur með The Fall og Madonnu. Mark E. Smith, söngvari The Fall, er 51 árs síðan í mars, en Madonna verður fimmtug í ágúst. Það má segja að þau séu alveg hvor sínu megin á skalanum hvað útlit og líkamlegt atgervi varðar – Madonna lítur út fyrir að vera þrítug. Mark gæti verið sjötugur. The Fall hefur alltaf verið öðruvísi hljómsveit. Hefur aldrei passað almennilega inn í neina stefnu eða tilheyrt ákveðinni senu. Þegar hún var stofnuð í Manchester árið 1976 var pönkið í algleymingi, en The Fall var aldrei pönkhljómsveit. The Fall hefur haft töluverð áhrif á yngri sveitir, en í dag er hún samt ennþá ólík öllu öðru sem er í gangi. Imperial Wax Solvent er 27. plata The Fall. Hún er gerð með nýjum mannskap. Snilldarplata.

**Ný áhöfn, nýtt meistaraverk**

Eitt af sérkennum The Fall er tíðar mannabreytingar. Meðlimafjöldinn frá upphafi er að nálgast hundraðið. Í dag eru í hljómsveitinni, auk Marks sjálfs, eiginkonan og hljómborðsleikarinn Elena Smith, ryþmadúóið Dave Spurr bassaleikari og Keiron Melling trommari úr hljómsveitinni MotherJohn og gítarleikarinn Pete Greenway úr hljómsveitinni Das Fringe. Hörku sveit eins og heyrist á Imperial Wax Solvent sem er tólf laga plata. Þar bregður fyrir ýmsum ólíkum stílum, til dæmis pönki, sýrurokki og raftónlist. Fersk og flott plata. Lagið sem vekur mesta athygli við fyrstu kynni er 50 Year Old Man, ellefu mínútna kaflaskipt lag brotið upp með millispilum. „I'm A Fifty Year Old Man and I Like It/I'm A Fifty Year Old Man, What Are You Gonna Do About It?"...

**„Mögulega fyndnasta rokkbók allra tíma"**

Sjálfsævisagan Renegade – The Lives & Tales of Mark E. Smith kom út 24. apríl og hefur fengið dúndur viðtökur. Tilvísunin hér að ofan er tekin úr dómi Seans O'Hagan úr Observer. Ég er ekki kominn með bókina í hendur, en ef afgangurinn er í líkingu við kaflana sem breska dagblaðið Guardian birti nýlega þá ætti þetta að vera frábær lesning. Bókin er ekki hefðbundin ævisaga. Hún er skrifuð í lausu flæði og er full af hugleiðingum Marks um samfélagið, tónlistina og aðra tónlistarmenn. Mark hefur óvenjulegar skoðanir og lætur allt flakka.

Reyndar er önnur forvitnileg Fall-bók væntanleg með haustinu. Hún heitir The Fallen – Searching for the Missing Members of The Fall og er skrifuð af Dave Simpson. Verður eflaust löng...

**Eftirminnilegir tónleikar**

The Fall hefur komið þrisvar til Íslands. Ein af eftirminnilegustu tónleikaupplifunum mínum síðustu ár er Fall-tónleikarnir 2004. Það var hreint óborganlegt að fylgjast með karlinum. Vel þéttur gamall karl að hækka og lækka í gítarmögnurum hljómsveitarmeðlima, þeim til greinilegs ama. Ekki beint það sem maður er vanur að sjá á tónleikum. Kominn tími á næstu heimsókn...

# Stolin plata föstudaginn þrettánda

Benni Hemm Hemm leggur nú lokahönd á þriðju breiðskífu sína. „Á henni eru lögin í stærri útsetningum en hingað til, strengir og alls konar drasl. Ég gaf mér miklu meiri tíma en vanalega," segir Benni. Að vanda syngur hann sitt persónulega popp á íslensku með tveimur undantekningum. „Það eru tvö lög á ensku. Annað, „Whaling in the North Atlantic", er stolið úr ýmsum áttum, einna helst frá laginu „Byrjaðu í dag að elska" með Geirfuglunum. Svo er eitt kóverlag, „Early Morning Rain" eftir Gordon Lightfoot. Einn textinn er virðingarvottur við Sjón og byggir á fyrsta kaflanum úr Skuggabaldri. Þetta er svona megin þemað á plötunni: Það er mikið stolið á henni."

Platan, sem er ónefnd, kemur út föstudaginn 13. júní. Kimi Records á Akureyri gefur út. Platan er þriðja plata Benna í fullri lengd. Hann situr annars sveittur þessa dagana og skrifar nýjar útsetningar fyrir lögin sín fyrir Ungfóníuna. Sú Sinfóníuhljómsveit ungs fólks spilar með Benna á að minnsta kosti fernum tónleikum í sumar. Þeir fyrstu verða í Iðnó 19. júní. Daníel Bjarnason stjórnar Ungfóníu.



**ÞRIÐJA PLATAN 13. JÚNÍ** Nóg að snúast hjá Benna Hemm Hemm.

- glh


ERTU Í PRÓFUM?
VANTAR ÞIG MEIRI ORKU?

Þá gæti Power Shot verið lausnin fyrir þig. Hágæða vara unnin úr 6 ára gömlum ginseng rótum. Frábært verð.

HREIN NÁTTÚRULEG ORKA

Aukin einbeitning · Meiri styrkur · Minna slen og þreyta · Meiri orka




Fæst í apótekum.

www.medico.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Allt klárt fyrir Hvítasunnuna!

## Einiberjakryddaða lúxus lambalærið

**frá Kjarnafæði, mest selda lambalærið í Bónus, nú með 40% afslætti. Aðeins**

# 1.198 kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg

% afsláttur 40 % afsláttur




**Mest selda lambalærið í Bónus!**

**Nautagúllas pre-pac**
frá Kjarnafæði.
**1.312** kr./kg.
Merkt verð 1.875 kr./kg.



100% íslenskt nautakjöt
% afsláttur 30 % afsláttur

**Nautahakk, frosið**
frá Kjarnafæði.
**798** kr./kg.
Merkt verð 1.140 kr./kg.



% afsláttur 30 % afsláttur
100% íslenskt nautakjöt

**Grill-lambaframpartssneiðar**
frá Kjarnafæði.
**969** kr./kg.
Merkt verð 1.292 kr./kg.



% afsláttur 25 % afsláttur

**Hrásalat 350g.**
frá Kjarnafæði.
**98** kr./ds.




Frábært með öllum mat!

**BBQ svínarif**
frá Kjarnafæði.
**559** kr./kg.
Merkt verð 798 kr./kg.



% afsláttur 30 % afsláttur

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

> ÍHUGAÐI SJÁLFSMORÐ

Samkvæmt heimildum veftímaritsins Parade segist American Idol-dómarinn **Simon Cowell** hafa leiðst í skóla. „Ég þoldi ekki agann og ströngu reglurnar sem ríktu í skólanum. Þegar fólk sagði við mig að þetta væri besti tími lífsins langaði mig til að binda enda á líf mitt. Ég íhugaði að stökkva fram af brú ef þetta færi versnandi,“ segir Simon.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Silfurjakki Hemma á uppboð

Í útvarpsþáttinn Frá A til J á Rás 2 í kvöld mætir sjálfur Hemmi Gunn í spjall. Að vanda gefur gestur þáttarins hlut sem boðinn er upp til góðgerðarmála. Hemmi valdi að gefa silfurlitan jakka sem verður að telja með þekktustu munum úr íslenskri sjónvarpssögu.

„Mér datt í hug að gefa einhverja fræga fótboltatreyju, en þar sem þetta er nú á RÚV ákvað ég að gefa silfurlitaða jakkann sem ég var í á upphafsárum Á tali-þáttanna,“ segir Hemmi. „Jakkinn var sérsaumaður á mig úti í Taílandi og vakti bæði undrun og hneykslun þegar ég sást í honum í fyrsta skipti. Annað eins fyrirbæri hafði ekki sést á Íslandi fyrr. Þetta er ekta silkijakki og hann skiptir litum eftir ljósinu. Tilvalinn fyrir hljómsveitargæja, ég sé til dæmis Dr. Spock alveg fyrir mér í honum.“

Leikararnir Jói G. og Atli Geir hafa séð um þáttinn í vetur en þátturinn í kvöld er sá síðasti á þessum tíma, Jói og Atli verða frá og með 17. maí á dagskrá á laugardögum á milli klukkan 13 og 16, í beinni samkeppni við þátt Hemma Gunn á Bylgjunni. Og þess vegna þótti upplagt að fá Hemma í síðasta kvöldþáttinn.

„Ég ætla rétt að vona að fólk taki við sér og bjóði vel í jakkann, enda rennur afraksturinn til góðra mála,“ segir Hemmi. **- glh**



**HRESS AÐ VANDA** Hemmi Gunn í silfurjakkanum umdeilda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**SVERRIR BERGMANN** Sverrir komst á topp Skífulistans með sína fyrstu sólóplötu.

# Bergmann á toppinn

Fyrsta sólóplata söngvarans Sverris Bergmann, sem heitir einfaldlega Bergmann, fór á topp Skífulistans fyrir skömmu. Þegar eru þrjú lög plötunnar komin í spilun á útvarpsstöðvum landins, þar á meðal Havelock Bar þar sem Sverrir blandar saman íslenskum og enskum textum.

Alls eru tólf lög á plötunni, sem Sverrir vann að á fjögurra ára tímabili. Naut hann aðstoðar tónlistarmanna frá Bretlandi og Svíþjóð. Platan var síðan tekin upp í hinu sögufræga hljóðveri Sawmills Studio í Bretlandi og í hljóðveri Sigur Rósar í Mosfellsbænum. Grammy-verðlaunahafinn S. Husky Hoskulds hljóðblandaði plötuna og sá um allan lokafrágang hennar.

# Nýtt litboltafélag í Skagafirði

**Litboltafélag Skagafjarðar verður stofnað í dag og verður það með aðstöðu á Vindheimamelum, sjö kílómetrum frá Varmahlíð.**

Hingað til hefur litbolti verið vinsæll hjá ýmsum fyrirtækjum og hópum sem vilja gera sér glaðan dag en hið nýja félag í Skagafirði ætlar sér stærri hluti. „Við höfum áhuga á þessari íþrótt og langaði að gera eitthvað,“ segir varaformaðurinn Ragnar Helgason, sem er einn þriggja stofnmeðlima. „Ævintýraferðir eru að opna völl á Vindheimamelum og við erum í samstarfi við þá,“ segir Ragnar. „Okkur langar að kynna þessa íþrótt meira því það er svo lítið af fólki í henni á Íslandi. Fólk hugsar um þetta meira sem útilegu en þetta er íþrótt sem er stunduð í 115 löndum og er virkilega vinsæl úti um allan heim.“

Litboltafélag Skagafjarðar er þó ekki eina litboltafélagið hér á landi því slík félög fyrirfinnast meðal annars á Suðurnesjum og á Akureyri.

Ragnar ætlar að safna til sín félagsmönnum á næstunni og vonast til að hið nýja félag geti keppt á stærri mótum hérlendis í framtíðinni. Framhaldsskólamót í litbolta hafa verið haldin undanfarin ár við góðar undirtektir og því telur Ragnar að góður grundvöllur sé fyrir því að íþróttin festi sig í sessi hér á landi. „Okkur finnst gaman að finna fyrir adrenalíninu og upplifa stemninguna sem fylgir þessari íþrótt og við hvetjum alla til að prófa,“ segir hann. **-fb**



**SAMAN Í LITBOLTA** Ragnar Helgason, Tryggvi Geir Magnússon og Elfar Már Viggósson ætla að stofna Litboltafélag Skagafjarðar.






# Ferðin endar í New York

Hljómsveitin The Police ætlar að ljúka tónleikaferð sinni um heiminn í New York-borg, þar sem hún hóf sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin árið 1978.

The Police, sem kom aftur saman í fyrra eftir margra ára hlé, hefur spilað fyrir rúmlega 2,5 milljónir manna víðs vegar um heiminn og var hún tekjuhæsta tónleikasveit ársins í fyrra. Ekki hefur verið tilkynnt hvar og hvenær tónleikarnir í New York verða haldnir. Lokatónleikar sveitarinnar áður en hún fer í hvíld á nýjan leik verða síðan í London í júní.



**STING** Sting og félagar í The Police ljúka tónleikaferð sinni um heiminn í New York á næstunni.

# Yfir hundrað keppendur

**Hundrað og tvær hljómsveitir og listamenn sendu lög inn í keppnina Þorskastríðið sem útgáfufyrirtækið Cod Music stendur fyrir. Fyrir síðustu helgi höfðu á sjötta tug sent lög inn í keppnina en síðustu dagana áður en umsóknarfresturinn rann út flykktust þátttakendurnir inn.**

**Cod Music þarf nú að velja eitt lag úr þeim hátt í þrjú hundruð lögum sem bárust. Í verðlaun er útgáfusamningur við Cod Music, tíu kíló af þorski og kassi af þorskalýsi. Vegna þessa mikla áhuga íhugar Cod Music að efna til hljómsveitakeppni næst þegar Þorskastríðið verður haldið þar sem besti flytjandinn fær útgáfusamning að launum.**



**FRANK BLACK** Forsprakki Pixies hitar upp fyrir Stone Temple Pilots í sumar.

# Hitar upp fyrir Pilots

Tónlistarmaðurinn Frank Black úr rokksveitinni Pixies ætlar að hita upp fyrir hljómsveitina Stone Temple Pilots á nokkrum tónleikum í Bandaríkjunum í sumar.

Pilots er að koma aftur saman eftir nokkurra ára hlé og í fararbroddi er söngvarinn Scott Weiland, sem var nýverið rekinn úr rokksveitinni Velvet Revolver. Black er að kynna stuttskífu sína SVN FNGRS sem kom út á dögunum. Pixies er aftur á móti komin í pásu á meðan bassaleikarinn Kim Deal einbeitir sér að hljómsveit sinni The Breeders, sem gaf fyrir skömmu út nýja plötu.



**ENDURHEIMTI GULLKEÐJUNA** Einn áheyrenda á tónleikum 50 Cent reyndi að ræna af honum gullkeðju.

# 50 Cent rændur á sviði

**Samkvæmt heimildum af fréttavef tmz lenti rapparinn 50 Cent í óvenjulegri ránstilraun á tónleikum nýverið. Rapparinn, sem heitir réttu nafni Curtis Jackson, var í miðju lagi á tónleikum sínum í Afríkuríkinu Angóla þegar einn áheyrandi stökk upp á svið og reif stóra gullkeðju af hálsi rapparans. Því næst hljóp hann á brott með ránsfenginn, en 50 Cent og fylgdarmenn hans munu hafa elt manninn uppi og náð honum á hlaupum. 50 Cent var ekki skemmt yfir atvikinu og kýldi manninn í andlitið áður en hann endurheimti gullkeðjuna.**







Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| IRON MAN | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.20 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 - (550) | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS



| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 6:30/3D - 8:20/3D - 10:20/3D | L |
| IRON MAN | kl. 4D - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | Sýnd í Lúxus VIP 14.Maí | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 4 - 6 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 10:30 | VIP |
| FORGETTING SARAH M... | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:40 - 8 | VIP |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 4/3D - 6/3D - 8/3D | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| IRON MAN | kl. 6 - 9 - 10 | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 3:40 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ SÍÐ. SÝNINGAR | kl. 4D | 10 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 6 | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 8 - 10 | 7 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| DOOMSDAY | kl. 10:20 | 16 |
| DRILBIT TAYLOR | kl. 5:30 | L |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!



Barátta kynjanna er hafin.
Búðu þig undir... stríð!
Cameron Diaz og Ashton Kutcher í frábærri gamanmynd!

PATRICK DEMPSEY MADE of HONOUR
ÞAÐ ÞARF ALVÖRU KARLMANN TIL AÐ VERA BRÚÐARMEYJA!

Frá þeim sem færðu ykkur SCARY MOVIE og NAKED GUN

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| HORTON | kl. 3.45 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| REDACTED | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MADE OF HONOUR | kl. 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 -10.20 ENSKUR T | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




**ÞENJA RADDBÖNDIN** Örn er búinn að staðfæra og þýða texta Everly-bræðranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Örn Árna og Óskar með lungu á við kafarakúta

**Spaugstofumaðurinn Örn Árnason og Álftagerðisbróðurinn Óskar Pétursson þenja raddböndin að hætti Everly-bræðra á nýrri plötu.**

„Það verður svakalegur hávaði í þessu. Enda tveir hundrað kílóa menn og „lungna-kapasítet“ á við bestu kafarakúta,“ segir Örn Árnason leikari.

Hann er nú að senda frá sér nýja plötu ásamt Óskari Péturssyni sem oftast er kenndur við Álftagerði.

Á plötunni syngja þeir félagar lög Everly-bræðra sem gerðu garðinn frægan á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Texta við lögin hefur Örn þýtt og staðfært. Hann segir þetta vissulega nýtt svið fyrir sig en hann hafi nú reyndar nýtt hagyrðinginn í sér lengi, til dæmis í tengslum við kveðskap fyrir Leikbrúðuland og annað sem ekki hefur farið hátt. „Þetta er svona vinnutæki. Ég er ekki þekktur textasmiður. Þetta er nett þýðing á Everly-bræðrum. Ég hef skoðað ýmsa söngtexta sem settir hafa verið saman og tel mig standast samanburð fyllilega. En vissulega eru margir betri en ég og ég mun ekki brjóta blað í sögu textagerðar á Íslandi,“ segir Örn sem leggur upp úr því að hrynjandi lags og texta fari saman. Hann segir texta frá þessum tíma skemmtilega barnalega og væmna, en jafnframt húmoríska. Einn textinn, Radio in TV eða Imbakassi og útvarp, segir til dæmis frá manni sem á sér þann draum æðstan að finna stúlku sem deilir því áhugamáli með honum að sitja heima við, horfa á sjónvarpið og hlusta á útvarpið í leiðinni.

Örn og Óskar ætla að skeiða um landið og fylgja plötunni eftir með söng, gríni og glensi í sumar við undirleik Jónasar Þóris og ausa úr gleðiskálum sínum undir heitinu „Yfirlitsbræður“. - jbg


ROSALEGIR RÝMINGARDAGAR!

Aðeins í nokkra daga!



ROSA AFSLÁTTUR sem kveður niður verðbólgudrauginn

Blöndunartæki
Viðarparket
Plastparket
Veggflísar
Gólfflísar
Vaskar

HARÐVIÐARVAL

- þegar þú kaupir parket!

Krókhálsi 4 • Sími 567 1010 • www.parket.is



**KATE HUDSON** Leikkonan er nú við tökur á nýjustu mynd sinni, Bride Wars.

# Eltihrellir gómaður

Samkvæmt heimildum Boston Herald hefur hinn 44 ára gamli Neil Bergman verið ákærður fyrir innbrot og sendur í þrjátíu daga geðrannsókn eftir að hann sýndi leikkonunni Kate Hudson óeðlilegan áhuga. Yfirvöldum fannst full ástæða til að gera leikkonunni viðvart eftir að Bergman talaði um hana og móður hennar, Goldie Hawn, á óviðeigandi hátt þegar hann var handtekinn vegna innbrotsins. Kate Hudson er við tökur á nýjustu mynd sinni Bride Wars um þessar mundir og hefur öryggisgæsla á tökustað verið hert til muna í kjölfar atburðarins.



**ROBERT DE NIRO** Leikarinn Robert De Niro ætlar að opna tvö hótel með japönsku þema á næstunni.

# Færir út kvíarnar

Leikarinn Robert De Niro ætlar að færa út kvíarnar og opna hótelkeðju með japönsku þema. Fyrsta hótelið verður opnað í Herzliya í Ísrael í sumar og það næsta í fjármálahverfi New York eftir tvö til þrjú ár.

De Niro á fyrir japönsku veitingahúsin Nobu sem hafa notið mikilla vinsælda víða um heimi og ætlar því að hamra járnið á meðan það er heitt með stofnun hótelkeðjunnar. Raphael, sonur De Niro, mun hafa umsjón með markaðsmálum hótelanna. „Það eru mjög spennandi tímar í vændum fyrir okkur,“ sagði hann.



**MÁLAFERLI** Victoria Beckham mun hugsanlega höfða mál gegn tískufyrirtækinu Rock and Republic.

# Fína kryddið höfðar mál

Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Mail on Sunday er Victoria Beckham sögð ætla að höfða mál gegn tískufyrirtækinu Rock and Republic. Victoria gerði samning við fyrirtækið árið 2004 um framleiðslu á gallabuxum undir merki hennar dVb, en sagði skilið við það tveimur árum síðar eftir að ágreiningur kom upp á milli hennar og Michaels Ball, eiganda fyrirtækisins. Hagnaðurinn af sölunni reyndist mun minni en áætlað var í upphafi og telur hún að Rock and Republic skuldi henni allt að 100 milljón dollara.

# Portúgalar ríghalda í hefðina

■ Hjartaknúsarinn Paolo Meneguzzi, sem flytur lag Sviss, er allþekktur á Ítalíu. Þar verður hann í fótboltaliði poppara með mönnum eins og Eros Ramazzotti og Gianni Morandi, sem leikur góðgerðarleik gegn íþróttastjörnum, sjónvarpsfólki og leikurum. Í því liði er sjálfur Diego Maradona. Leikurinn fer fram í Róm 12. maí og Paolo þarf svo að flýta sér til Belgrad enda er fyrsta æfing fyrir Eurovision daginn eftir.

■ Moldóva tekur nú þátt í Eurovision í fjórða sinn. Þetta fátæka smáríki vakti mikla athygli með fyrsta framlagi sínu til keppninar 2005, rokkbandinu Zdob si Zdub sem mætti með „ömmuna“ sem barði trommu. Það lag hafnaði í sjötta sæti það ár. Ekki hefur gengið verið sérstakt síðan, en nú treysta Moldóvar á djasssöngkonuna Getu Burlacu og rólegt lag hennar.

■ Vania Fernandes syngur portúgalska lagið í ár og Portúgalar eru ekkert að fikta í gömlu uppskriftinni: Senda dramatíska ballöðu með þjóðlagaívafi. Uppskriftin hefur þó aldrei virkað og Portúgalar eiga slappasta feril allra þjóða í keppninni, hafa keppt 41 sinni og hæst náð 6. sæti árið 1996. Þeir hafa verið fastir í forkeppninni síðan það fyrirkomulag var tekið upp árið 2004.



**KEMUR HÚN PORTÚGÖLUM Í AÐALKEPPNINA?** Vania Fernandes syngur „Senhora do Mar“.

EUROVISION ÞRETTÁN DAGAR TIL STEFNU

3 fyrir 2

Útsölumarkaður Next í fullum gangi í Skeifunni 17!

Ótrúleg verð! Þú tekur 3 flíkur en borgar aðeins fyrir 2 - á 40% afslætti!

Ódýrasta flíkin fylgir með.

Fyrstir koma fyrstir fá!

Opið mán.- föst: 12 - 18 · Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

next

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FH 2. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

### > LYKILMAÐURINN



**Tryggvi Guðmundsson** er hreinlega eins og gott rauðvín og virðist bara verða betri með aldrinum. Er enn á fullu gasi og á nóg eftir. Tryggvi skorar ekki bara mörk heldur leggur hann upp flest mörk FH-liðsins. Er einnig gríðarlega drífandi leikmaður sem leggur sig alltaf 120 prósent fram. Verður örugglega áfram enn af betri leikmönnum deildarinnar.

# Verðugt verkefni fyrir Heimi

Það verður verulega áhugavert að fylgjast með FH-liðinu í sumar. Eftir að liðið varð Íslandsmeistari þrjú ár í röð var því velt af stalli af Völsurum í fyrrasumar. Í kjölfarið hætti Ólafur Jóhannesson með liðið og nýliðinn Heimir Guðjónsson fær það verðuga verkefni að halda FH-ingum í toppbaráttunni.

Heimir er búinn að vera lengi í Hafnarfirðinum, fyrst sem fyrirliði liðsins og síðan sem aðstoðarmaður Ólafs, og veit því nákvæmlega að hverju hann gengur og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hjá FH.

Nokkrar breytingar hafa orðið á FH-liðinu í vetur. Sverrir Garðarsson fór til Svíþjóðar, Auðunn Helgason fór í Fram, Allan Dyring í Árbæinn, Ólafur Páll Snorrason til Fjölnis og svo lagði Sigurvin Ólafsson skóna á hilluna.

Í staðinn hefur Heimir endurheimt Jónas Grana Garðarsson frá Fram en hann var markakóngur Landsbankadeildarinnar í fyrra. Höskuldur Eiríksson kom frá Víkingi og Leiknismaðurinn efnilegi, Halldór Kristinn Halldórsson, reynir sig með FH-ingum í sumar. Gamla brýnið Gunnar Sigurðsson dró svo hanskana niður úr hillunni og mun veita Daða Lárussyni keppni.

Verkefni Heimis er verðugt en erfitt. Það eru gerðar miklar kröfur í Hafnarfirðinum og hann þekkir það manna best.

Það getur reynst erfitt að taka stökkið í aðalþjálfarastólinn en Fréttablaðið telur Heimi valda því og spáir því FH öðru sæti.



### > X-FAKTORINN

**Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir** virðast ekki geta hætt í fótbolta og ætla að taka slaginn aftur í sumar. Tveir af hæfileikaríkari knattspyrnumönnum þjóðarinnar frá upphafi og töfrar þeirra gætu gefið FH-liðinu mikið.

### AÐRIR LYKILMENN



TOMMY NIELSEN



DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON



JÓNAS GRANI GARÐARSSON

**GENGI Á VORMÓTUNUM**

■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töp




**GENGI SÍÐUSTU ÁRA** **2007** 2. sæti í A-deild | **2006** 1. sæti í A-deild | **2005** 1. sæti í A-deild | **2004** 1. sæti í A-deild | **2003** 2. sæti í A-deild | **2002** 6. sæti í A-deild



**BEST** Arnar og Alina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N1-deildirnar:

## Arnar og Alina valin best

**HANDBOLTI** HSÍ veitti í gær verðlaun fyrir bestu frammistöðu í lokahluta N1-deildanna. Haukamaðurinn Arnar Pétursson og Stjörnustúlkan Alina Petrache voru valdir bestu leikmennirnir meðal annars. - hbg

### N1-DEILDIRNAR

**Verðlaun fyrir umferðir 22-28 í N1-deild karla:**

| | |
|---|---|
| Besti leikmaðurinn: Arnar Pétursson | |
| Besti þjálfarinn: Aron Kristjánsson | |
| Besta umgjörð: | Haukar |
| Besta dómarapar: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson. | |

**Úrvalslið umferðanna:**

| | |
|---|---|
| Markvörður: | Egidijus Petkevicius, HK |
| Lína: | Arnar Pétursson, Haukar |
| v. horn: | Freyr Brynjarsson, Haukar |
| v. skytta: | Gunnar B.Viktorsson, Haukar |
| Miðjumaður: | Andri Stefan, Haukar |
| h. skytta: | Rúnar Kárason, Fram |
| h. horn: | Ragnar Hjaltested, HK |

**Verðlaun fyrir umferðir 19-27 í N1-deild kvenna:**

| | |
|---|---|
| Besti leikmaðurinn: Alina Petrache | |
| Besti þjálfarinn: Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson og Ragnar Hermannsson, Stjarnan | |
| Besta umgjörð: | Fram |

**Úrvalslið umferðanna:**

| | |
|---|---|
| Markv.: | Kristina Matuzeviciute, Fram |
| Lína: | Pavla Nevarilova, Fram |
| v. horn: | Dagný Skúladóttir, Valur |
| v. skytta: | Alina Petrache, Stjarnan |
| Miðjumaður: | Eva Barna, Valur |
| h. skytta: | Birgit Engl, Stjarnan |
| h. horn: | Sólveig Kjærnested, Stjarnan |




**SAMEINAÐIR** Leikmenn úr Landsbankadeildinni 2008 FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Samtök knattspyrnumanna:

## Án fordóma

**FÓTBOLTI** Fyrirliðar allra liða í Landsbankadeild karla og kvenna skrifuðu undir yfirlýsingu í gær undir yfirskriftinni fótbolti án fordóma.

Þar heita fyrirliðar deildarinnar að sýna gott fordæmi í leikjum sumarsins með því að koma fram af heiðarleika, níða ekki andstæðinga niður og koma í veg fyrir fordóma og dónaskap. Fyrirliðarnir skora í leiðinni á áhorfendur að gera slíkt hið sama. - hbg

# Vill toppa flott tímabil með titli

**Þriðja árið í röð er Jón Arnór Stefánsson að fara að spila í úrslitakeppni ítalska körfuboltans, þar sem saman koma frábær lið og brjálaðir stuðningsmenn sem gera allt til þess að hafa áhrif á andstæðingana.**

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma hefja leik í úrslitakeppninni á sunnudaginn þegar þeir mæta Tisettanta Cantu í átta liða úrslitunum. Þetta er þriðja árið í röð sem Jón Arnór spilar í úrslitakeppninni á Ítalíu, hann hefur komist í undanúrslitin tvisvar en nú segist hann vera orðinn hungraður að fá tækifærið til að spila um titilinn.

„Það er alltaf skemmtilegt að spila í úrslitakeppni þar sem stemningin er mikil," segir Jón Arnór en andstæðingurinn er Tisettanta Cantu sem endaði í 7. sæti deildarinnar.

### Skemmtilegra á útivöllum

„Þeir eru með rosalega sterkan heimavöll og svakalega áhorfendur. Það eru mikil læti og þetta er frekar lítið íþróttahús þannig að það skapast alveg svakaleg stemmning," segir Jón.

„Mér finnst rosalega skemmtilegt að spila við svona aðstæður og oft finnst mér bara skemmtilegra að spila á útivöllunum en heima," segir Jón Arnór, sem var sem dæmi með 13 stig og 60 prósenta þriggja stiga nýtingu í útileiknum gegn Cantú í vetur. Í vetur hefur Jón Arnór skorað 10,7 stig í leik á útivelli en 6,4 stig í leik á heimavelli.

Lottomatica endaði í 2. sæti í vetur en var engu að síður sextán stigum á eftir toppliði Montepaschi Siena. „Á pappírnum er búist við að við mætum Siena í úrslitunum en þetta verður erfitt enda geta allir unnið alla í þessu, sem hefur sýnt sig í ár. Við höfum verið að æfa á fullu og höfum fengið góðan tíma til þess að undirbúa okkur fyrir úrslitakeppnina. Við verðum að passa okkur að hugsa ekki bara um Siena og úrslitin því við þurfum náttúrulega að komast í gegnum þessar fyrstu tvær umferðir fyrir það," segir Jón Arnór.

Jón Arnór hefur glímt við meiðsli í vetur. „Við höfum verið óheppnir með meiðsli í ár. Þetta er búið að vera mikið basl og það er því alveg ótrúlegt hvað okkur tókst að komast langt bæði í Evrópu og í ítölsku deildinni miðað við allt," segir Jón sem er kominn á fullt á ný eftir sín meiðsli.



**BESTA TÍMABILIÐ** Jón Arnór Stefánsson hefur aldrei spilað betur en í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### Orðinn góður af meiðslunum

„Ég er nokkuð góður en hef kannski ekki verið alveg samur eftir þessi meiðsli. Ég hef ekki spilað eins vel og ég gerði áður. Þar hafði líka eitthvað að segja að það komu nýir leikmenn og leikskipulagið hefur aðeins breyst. Ég kominn í hörku form núna og er alveg heill og tilbúinn í úrslitakeppnina," segir Jón Arnór.

Jón Arnór hefur stórt hlutverk hjá Roma og þá ekki síst varnarlega. „Það þarf að hafa einhvern til þess að deila boltanum, spila vörn og setja jafnvægi í sókn og vörn. Ég er í því hlutverki. Það koma síðan leikir þar sem ég er að hitta vel og fæ þá meira hlutverk í sókninni. Ég er ekkert að láta tölfræðina stressa mig. Ég veit hvenær ég á góða leiki og hvenær ég á ekki góða leiki og það hefur ekkert með tölfræðina að segja," segir Jón og hann er ánægður með veturinn.

„Þetta er klárlega besta tímabilið mitt á Ítalíu. Ég var alveg í ofsalega góðu formi og var að spila mjög vel fyrir meiðslin," segir Jón Arnór. Varnarleikurinn er aðall liðsins, sem sést ekki síst á því að tólf lið í deildinni skoruðu meira í leik í vetur en Roma en liðið náði engu að síður öðru sætinu.

### Miklu stærra hlutverk í ár

Jón Arnór hefur ekki verið í byrjunarliðinu nema í 7 af 27 leikjum í vetur en hann setur það ekkert fyrir sig.

„Ég er bara þessi sjötti maður í liðinu og þjálfarinn hefur talað við mig um það. Hann vill að ég komi með kraft inn af bekknum og ef við byrjum illa þá er ég fljótur að koma inn á. Hann hefur sett mikla pressu á mig að koma inn með mikla orku varnarlega og gíra menn upp. Ég veit alveg hvert mitt hlutverk í liðinu er, sem er rosalega gott. Ég hef miklu stærra hlutverk í ár."

Fram undan er spennandi úrslitakeppni og Jón Arnór hefur trú á að Roma geti farið alla leið.

„Við erum með mjög gott lið og höfum sýnt það í ár þegar við höfum verið að vinna öll bestu liðin í Evrópu léttilega. Við eigum alveg bullandi möguleika og maður er ekkert smá hungraður að ná í titil. Ég er ofsalega ángæður með þetta tímabil og það myndi toppa það að ná titli," segir Jón Arnór að lokum. ooj@frettabladid.is

Fremsta skíðakona Íslands um árabil, Dagný Linda Kristjánsdóttir, er hætt vegna erfiðra meiðsla:

# Ég er með mjög ánægð með minn feril

**SKÍÐI** Dagný Linda Kristjánsdóttir, fremsta skíðakona Íslands um árabil, hefur ákveðið að leggja skíðin á hilluna og hætta æfingum og keppni en hún hefur glímt við erfið meiðsli í hægri fótlegg í vetur og þarf að fara í aðgerð.

„Ég var ekki viss um að þessi aðgerð myndi skila bata þannig að ég ákvað að þetta væri komið nóg," segir Dagný Linda, sem hefur verið í sambandi við tvo lækna á Íslandi og fór síðan að hitta þann þriðja í Svíþjóð. „Við ræddum þetta fram og til baka og síðan er ég búin að hugsa málið í nokkra daga," segir Dagný, sem segir veturinn hafa verið ónýtan.

„Ég hef nánast ekkert verið á skíðum í vetur þótt ég hafi verið að æfa og keppa því ég var alltaf að drepast í fætinum. Þessi vetur fór algjörlega í vaskinn," segir Dagný Linda.

„Ég er með mjög ánægð með minn feril og ég er alveg sátt við þessa ákvörðun þó að hún hafi verið erfið. Það er pínulítið svekkelsi að ná ekki að klára fram að Ólympíuleikum eins og markmiðið var en það er engin eftirsjá," segir Dagný Linda, sem alls tók þátt í 316 alþjóðlegum mótum í þrettán þjóðlöndum.

Árangurinn hefur líka verið góður en hún hefur verið í einu af fimm efstu sætunum á 87 alþjóðlegum mótum, þar af 35 sinnum í fyrsta sæti og 17 sinnum í 2. sæti. En hver er stærsta stundin?

„Ætli það sé ekki Ólympíuleikarnir í Tórínó 2006. Ég náði góðum árangri eftir að hafa verið nýbyrjuð á skíðum aftur. Ég var búin að vera sex mánuði á skíðum eftir tuttugu mánaða meiðsli og náði óvænt góðum árangri," segir Dagný Linda, sem einnig tók þátt í leikunum í Salt Lake City árið 2002.




**FRÁBÆR FERILL** Dagný Linda Kristjánsdóttir komst á pall á 64 alþjóðlegum mótum. NORDICPHOTOS/GETTY

Dagný Linda vann sína síðustu titla á Skíðamóti Íslands á dögunum en alls hefur hún unnið átján Íslandsmeistaratitla á skíðum.

„Það var mjög gaman að geta varið þessa titla frá því í fyrra og hitt í fyrra. Ég var samt að drepast allan tímann en ég var ánægð með að hafa látið mig hafa það, sérstaklega núna eftir að maður hefur tekið þess ákvörðun," segir Dagný Linda. Katrín systir hennar var tvisvar með henni á verðlaunapalli á Skíðamótinu, þar af urðu þær tvær efstar í svigi.

„Hún er enn ung og á langt eftir. Hún er að standa sig frábærlega og ég hef fulla trú á að hún feti í mín fótspor og lengra," segir Dagný um systur sína, sem er á leið í sama skíðaskóla í Noregi og hún fór á sínum tíma. - óój

Birgir Leifur tekur sér hvíld frá Evrópumótaröðinni til að ná sér af meiðslum en ætlar að koma sterkari til baka:

# Verður vonandi ný byrjun á mínum ferli

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hefur ákveðið að taka sér hvíld frá keppnisgolfi í óákveðinn tíma til að jafna sig á þrálátum meiðslum.

Birgir Leifur gaf út yfirlýsingu í gær þar sem fram kom að hann hefði ákveðið að taka sér hvíld frá keppni í bili, eftir að hafa ráðfært sig við lækni Evrópumótaraðarinnar Dr. Roger Hawkes, til þess að ná sér góðum af meiðslunum. Birgir Leifur kvað ákvörðunina þó vissulega hafa verið erfiða þegar Fréttablaðið náði tali af honum.



**VONBRIGÐI** Birgir Leifur þurfti að taka erfiða ákvörðun um hvíld en er ákveðinn að koma betri til baka úr meiðslunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ég játa að þetta var gríðarlega erfiður dagur í gær hvað varðar þessa ákvörðun en hún varð auðveldari eftir að ég ráðfærði mig við lækninn og það má ef til vill segja að hann hafi tekið þessa ákvörðun fyrir mig á endanum. Hann taldi að meiðslin væru enn sem komið er ekki alvarleg en myndu versna til muna ef ég myndi halda áfram að spila í gegnum sársaukann. Eina leiðin fyrir mig væri því að hvíla í ákveðinn tíma og byggja mig svo hægt og rólega upp aftur,“ sagði Birgir Leifur sem er harðákveðinn í því að koma sterkari til baka.

„Ég kem heim til Íslands þar sem ég mun setjast niður með sjúkraþjálfaranum mínum og skipuleggja æfingaráætlun og ég lít bara björtum augum á þetta og ætla að koma miklu betri og sterkari til baka úr þessu. Þetta verður vonandi ný byrjun á mínum ferli og það er líka í raun jákvætt að ég sé búinn að fá það á hreint hvað var að angra mig og get þá unnið með það,“ sagði Birgir Leifur, sem veit ekki hvernig framhaldið verður með þátttöku hans á Evrópumótaröðinni.

„Ég ætla bara að einbeita mér að því að ná mér 100% og sjá svo til hvernig málin standa. Læknirinn taldi að þetta gæti tekið fjóra mánuði að jafna sig og ef það reynist rétt þá verður keppnistímabilið náttúrulega nánast búið. Það eru samt fordæmi fyrir því að menn fái læknisvottorð fyrir meiðslum og þátttökurétturinn flytjist þá yfir á næsta keppnistímabil, en þetta kemur bara í ljós,“ sagði Birgir Leifur. **- óþ**








> **Denzel Washington**

Stórleikarinn knái leikur í myndinni The Bone Collector sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Denzel hefur yfir ævina unnið til tveggja Óskarsverðlauna og verið tilnefndur alls fimm sinnum. Enginn annar þeldökkur leikari hefur unnið svo oft til verðlaunanna eða verið tilnefndur.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÉR HERKÆNSKU Í SJÓNVARPI

# Framkoman sem öllu máli skiptir

Stjórnmálamenn og aðrir valdsins menn hafa frá því að sjónvarpið tók öll völd á heimilum hins vestræna heims þurft að taka tillit til þess hvernig framkomu þeir hafa á skjánum. Þeir mega ekki vera of ógnandi, fráhrindandi né óheillandi. Þeir verða að huga vel að málfari, fasi og klæðarburði og gæta þess að vera ekki dónalegir. Þótt þeir megi auðvitað ekki láta vaða yfir sig á skítugum skónum. Engin stjórnmálamaður vill verða næsti Richard Nixon, sem tapaði fyrir Kennedy á svitabaði í kappræðum fyrir tæpri hálfri öld.

Íslenskir stjórnmálamenn virðast hafa gert sér fyllilega grein fyrir því að sú ímynd sem þeir gefa af sér á síðum blaðanna og ekki síst í umræðuþáttum og sjónvarpsviðtölum fylgir þeim út í hinn harða heim alþingis eða ráðhúsanna. Virki þeir sjálfsöruggir og vissir í sinni sök heldur almenningur að umræddur



ENGINN VILL VERÐA NÆSTI NIXON Richard Nixon vanmat áhrif sjónvarpsins og tapaði fyrir Kennedy á svitabaði.

annars er honum stjórnmálamaður sé bæði röggsamur og rökfastur. Sama hvort hann sé það síðan í raunveruleikanum eða ekki. Sé hann hikandi eða eigi það til að grípa frammí telja kjósendur að sá og hinn sami sé ekki alveg með sitt á hreinu og noti dónaskap til að breiða yfir annað hvort spillingu eða vankunnáttu. Slíkt þarf þó ekkert að vera raunin. Hin hikandi stjórnmálamaður getur allt eins verið illa fyrirkallaður og grípi hann frammí getur verið að honum liggi mikið á hjarta.

En sjónvarpsáhorfendum er alveg slétt sama um almenna líðan stjórnmálamannsins. Þeir vilja að hann leggi sig hundrað prósent fram í hvert og eitt einasta skipti. Og því má í raun segja að stjórnmálamaður sé eins og knattspyrnumaður; hann verður að spila vel í hvert einasta skipti því annars er honum bara skipt út af og látinn verma bekkinn í næsta leik.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55** America's Got Talent STÖÐ 2



▶ **21.00** Svalbarði SKJÁREINN



▶ **21.20** Upphitun fyrir lokaumferðina STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **22.00** The Woodsman STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.05** Domino SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar**
**17.50 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.15 Ljóta Betty** (3:23)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar - Úrslitaþáttur**
**21.15 Talið í söngvakeppni 2008** (2:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Belgrað 20.-24. maí.
**21.40 Ungi kokkurinn** (Eddie's Million Dollar Cook-Off) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2003 um ungan hafnaboltakappa sem kemur vinum sínum á óvart þegar hann fær skyndilega mikinn áhuga á matreiðslu. Leikstjóri er Paul Hoen og meðal leikenda eru Taylor Ball, Orlando Brown og Rose McIver.
▶**23.05 Dómínó** (Domino) Ensk/frönsk bíómynd frá 2005 byggð á sannri sögu Dómínó Harvey, upprennandi fyrirsætu og dóttur þekkts kvikmyndaleikara, sem sneri við blaðinu og gerðist mannaveiðari. Leikstjóri er Tony Scott og meðal leikenda eru Keira Knightley og Mickey Rourke. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 American Pie: Band Camp**
**08.00 The Perfect Man**
**10.00 Last Holiday**
**12.00 Pop Rocks**
**14.00 The Perfect Man**
**16.00 Last Holiday**
**18.00 Pop Rocks**
**20.00 American Pie: Band Camp**
▶**22.00 The Woodsman** Sérstaklega áleitin verðlaunamynd þar sem varpað er einstaklega raunsönnu ljósi á hugarheim barnaníðingsins.
**00.00 The United States of Leland**
**02.00 Carried Away**
**04.00 The Woodsman**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Hvolpurinn Scooby-Doo**
**07.45 Camp Lazlo**
**08.05 Oprah**
**08.45 Í fínu formi**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 La Fea Más Bella**
**10.05 Homefront**
**11.05 Standoff** (14:18)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Punk'd** (4:16)
**15.25 Bestu Strákarnir** (27:50)
**15.55 Galdrastelpurnar** (7:26)
**16.18 The Fugitives**
**16.43 Ben 10**
**17.03 Smá skrítnir foreldrar**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons** (7:22)
▶**19.55 America's Got Talent** (2:12) Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafinn enn á ný, nú ennþá veglegri og skemmtilegri en síðast. Þættirnir koma úr smiðju höfunda American Idol og So You Think You Can Dance og dómararnir Pierce Morgan og David Hasselhoff hafa fengið frábæran liðstyrk því Sharon Osbourne er nýr dómari og kynnir í þáttunum er sjálfur Jerry Springer. Hér er á ferð hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
**21.30 American Dreamz**
**23.20 The Bone Collector** Raðmorðingi gengur laus á Manhattan. Hann myrðir fórnarlömb sín á hrottafenginn hátt og skilur svo boð eftir hjá þeim. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Angelina Jolie og Queen Latifah.
**01.15 The Lonely Guy**
**02.45 Cyper**
**04.20 Gang Tapes**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**06.55 Formúla 1 2008** (Tyrkland - Æfingar) Bein útsending frá æfingum fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Tyrklandi.
**08.30 F1: Við rásmarkið**
**10.55 Formúla 1 2008** (Tyrkland - Æfingar)
**16.25 Inside the PGA**
**16.50 Gillette World Sport**
**17.20 Landsbankadeildin 2008** Hitað upp fyrir Landsbankadeildina.
**18.20 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
**19.00 Spænski boltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**19.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.00 PGA Tour 2008** (Players Championship) Bein útsending frá Players meistaramótinu í golfi sem er stærsta mótið á PGA mótaröðinni. Þangað mæta til leiks allir af bestu kylfingum heims í dag.
**23.00 World Supercross GP** (Sam Boyd Stadium, Las Vegas, Nevada)
**23.55 NBA körfuboltinn** (NBA 2007/2008 - Playoff games)

## SPORT 2 enski boltinn

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Reading og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
▶**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.
**22.20PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.
**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Snocross** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 One Tree Hill** (e)
**20.10 Survivor: Micronesia** (10:14) Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.
▶**21.00 Svalbarði** (6:10) Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.
**22.00 Lipstick Jungle** (e)
**22.50 The Eleventh Hour** (2:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og þáð fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.
**23.40 Professional Poker Tour** (19:24) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lifandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.
**01.10 Brotherhood** (e)
**02.10 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**03.00 World Cup of Pool 2007** (e)
**03.50 C.S.I.** (e)
**04.30 C.S.I.** (e)
**05.10 Vörutorg**
**06.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Ártúnsbrekka lokuð vegna mótmæla

„Ég sá það fyrst á visir.is"

Visir.is var langfyrstur með fréttirnar um aðgerðir vörubílstjóra. Hann er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.30**
**American Dreamz**



Frábær rómantísk gamanmynd með Hugh Grant, Dennis Quaid og Mandy Moore þar sem gert er grín að raunveruleikasjónvarpinu og einkum og sér í lagi Idol-æðinu. Forsetinn á verulega undir högg að sækja. Atkvæðagreiðsla í sjónvarpsþættinum vinsæla American Dreamz sýnir að keppendur njóta orðið meiri stuðnings en forsetinn sjálfur. Því grípur harla vitgrannur forsetinn til þess örþrifaráðs að reyna að koma sér í þáttinn.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Útsvar - úrslitaþáttur**
**Sjónvarpið kl. 20.10**



Þá er komið að úrslitaþætti spurningaleiksins Útsvars þar sem 24 stærstu sveitarfélög landsins hófu keppni í haust. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Helgi Björns og höllin í Berlín
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Wildfire**
**17.45X-Files**
**18.30 The Class** The Class er bráðskemmtilegu nýr gamanþáttur úr smiðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í tuttugu ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Wildfire** Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
**20.45 X-Files**
**21.30 The Class**
**22.00 Hæðin** Í lokaþættinum fá áhorfendur að kjósa hvert húsanna er glæsilegast og best hannað.
**22.50 Bones**
**23.35 ReGenesis** Hörkuspennandi þættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files. Þættirnir fjalla um störf sérdeildar innan lögreglunnar í Toronto sem gegnir því vandasama starfi að rannsaka glæpi af lífefna- og lífeðlisfræðilegum toga.
**00.20 Rock School**
**01.10 Hlustendaverðlaun FM957 2008**
**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem þeim dettur í hug. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Ellý Ármanns og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
**21.00 Skoðanaskipti** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræðir um borgarmenningu við gesti sína.
**21.30 Íslandsfari** Þáttur í umsjón Akeem Richard Oppong, formanns Íslands Panorama, sem er frjálst félag sem styður fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag með því að vinna markvisst gegn kynþáttafordómum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Ærlig talt **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Vilde hjerter **11.50** Rabatten **12.20** Elsker dig for evigt? **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** Kim Possible **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2007 **19.00** TV Avisen **19.30** If Only **21.05** Byen ved havet **22.50** Anklaget **23.30** Boogie Listen

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Tinas mat **10.40** Columbo **11.50** Sjukehuset i Aidensfield **12.40** Urter **13.00** Megafon **13.30** Dinosapiens **13.55** Frosk til middag **14.05** Ghost Trackers **14.30** Fin fredag **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ørneredet **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Rydd opp, Christopher! **16.30** Det var en gang et eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Michael Palins nye Europa **18.55** 20 spørsmål **19.20** Detektimen: Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Adresse Beograd **22.35** Farmers Market i full symfoni **23.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Vadå handikappad... **10.00** Rapport **10.05** Annes trädgård **10.45** Inför Eurovision Song Contest **11.45** Glasklart **12.45** Veronica Mars **13.30** Sixties **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Klass 9A **15.30** Plus sommar **16.00** Bolibompa **16.30** Madicken **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Var fan är mitt band? **19.30** Sömnlös i Seattle **21.15** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.40** Morgonsoffan **22.10** Jag är Dina


# Goran Superform á 6 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.



*Nýtt á Íslandi*
Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

# Skráðu þig strax í síma 578-8200
# Námskeiðin byrja 13. maí!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta á Pál Óskar út í eitt og þess á milli hef ég kveikt á Léttbylgjunni, það er bæði rólegt og þægilegt.“*

Sigríður Björnsdóttir framkvæmdastjóri Blátt áfram




**LÁRÉTT**
**2.** tusku **6.** í röð **8.** gapa **9.** háttur **11.** tímabil **12.** kassi **14.** kvk nafn **16.** kveðja **17.** sóða **18.** munda **20.** rykkorn **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds **3.** hvort **4.** reikistjarna **5.** krass **7.** aftursæti **10.** kvk nafn **13.** strá **15.** lengdareining **16.** undanhald **19.** járnstein.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lepp, **6.** áb, **8.** flá, **9.** lag, **11.** ár, **12.** skrín, **14.** sóley, **16.** hæ, **17.** ata, **18.** ota, **20.** ar, **21.** pils.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ef, **4.** pláneta, **5.** pár, **7.** baksæti, **10.** gró, **13.** íla, **15.** yard, **16.** hop, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. 351 milljón.
2. Vladimír Pútín.
3. Sigurður Ragnar Eyjólfsson.


Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið


# Heimilislegur Dylan í Höllinni

Þrátt fyrir að Bob Dylan sé einhver virtasti og fremsti laga- og textahöfundur samtímans er ekki mikið fyrir stjörnustælunum að fara. Fréttablaðið hefur fregnir af því hvað Dylan vill að sé til taks baksviðs og er ekki að sjá að þessi lágvaxni snillingur ætli að setja allt á annan endann skömmu fyrir tónleika. Dylan virðist vera mikill tedrykkjumaður og vill hafa sítrónur með því. Matarkröfurnar eru ekkert síður lágstemmdar, nánast venjulegur heimilismatur sem hvert einasta veitingahús borgarinnar ætti að geta reitt fram. Margumræddur sérvitringsháttur Dylans birtist því ekki í baksviðs-kröfunum enda vill hann bara grillmat á diskinn sinn; hamborgara, kjúkling og gott kjöt.

Dylan virðist gera mikið út á að allt sé notalegt í kringum hann og nánustu samstarfsmenn. Þannig er gerð krafa um að nokkrar flöskur af hvítvíni séu til taks þegar verið er að prófa hljóðið auk þess sem ekki þykir verra að hafa nokkra kassa af bjór, helst innfluttum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu gerir Creedence Clearwater-hetjan John Fogerty aðeins „nútímalegri“ kröfur. Hann vill hafa sjónvarp og X-box-leikjatölvu auk góðs úrvals kvikmynda og leikja. Fogerty vildi ekki sjá eiginhandaráritunarbetlandi aðdáendur en mestu athyglina vakti að Fogerty krefst þess að baksviðs sé rúmmikil og snyrtileg þvottavél og þurrkari sem hann einn hafi til afnota. **- fgg**



**ÓLÍKAR KRÖFUR** Dylan vill fá te, sítrónur og góðan grillmat á meðan Fogerty vill hafa sjónvarp, X-box tölvu og síðast en ekki síst þvottavél og þurrkara.



**ALLIR VINIR** Páll Óskar, Bubbi Morthens og Hreimur eiga það sameiginlegt að hafa átt í útistöðum við Árna Johnsen á undanförnum áratug. Þeir koma þó allir fram á Þjóðhátíð í Eyjum þetta árið og því virðist sem friður og sátt ríki milli þeirra.

PÁLL ÓSKAR: ENDURNÝJAR KYNNIN VIÐ ÞJÓÐHÁTÍÐ

# Fornir fjandmenn slíðra sverðin á Þjóðhátíð í Eyjum

Árni Johnsen, Bubbi Morthens, Hreimur og Páll Óskar munu allir koma fram á Þjóðhátíð í Eyjum í ár. Þetta staðfestir Tryggvi Már Sæmundsson sem situr í þjóðhátíðarnefnd. Þessir þrír söngvarar hafa með einum eða öðrum hætti átt í útistöðum við Árna en nú virðist andi sátta og grafinna axa svífa yfir Herjólfsdalnum. „Dagskráin er að skýrast endanlega þessa dagana en Bubbi spilar á undan brekkusöngnum sem Árni Johnsen mun sjá um. Páll Óskar mun koma fram á kvöldvöku og vera síðan með diskótek. Nýdönsk verður með tónleika laugardagskvöldið og Hreimur í Landi og sonum mun semja og syngja þjóðhátíðarlagið,“ útskýrir Tryggvi en bætir því við að hugsanlega muni fleiri taka lagið með Hreimi.

Bubbi, Páll Óskar og Hreimur eiga það allir sameiginlegt að hafa lent í illdeilum við þingmanninn Árna. Þrátt fyrir að þeir hafi allir komið við sögu í Herjólfsdal undanfarin ár er þetta þó í fyrsta skipti sem þeir trylla Eyjamenn á sömu hátíðinni. Tryggvi segist þó ekki óttast að til átaka komi. „Við vonum bara að menn verði til friðs og að það sé búið að grafa stríðsaxirnar.“

Árni Johnsen ætlaði augljóslega að strjúka kviðinn og elska friðinn því hann sagðist aldrei hafa átt sökótt við einn eða neinn. „Það getur allt gerst í hita leiksins en þetta eru smámál. Mér finnst frábært að við verðum allir á Þjóðhátíð í ár, enda allir miklir þjóðhátíðarmenn,“ segir Árni og vill meina að allt sé fallið í ljúfa löð milli hans og Bubba Morthens. „Menn verða að geta brugðið á leik og strítt svolítið en við Bubbi höfum verið og verðum alltaf miklir mátar.“

Og Páll Óskar tók í sama streng, sagðist hafa sæst við Árna í Keflavík fyrir rúmlega ári. „Þá var ég einmitt að plötusnúðast og Árni dansaði manna mest. Við tókumst síðan bara í hendur og sættumst,“ segir Páll. Hann vildi ekki meina að uppákoman frá árinu 1996, þegar til átaka kom milli Páls og Árna á sviðinu í Herjólfsdal, ætti þátt í tólf ára fjarveru hans frá Þjóðhátíðinni í Eyjum. „Ég hef bara verið bundinn fyrir norðan yfir verslunarmannahelgina en nú tókst okkur að finna glufu. Ég verð því í Eyjum á sunnudagskvöldið og hlakka mikið til.“

**alma@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fangaskipti Mónitors og 24 stunda hafa átt sér stað, **Biggi í Maus** er kominn á innblað 24 stunda og **Atli Fannar** hamast nú við að koma saman sínum fyrsta Mónitor, sem væntanlegur er í byrjun júní.



Síðasti Mónitorinn hans Bigga er hins vegar kominn á göturnar og er safaríkur. Mesta athygli munu eflaust vekja svör Megasar við áleitnum spurningum lesenda, sem spurðu hann meðal annars út í afstöðu til fíkniefna og strákinn aftan á umslagi Loftmyndar.

**Jakob Frímann Magnússon,** nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgarmála á skrifstofu borgarstjóra, hefur mörg járn í eldinum. Hann var í fyrradag endurkjörinn formaður Félags tónskálda og textahöfunda á fjölmennum fundi poppara á Domo. Jakob fékk rússneska kosningu því enginn bauð sig fram gegn honum. Almenn ánægja er með Jakob innan raða FTT enda er hann hamhleypa til verka og aldrei lognmolla í kringum hann.



Glöggir sjónvarpsáhorfendur hafa séð **Sverri Þór Sverrisson**, betur þekktan sem Sveppa, kynna til leiks nýja jepplinginn frá Suzuki. Stórvinur Sveppa, Auðunn Blöndal, hefur um árabil verið blóðheitur BMW-maður og keyrir um á glæsilegri sportkerru frá þýska bílarisanum. En Sverrir hefur ögn hófsamari bílastíl og virðist hafa fengið góðan díl frá Suzuki-umboðinu fyrir leik sinn því hann spókar sig nú um á einni slíkri kerru, stoltur og glaður.



**- fgg**


650 Laugar S-Þing
Flottur pakki




Til sölu fallegt og gott einbýlishús á yndislegum stað með 11 m einkasundlaug og heitum potti og 35 fm heilsárshús/flytjanlegt sumarhús í garðinum. Selst saman eða sitt í hvoru lagi. Verð: Tilboð. Hagstæð lán.

Atvinna: Í sumarhúsinu er nú rekin hársnyrtistofa sem gæti fylgt með í kaupunum.

Lífsgæði. Á Laugum eru góðir skólar; leik-, grunn- og framhaldsskóli, tónlistarskóli, verslun, sparisjóður, sundlaug, íþróttahús, frjálsíþróttavöllur lagður tartani upphitaður að hluta og svo mætti lengi telja. Laugar eru á adsl-svæði Símans.

Tækifæri. Í grennd eru orkurík svæði (Þeistareykir o.fl.) sem ugglaust munu nýtast til atvinnuuppbyggingar við Skjálfanda í framtíðinni. Gerð Vaðlaheiðarganga hefst brátt.



Nánari upplýsingar veita:
Vilhelm á fasteignasölunni Gelli, Akureyri, s: 461 2010
Gunnar hjá Remax Miðlun, Akureyri, gsm: 662 2939.
www.remax.is/popup/fasteign/60756 www.gellir.is


# Anita leikur með Idol-stjörnu

Íslenska leikkonan Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni The Storyteller. Þetta kemur fram á vefsíðu Internet Movie Database. Kvikmyndinni er leikstýrt af Robert A. Masciantonio en helsti karlleikari myndarinnar er Wes Bentley sem varð hvað frægastur fyrir leik sinn í American Beauty og hefur reyndar komið víða við á ferli sínum. Fram kemur á vefnum að myndin verði tekinn upp í Fíladelfíu en ekki liggur fyrir um hvað hún er.

Stjarna The Storyteller er þó án nokkurs vafa Idol-stjarnan Katharine McPhee. Hún varð í öðru sæti ameríska Idolsins fyrir tveimur árum þegar Taylor Hicks heillaði bandarísku þjóðina upp úr skónum. Ferill McPhee hefur verið nokkuð skrykkjóttur að undanförnu en hún hefur í sífellt meiri mæli verið að leggja leiklistina fyrir sig með misjöfnum árangri þó. Hún fékk þó prýðisgóða dóma fyrir leik sinn í kvikmyndinni Crazy sem fjallar um gítarleikarann og kántríhetjuna Hank Garland.

Ferill Anitu þar vestra virðist því vera í nokkuð góðum gír. Í sumar verður stórmyndin Journey 3-D frumsýnd og svo seinna á þessu ári geta íslenskir áhorfendur átt von á að sjá Anitu í annarri þáttaröð um The Tudors. Eins og kom fram í 24 stundum í gær þá var Anita einnig í miklu stjörnupartíi hjá Stellu McCartney þar sem kvikmyndin The Party með Peter Sellers var sýnd.



**Á UPPLEIÐ** Anita leikur eitt aðalhlutverkanna í nýjustu kvikmynd Katharine McPhee.


Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
Ný sending af Kakan stólum
Léttir og þægilegir - alklæddir leðri.
Model 88 með örmum
24.800,-
Hvítur með eikar fótum
Svartur með eikar fótum
Svartur með brúnum fótum
Hæð: 89 sm.
Leður: Hvítt og svart.
Model 89 án arma
16.800,-
Svartur með brúnum fótum
Hvítur með brúnum fótum
Svartur með eikar fótum
Hæð: 89 sm. Þyngd: 4,8 kg.
Leður: Hvítt, svart og brúnt.
Einnig til hvítur m. eikar fótum
og brúnn m. eikar- og br. fótum
Model 05
17.800,-
Hvítur með eikar fótum
Svartur með brúnum fótum
Brúnn með eikar fótum
Hæð: 100 sm. Þyngd: 5,9 kg.
Leður: Hvítt, svart og brúnt.
Einnig til hvítur m. br. fótum
svartur m. eikarfótum, brúnn m. br. fótum
Model VB1
18.800,-
Svartur með eikar fótum
Hvítur með brúnum fótum
Svartur með brúnum fótum
Hæð: 103 sm. Þyngd: 5,7 kg.
Leður: Hvítt, svart og brúnt.
Einnig til hvítur m. eikar fótum
brúnn m. eikar- brúnum fótum
15% afsláttur!
Kakan tungusófi / Model: 670
Leður: Hvítt, svart og rautt.
Verð 279.000,-
300x195 sm.
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAGA 11-16
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



HJÁLPUM FÓRNARLÖMBUM NÁTTÚRUHAMFARANNA Í MJANMAR (BÚRMA)



Söfnunarsími 907 2020

Rauði kross Íslands
www.raudikrossinn.is




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Galdrafár*

Það er ekki svo langt síðan ég áttaði mig á því að ég tilheyri hópi öfgasinnaðra hryðjuverkamanna. Það kom mér svolítið á óvart enda hef ég yfirleitt verið talin frekar dagfarsprúð stúlka og minnist þess varla að hafa gert flugu mein. Nú skipa ég mér hins vegar á bekk með fólki sem börn og unglingar ættu hreinlega að varast. Ég er nefnilega femínisti. Hugsið ykkur hvað þetta er svakalegt.

**FEMÍNISTI,** femínisti, femínisti. Orðið eitt og sér fær suma til að skjálfa af ótta og bræði. Lengi vel hélt ég að það að vera femínisti þýddi bara að maður vildi gera eitthvað til að jafna stöðu kynjanna. Nú hefur almannarómur hins vegar ruglað mig í ríminu og mér sýnist að almennt sé álitið að við femínistar séum stórhættulegt fólk. Það kemur svo sem ekki á óvart. Eitt helsta einkenni femínista er nefnilega að þeir eru kafloðnir og allir sem lesið hafa sinn skerf af ævintýrum og hryllingsbókmenntum vita að loðið fólk er yfirleitt vafasamt. Til dæmis varúlfar.

**KARLHATARAR,** kvenrembur, öfgakellingar og teprutruntur eru meðal þeirra skemmtilegu orða sem ég hef heyrt notuð til að lýsa femínistum. Fordómarnir eru þreytandi en ég viðurkenni nú samt að tilhugsunin um að fólk sé hrætt við mig er svolítið kitlandi. Hugsið ykkur, ég skrepp kannski í bíó og fæ mér sæti í sal fullum af fólki sem á sér einskis ills von og grunar ekki að í hópnum er stórvarasamur femínisti. Svona svipað og veslings fólkið í útlöndum sem sest upp í strætó og hefur ekki hugmynd um að á meðal þeirra er bandbrjálaður sjálfsmorðssprengjumaður.

**VIÐ** femínistar höfum ýmislegt á samviskunni. Einhvers staðar las ég að það væri okkur að kenna að strákar þurfa að læra að prjóna í grunnskóla og marga hef ég heyrt halda því fram að femínistar vilji banna flest það sem fólki finnst skemmtilegt. Súludans til dæmis. Nýjustu ásakanirnar ná síðan alveg nýjum hæðum í frumleika. Það er víst við femínista og þeirra áróður að sakast þegar stúlkur á Selfossi taka upp á því að klaga prestinn sinn fyrir ósæmilega hegðun í sinn garð. Bannsettir femínistar.

**EFLAUST** væri heimurinn svolítið einfaldari ef jafnréttissjónarmiðin hefðu aldrei fengið hljómgrunn. Þá væri enginn að spá í hvað gerðist eða gerðist ekki í kirkjunni á Selfossi og enginn myndi ergja sig á því þótt karlkyns dagskrárstjóri sjónvarps sé með hærri laun en kvenkyns dagskrárstjóri útvarps. Það þætti bara sjálfsagt mál enda öllum ljóst að konur hafa minni heila en karlar.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 9. maí, 130. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.32 | 13.24 | 22.19 |
| Akureyri | 4.00 | 13.09 | 22.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Helios**



Snyrtilegt, fjölskyldurekið íbúðahótel með fallegum og vönduðum íbúðum. Sundlaugargarður og góð aðstaða fyrir börnin.

Verðdæmi: **73.397,-**

á mann m.v. 2 með tvö börn í 2 vikur 27.ágúst
Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 2 vikur 27.ágúst: 87.343,-

**Cretan Dream Royal**



Nýlegt og fallegt íbúðarhótel aðeins 50 metra frá ströndinni. Sundlaugargarður með fyrirtaks aðstöðu fyrir börn og fullorðna.

Verðdæmi: **79.531,-**

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó með hálfu fæði í 1 viku 27.ágúst

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Á Krít tvinnast nútíminn saman við glæsta fornöld grísku eyjanna með forvitnilegum hætti; þröng stræti milli gamalla húsa og fyrsta flokks hótel við strendur Eyjahafsins. Krít er rómuð fyrir gestrisni heimamanna og daglegt líf á eyjunni er litríkt og spennandi. Gist er á úrvals hótelum í bæjunum Chania og Rethymnon og boðið er upp á fjölbreyttar kynnisferðir. Svo er líka fínt að slappa af á ströndinni eða snæða góðan mat með innfæddum.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN – LÁGMÚLA 4 – 108 REYKJAVÍK – SÍMI 585 4000 – FAX 585 4065 – INFO@UU.IS